




**SKOÐUN** Ellert Grétarsson segir undarlegt að ætla að stúta jarðminjum. 27



**MENNING** Vasulka-stofa opnuð í Listasafni Íslands á 130 ára afmæli þess. 42



**LÍFIÐ** Ungar og metnaðarfullar vinkonur gefa út tímarit til styrktar góðu málefni. 66



**SPORT** Titilvörn tvöfaldra Evrópumeistara Íslands hefst í Höllinni í kvöld. 60





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
16. október 2014
243. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Vegakerfið á langt í land**
Það mun taka fjóra áratugi að bæta vegakerfi landsins, segir vegamálastjóri. 6

**Niðurlægjandi bænir** Félags- og kynjafræðingur segir að Landspítali ætti að líta bænahóp fyrir eyddum fóstrum alvarlegum augum. 2

**Engin sérúrræði** Markviss meðferðarúrræði fyrir kynferðisafbrotamenn verða ekki í boði ef fer sem horfir. 4

**Skálum lokað** Umgengni ferðamanna á hálendinu er til skammar og loka þarf skálum. 16




26

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | | NA | 10 |
| Akureyri | 2° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 3° | | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | | NA | 5 |
| Reykjavík | 4° | | A | 4 |

**Strekkingur syðst** og NV-til á landinu í dag. Víða dálítil væta en þurrt og nokkuð bjart V-til. Hiti 0-9 stig. Gasmengun berst á NV- og V- land. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






**Á HAUS** Það verður mikið um dýrðir í sérútbúnu fimleikahöllinni í Laugardalnum í kvöld þegar íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum mætir til leiks í undankeppninni. Stelpurnar okkar eiga tvo titla að verja, en þær urðu Evrópumeistarar árið 2010 í Malmö og vörðu titilinn í Árósum í Danmörku fyrir tveimur árum. Stelpurnar hafa æft stíft fyrir mótið, en undirbúningi lauk í gær með lokaæfingu í Laugardalshöllinni. Nú er komið að alvörunni, en íslenska liðið ætlar sér þriðja titilinn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Þurfa að endursemja við lánardrottna sína

Opnun Vaðlaheiðarganga mun dragast meira en áætlanir gerðu ráð fyrir í fyrstu. Hita og raka um að kenna. Verktaki á eftir að setja saman nýja verkáætlun.

**SAMGÖNGUR** Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir að innan tíðar verði verkáætlun Vaðlaheiðarganga endurskoðuð þar sem ljóst er að verkinu verði ekki lokið í lok árs 2016 eins og núverandi áætlun segir til um. Til stóð að hefja afborganir af lánum ári eftir opnun ganganna. Valgeir segir að nú þurfi að ræða við lánardrottna vegna tafa á greiðslum.

Samkvæmt Einari Hrafni Hjálmarssyni, staðarhaldara Ósafls sem fer með framkvæmd verksins, er gerð nýrrar verkáætlunar ekki komin langt. „Ný verkáætlun er í skoðun, við erum ekki búnir að setja niður fyrir okkur hvenær hún verður klár og engin mynd komin á hana eins og staðan er núna. Nú vinnum við í því í rólegheitum.“

Lánin eru með ríkisábyrgð en enn er gert ráð fyrir að takist að semja um greiðslufrest. „Við þurfum að endursemja við lánardrottna þar sem heppilegast er að gera framtíðargreiðsluáætlun eftir að göngin hafa verið opin í eitt ár, þannig að komin verði reynsla og við vitum hver umferð um þau verður,“ segir Valgeir.

Heitt vatn Eyjafjarðarmegin hefur haft áhrif á framkvæmdina, en vatnið er 46 gráðu heitt og aðeins innar er það heitara, eða 59 gráður. „Við teljum að það fari ekki yfir sextíu gráður,“ segir Valgeir. Áður hefur verið glímt við heitt vatn í jarðgöngum hér á landi. Í Hvalfjarðargöngunum var rúmlega sextíu gráðu heitt vatn og um 75 gráður við Kárahnjúkavirkjun.



**MIKILL HITI** Verktakinn sem vinnur að gerð Vaðlaheiðarganganna segir að ný verkáætlun sé í skoðun, en ekki liggi fyrir hvenær hún verði klár. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

„Við erum hættir að bora Eyjafjarðarmegin og höfum flutt okkur yfir í Fnjóskadal. Það er ekki vatnið sem veldur okkur vanda, heldur hitinn og rakinn.“ En allt þetta hægir á framkvæmdinni. „Þetta er öðruvísi en við ætluðum okkur og upphafleg áætlun stenst ekki.“ Til stóð að vinna á tveimur borvögnum, öðrum Eyjafjarðarmegin og hinum Fnjóskadalsmegin. En í ljósi aðstæðna Eyjafjarðarmegin hefur framkvæmdum þar verið hætt tímabundið og er einungis unnið við gangagröft frá Fnjóskadal. Verkkaupi hefur þrýst á verktakann, Ósafl, um að vinna að gangagreftri á báðum stöðum. „Í sumar fórum við aðeins að þrýsta á verktakann um að hefjast handa Fnjóskadalsmegin. Í raun hófust þeir handa þremur mánuðum seinna en áætlanir gerðu ráð fyrir.“



> **Við erum hættir að bora Eyjafjarðarmegin og höfum flutt okkur yfir í Fnjóskadal.**
>
> *Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga*

Nú er búið að vinna um fjörutíu prósent af verkinu og vegna alls hefur fallið á aukakostnaður.

sveinn@frettabladid.is

Leikur krimma í Borgríki 2:

## Krakkarnir ekki hræddir

**KVIKMYNDIR** „Ég er enginn leikari. Þeir völdu mig bara út af útlitinu,“ segir Leo Sankovic. Hann fer aftur með hlutverk glæpamannsins Stanko í spennumyndinni Borgríki 2: Blóð hraustra manna, sem verður tekin til almennra sýninga á morgun.

Meðan á tökum stóð starfaði Leo á frístundaheimili í Reykjavík. Aðspurður segir hann krakkana ekkert hafa verið hrædda við sig, þrátt fyrir að hann hafi á sama tíma verið að leika blóðþyrstan krimma. Ég og krakkarnir náðum vel saman og við spiluðum oft fótbolta,“ segir hann. - fb / sjá síðu 58






## SPURNING DAGSINS



Heiðdís, er bara tómahljóð í túlkasjóðnum?

**„Ha?“**

Túlkasjóður heyrnarlausra er tómur. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, segir að með því sé verið að útiloka heyrnarlausa frá samfélaginu.

Þjóðinni og ferðamönnum kynnt þau úrræði sem í boði eru komi til náttúruhamfara hér á landi:

# Neyðarvarnaræfing fyrir þjóðina

**HJÁLPARSTARF** „Þetta er í fyrsta sinn sem Rauði krossinn fer í neyðarvarnaræfingu fyrir heila þjóð,“ segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, en samtökin hyggjast opna 48 fjöldahjálparstöðvar um allt land til þess að kynna þjóðinni þau úrræði sem í boði eru ef kemur til hamfara. „Ekki bara fyrir þjóðina heldur líka gestina okkar sem eru hér staddir,“ bætir Björn við.

Fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins eru alls um tvö hundruð talsins en ákveðið var að einbeita sér að fjölmennari stöðum á landinu.

Að sögn Björns er gosið í Holuhrauni ekki ástæðan fyrir því að Rauði krossinn ákvað að ráðast í æfinguna. „Það var í raun tilviljun ein sem réð því að náttúran hefur haldið okkur í heljargreipum undanfarnar vikur. En við vitum að hamfarir geta orðið á hvaða stundu sem er. Hvatinn er samkomulag sem Rauði krossinn hefur haft við almannavarnir síðan í Vestmannaeyjagosinu árið 1974,“ útskýrir hann en eftir gosið í Heimaey tóku hjálparsamtökin að sér að hlúa að þeim sem verða fyrir áhrifum hamfara.

Klúbbur matreiðslumeistara mun elda ofan í alla þjóðina hinn þjóðlega rétt kjötsúpu og mörg hundruð sjálfboðaliða Rauða krossins standa vaktina.

Á vefsíðu Rauða krossins er að finna upplýsingar um hvar hjálparstöðvarnar eru. **- nej**



**Í FYRSTA SINN** Björn Teitsson er upplýsingafulltrúi Rauða krossins en hann segir þetta í fyrsta sinn sem æfing af þessu tagi er haldin fyrir heila þjóð. MYND/BJÖRN



**HVENÆR Á SIGMUNDUR AFMÆLI?** Börnin spurðu margra spurninga en einum þótti fróðlegast að vita hvenær Sigmundur Davíð ætti afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nemendur á yngsta stigi Laugarnesskóla heimsóttu þingið:

# Börnin áhugasöm um Alþingi

**FÓLK Nemendur á yngsta stigi Laugarnesskóla heimsóttu Alþingishúsið í gær. Börnin voru full áhuga á þeirri virðulegu stofnun og spurðu margra einlægra spurninga á leið sinni um húsið. Einn ungu gestanna spurði meðal annars hvenær Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ætti afmæli, en svarið við þeirri spurningu er 12. mars.** **- jhh**

Flokkurinn upplýsti málið:

# Segir Framsókn hafa gert rétt

**STJÓRNSÝSLA** „Framsóknarflokkurinn upplýsti Ríkisendurskoðun um að tvö fyrirtæki hefðu greitt til flokksins umfram það sem lög heimila,“ segir Hrólfur Ölvisson, framkvæmdastjóri flokksins, í yfirlýsingu vegna fréttar blaðsins um að Ríkisendurskoðun íhugi að kæra flokkinn fyrir að taka við of háum framlögum frá tveimur fyrirtækjum. Samanlagt námu þau rúmum 100 þúsund krónum.

Hrólfur neitar því að nokkuð saknæmt hafi átt sér stað. „Viðbrögð flokksins voru þau að leiðrétta mistökin umsvifalaust þegar þau urðu ljós,“ segir Hrólfur. **- jme**

Ísland fyrir EFTA-dómstólinn:

# ESA kærir ríkið vegna vanefnda

**STJÓRNSÝSLA** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur ákveðið að stefna íslenska ríkinu vegna vanefnda á innleiðingu Evróputilskipana.

Íslenska ríkinu hefur ekki tekist að innleiða tilskipun um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkunotkun heimilistækja. Ísland átti að innleiða tilskipunina fyrir 1. júní árið 2013.

Íslensk stjórnvöld hafa fengið tækifæri til að gera bragarbót á reglum sínum, innleiða tilskipunina eða koma með rök fyrir því hvers vegna EES-reglurnar hafa ekki verið samþykktar. Það að fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn er lokaúrræði eftirlitsstofnunarinnar. **- sa**

# Nærvera bænahóps áreitni fyrir konur

Vill að Landspítalinn athugi hvort ástæða sé til að meina bænahópi að biðja fyrir framan kvennadeildina. Segir návist hans geta verið niðurlægjandi fyrir konur.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Mér finnst þetta vera áreitni og ég myndi vilja að Landspítalinn skoðaði þetta mál alvarlega með hagsmuni sinna skjólstæðinga að leiðarljósi,“ segir Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur, um þann hóp fólks sem kemur vikulega saman fyrir framan kvennadeild Landspítalans til þess að biðja fyrir eyddum fóstrum og viðhorfsbreytingum til fóstureyðinga, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Steinunn vinnur nú að bók byggðri á reynslusögum kvenna af fóstureyðingum ásamt Silju Báru Ómarsdóttur alþjóðastjórnmálafræðingi sem mun koma út á næsta ári.

Steinunn veltir fyrir sér hvort að hægt sé að fullyrða að engin kona hafi orðið fyrir óþægindum af völdum fólksins líkt og fram kom í máli félagsráðgjafa á kvennadeild í fréttinni í gær. „Áreitni þarf ekki alltaf að vera líkamleg. Hafa þau spurt konurnar eða eiga konur að þurfa greina frá því að fyrra bragði? Einnig velti ég því fyrir mér hvort sú kona sem þetta fær eitthvað á sé líkleg til þess að segja heilbrigðisstarfsfólki frá því.“

Hún bendir á að fóstureyðing sé læknisaðgerð og hana ætti ekki að fordæma frekar en aðrar aðgerðir. „Þegar ég heyri tal um að það eigi að fækka fóstureyðingum spyr ég á móti: Ætti að fækka hjartaþræðingum? Báðar eru þetta mikilvægar og nauðsynlegar aðgerðir til að fólk geti lifað góðu lífi. Ef það væri eitthvert fólk fyrir utan deildina þar sem ég væri að fara í hjartaþræðingu og væri að biðja fyrir því að ég hefði ekki hegðað mér þannig að ég þyrfti á hjartaþræðingu að halda, myndi mér finnast það niðurlægjandi og mér myndi hreinlega finnast það vera áreitni.“



**ÁREITNI** Steinunn Rögnvaldsdóttir, kynja- og félagsfræðingur, vill að Landspítalinn athugi hvort það sé skjólstæðingum hans fyrir bestu að bænahópnum sé leyft að vera fyrir framan kvennadeildina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Steinunn segir fóstureyðingar mikilvægan rétt kvenna til að ráða yfir eigin líkama. Hún óttast að ef tíðarandinn breytist í þjóðfélaginu og slík viðhorf, sem fólkið í bænahópnum viðrar, ná frekara fylgi verði réttindi kvenna skert. „Réttur kvenna til að fara í fóstureyðingu hér á landi er ekki óskoraður. Það er ekki hægt að fara í fóstureyðingu að eigin ósk heldur þarf að láta samþykkja umsókn af félagslegum eða heilbrigðisástæðum. Lögin eru því ekki beinlínis hliðholl konum þó að praktíkin sé það, þar sem maður verður ekki mikið var við að konum sé synjað um þá beiðni. Ef tíðarandinn breytist í þjóðfélaginu, líkt og fólkið fyrir framan kvennadeildina fer fram á, er aldrei að vita nema það verði farið að fara meira eftir lagarammanum og það verði ekki jafnt einfalt fyrir konur að komast í fóstureyðingu.“ **hannarut@365.is**

> **Þegar ég heyri tal um að það eigi að fækka fórstureyðingum spyr ég á móti: Ætti að fækka hjartaþræðingum?**
>
> *Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur*


# Vinnusálfræði þjónusta

**Vinnusálfræðingur nýtir sér sálfræðilegar kenningar og aðferðir til að vinna með hugsanir, hegðun, líðan og viðhorf á vinnustaðnum.**

**Þjónustan á sérstaklega vel við í tengslum við samskipti, streitu, skipulag starfsins, stjórnun, einelti og önnur krefjandi mannauðsmál.**

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu


Margir foreldrar leikskólabarna hafa áhyggjur af áhrifum gosmengunar:

# Leikskólar fylgjast með mengun

**HEILSA** Foreldrar leikskólabarna hafa margir áhyggjur af áhrifum gosmengunar á börnin sín. Leikskólastjórar fylgja flestir náið með loftgæðum og hafa börnin inni ef vafi er á að þau séu í lagi. Loftgæði voru í góðu lagi í Reykjavík í gær, enda léku börnin sér þá úti.

En loftgæðin breytast oft hratt og gosmengun hefur mælst í borginni af og til síðustu daga.

Edda Margrét Jensdóttir, leikskólastjóri á Bakkaborg, segir foreldra barnanna þar velta gosmenguninni töluvert fyrir sér þar sem börnin séu oft úti yfir daginn og margir hafi áhyggjur af áhrifum hennar. Hún segir foreldra oft hringja og athuga hvort aðstæður hafi ekki örugglega verið kannaðar en það sé alltaf gert áður en börnin fara út.

Edda Margrét segir leikskólastjóra skoða heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem hægt er að sjá hversu mikil gosmengun mælist á hverjum stað hverju sinni. Þá fylgist Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vel með gosmenguninni og sendir tilkynningar til allra grunn- og leikskóla ef ástæða þykir til. **- lvp**



**Á LEIKSKÓLA** Loftgæðin breytast oft hratt og þá þarf að bregðast við því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Spar-i-skór®
Þægilegir þrifaskór fyrir starfsmenn.
Sinntu þínum daglegu störfum og fyrirtækið
geislar af hreinlæti og sparnaði.
Þetta er ein leið til að lækka kostnað
Betri leið er að vera bara hjá Nova
VIP Fyrirtækjaþjónusta Nova, Lágmúla 9, vip@nova.is, 519 1919.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## SVONA ERUM VIÐ



**1.404** fleiri fluttu frá Íslandi en til landsins árið 2011.

**Aðflutningsjöfnuður var hagstæðari 2012 þegar 319 fluttu af landi brott umfram aðflutta.**

Segir að það þurfi pólitískt þrek og kjark til að taka á málum Ríkisútvarpsins:

# RÚV í raun og veru gjaldþrota

**ALÞINGI** Það þarf pólitískt þrek og kjark til að taka á málefnum Ríkisútvarpsins, sagði Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær.

Hann sagði stofnunina í raun gjaldþrota og tímabært að endurskoða allt er varðar opinber hlutafélög.

Karl sagði að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins drægjust saman, kostnaður við dagskrárgerð ykist og aðhaldsaðgerðir skiluðu ekki árangri.

„Ríkisútvarpið getur ekki lengur verið allt fyrir alla, að gera öllum til hæfis allan sólarhringinn gengur ekki lengur upp,“ sagði Karl.



KARL GARÐARSSON

Þingmaðurinn sagði að það þyrfti að svara áleitnum spurningum.

„Erum við tilbúin að setja tæpar 900 milljónir króna á ári í fréttaþjónustu RÚV, 300 milljónir í Rás 1, 200 milljónir í Rás 2 og 1,3 milljarða í annað sjónvarpsefni en fréttir?“ spurði hann og lauk máli sínu á því að menn yrðu að gera sér grein fyrir að uppsöfnuð fjárfestingarþörf RÚV næmi 1,5 milljörðum á næstu fjórum árum. **- jme**

Jafnt hraunflæði í gosinu:

# Skjálftavirkni hefur aukist

**NÁTTÚRA** Skjálftavirkni við Bárðarbungu hefur aukist miðað við það sem verið hefur síðastliðnar tvær vikur. Þetta kom fram á fundi vísindamannaráðs almannavarna sem haldinn var í gærmorgun.

Skjálftarnir voru um 130 talsins síðastliðinn þriðjudag en gosið í Holuhrauni hefur haldist óbreytt og hraunflæði jafnt.

Rúmmál sigsins í miðju Bárðarbungu er nú metið 0,75 rúmkílómetrar en það sígur enn um þrjátíu til fjörutíu sentimetra á dag. **- nej**



JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Að þekkja raunveruleikann:

# Hráefnisverð verði lækkað

**ALÞINGI** „Er því eitthvað til fyrirstöðu að forsætisnefnd biðji eldhús þingsins um að hráefniskostnaður í hádegismat þingsins sé lækkaður úr 550 krónum í 248 krónur?“ spurði Jón Þór Ólafsson, þingmaður pírata, á Alþingi í gær. Þingmaðurinn var að vísa til umræðu síðustu daga um að samkvæmt virðisaukaskattsfrumvarpinu væri gert ráð fyrir að hver máltíð einstaklings kostaði 248 krónur. Jón Þór sagði að þingmenn yrðu að þekkja raunveruleikann þegar þeir tækju ákvarðanir um skatta sem eiga að leggjast á mat. **- jme**

Lions gefur Landspítalanum:

# Fékk tvö augnlækningatæki

**HEILBRIGÐISMÁL** Lionshreyfingin hefur gefið Landspítalanum tvö tæki til augnlækninga, annars vegar sjónsviðsmæli sem leysir af hólmi eldra tæki spítalans og hins vegar nýtt tæki sem greinir augnsjúkdóma í nýfæddum og ungum börnum.

Tækin tvö kosta samtals um tíu milljónir króna.

Sjónsviðsmælirinn nýtist meðal annars við greiningu á gláku og til að fylgjast með framvindu sjúkdómsins. Með hinu tækinu er unnt að greina augnsjúkdóma í nýfæddum og ungum börnum. **- jme**

# Hætt við sérúrræði fyrir kynferðisbrotamenn

Í nýju fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir að haldið verði áfram markvissu meðferðarúrræði innan Fangelsismálastofnunar sem sneri að meðferð afbrotamanna sem brotið hafa gegn börnum.

**VELFERÐARMÁL** „Tilgangurinn með þessari vinnu er að gera meðferð afbrotamanna, sem brotið hafa gegn börnum, markvissa og draga þannig úr líkum á endurteknum brotum að lokinni afplánun,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri. Í nýju fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir að haldið verði áfram með sérstakt úrræði sem sneri að því að byggja upp markviss meðferðarúrræði fyrir fanga sem brotið hafa kynferðislega gegn börnum.

Í apríl í fyrra skilaði nefnd, sem skipuð var af forsætisráðuneytinu og Ágúst Ólafur Ágústsson var í forsvari fyrir, frá sér tillögum sem sneru að úrbótum í þeim málaflokki sem snýr að kynferðisbrotum gegn börnum. Meðal þeirra tillagna sem nefndin lagði fyrir var að fá sérfræðing í stöðu innan Fangelsismálastofnunar til þess að móta meðferð fyrir fanga sem brotið hafa gegn börnum. Í nýju fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir því að þessari vinnu verði haldið áfram.

„Það er dapurlegt að sjá að stjórnarflokkarnir ætli að draga til baka þá fjármuni sem höfðu sérstaklega farið í að bregðast við því neyðarástandi sem blasti við,“ segir Ágúst Ólafur. Nefndin skilaði frá sér tillögum sem sneru að bættum úrbótum í þessum málaflokki. Samþykkt var að leggja 79 milljónir í tillögur nefndarinnar. Í nýju fjárlagafrumvarpi er ljóst að skorið verður töluvert niður í þeim tillögum. „Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu missir 30 milljónir sem tryggja áttu skilvirk úrræði fyrir þolendur þessara brota, ríkissaksóknari missir 10 milljónir sem voru eyrnamerktar starfinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum missir sínar 10 milljónir eins og Fangelsismálastofnun gerir og þá missir ríkislögreglustjóri sínar þrjár milljónir sem áttu að fara í þennan málaflokk,“ segir Ágúst.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



PÁLL WINKEL

Meðal þess sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu er sérstök meðferð fyrir gerendur kynferðisbrota sem snúa að börnum. Sérfræðingur hafði verið ráðinn í fulla stöðu hjá Fangelsismálastofnun sem átti að vinna að því að búa til og kortleggja meðferðir fyrir þennan hóp. „Hluti þessara fjármuna átti til dæmis að fara í að þróa bæði meðferðarúrræði og áhættumat fyrir gerendur en einnig í að þróa úrræði fyrir þá sem hugsanlega eru að hugsa um að brjóta á börnum. En það er vandi sem er auðvitað ekki leystur enda á eftir að dæma eitthvað af þessum gerendum fari málin til dóms,“ segir Ágúst.

Sálfræðingurinn sem gegndi stöðunni hafði verið að móta starfið undanfarið ár og hafði einnig hafið vinnu með föngum. „Þetta var og er mikilvæg viðbót við okkar starf. Það hafa starfað hjá okkur á bilinu 1-3 sálfræðingar og það er ljóst að það er ekki hægt að ná að sinna mörg hundruð föngum og fyrrverandi föngum með markvissum hætti með þeim fjölda,“ segir Páll.



**MEÐFERÐ AFBROTAMANNA** Ein tillaga nefndarinnar var að búa til meðferðarúrræði fyrir fanga sem brotið hafa gegn börnum.

Hann segir stofnunina hafa bundið miklar vonir við þetta úrræði sem og önnur sem nefndin kom með. „Ég er algjörlega sammála niðurstöðum þessa vinnuhóps en það er niðurskurður hér eins og annars staðar.“

Ágúst segir einkennilegt að skorið sé niður í þessum málaflokki. Vandinn hafi verið brýnn og mikilvægt að leysa þessi mál. „Að þessi mál séu ekki í forgangi er með ólíkindum en ekki eru þetta háar upphæðir sem um ræðir. En það er enn tími til að kippa þessu í liðinn því frumvarpið er í höndum einstakra stjórnarþingmanna. Þeir geta breytt þessu ef þeir vilja,“ segir hann.

**viktoria@frettabladid.is**

➜ Meðal þess sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu er sérstök meðferð fyrir gerendur kynferðisbrota sem snúa að börnum.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 20° | New York | 21° |
| Aþena | 30° | Gautaborg | 14° | Orlando | 25° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 14° | Ósló | 5° |
| Berlín | 15° | Las Palmas | 26° | París | 19° |
| Billund | 16° | London | 18° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 17° | Mallorca | 28° | Stokkhólmur | 8° |




**Á MORGUN** 6-15 m/s V-til, að 18 m/s syðst en hægara NA-til.




**LAUGARDAGUR** Víða allhvasst eða hvass vindur.

**BJART V-LANDS** í dag og á morgun en dálítil væta víða annars staðar. Allhvasst eða hvasst um helgina með úrkomu í öllum landshlutum. Víða vægt næturfrost en hiti 0-9 stig yfir daginn, heldur hlýnandi um helgina.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# SUDDALEGA FLOTTUR RAV4

## ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR




## Suddalega góður haustpakki

að verðmæti 430.000 kr. fylgir nýjum RAV4* í haust í takmarkaðan tíma.



**Gúmmímotta í skott**



**Aurhlífasett að framan og aftan**



**Glugga-vindhlífar**



**Dráttarbeisli**



**Heilsársdekk frá Goodyear**

Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4, ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi akstursseiginleika. Fáðu þér suddalega flottan RAV4 í haust hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota meðan tilboðið varir.

Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

**Verð frá: 5.370.000 kr.**
Útborgun: 537.000 kr.**

Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir **Lykill**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2013

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. RAV4 2.2l dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP. *Haustpakkinn fylgir ekki með RAV4 GX Plus 2.0 dísil, 6 gíra. **Miðað við 90% lánshlutfall hjá Lykli – nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða sjóður heyrnarlausra er galtómur?
**2.** Hvað komast margir farþegar og bílar í nýja Breiðafjarðarferju?
**3.** Hvað taka mörg íslensk lið þátt í Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum?

**SVÖR:**
**1.** Túlkasjóður **2.** 280 manns og 55 bílar **3.** Fimm.

Ráðherra segir að nú sé enginn Íslendingur á biðlista eftir hjartaígræðslu:

# Tíu á biðlista eftir að fá nýra

**HEILBRIGÐISMÁL** Tíu Íslendingar bíða þess að fá grætt í sig nýra.

Enginn er á biðlista eftir nýju hjarta en einn bíður eftir nýrri lifur og annar eftir lunga.

Þetta kemur fram í svörum Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingkonu Framsóknar.

Í nokkrum tilvikum hefur biðtíminn eftir nýrri lifur verið of langur að mati lifrarlækna á Landspítalanum.

Árið 2012 lést sjúklingur sem var á biðlista fyrir bæði lifur og nýru en árið áður var sjúklingur með lifrarfrumukrabbamein metinn óskurðtækur eftir sex mánaða bið og því tekinn af biðlista.

Meðalbiðtími eftir nýra frá látnum gjafa hefur verið 23 mánuðir en biðtíminn er æði misjafn. Þannig getur hann verið allt frá tveimur mánuðum upp í sjö og hálft ár. „Alls hafa fimm einstaklingar beðið í þrjú ár eða lengur,“ segir enn fremur í svari heilbrigðisráðherra. **- ak**



**LANGUR BIÐTÍMI** Í svari ráðherra kemur fram að í nokkrum tilvikum hafi biðtími eftir nýrri lifur verið of langur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Séra Jón Dalbú hættir:

# Kveður söfnuð sinn á sunnudag

**TRÚMÁL** Séra Jón Dalbú Hróbjartsson hefur ákveðið að láta af störfum sem prestur og sóknarprestur Hallgrímskirkju. Hann kveður söfnuð sinn á sunnudaginn. Hann hefur einnig verið sóknarprestur í Laugarneskirkju og þjónað íslenskum söfnuðum erlendis. Hann stofnaði meðal annars söfnuð í Gautaborg 1994.

Jón þjónaði í Hallgrímskirkju í 17 ár. Hann átti meðal annars þátt í að koma á messuþjónahópum í messuhaldi kirkna. **- nej**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Mikil verðhækkun

Mikil verðhækkun hefur orðið á sjófrystum karfa- og ufsaafurðum á þessu ári, að því er fram kemur á vef HB Granda. Verð á 300-500 gramma ullkarfa hefur til að mynda hækkað um 33 prósent. „Viðbrögð við því hafa verið að auka vægi sjófrystingar á kostnað landfrystra afurða fyrir þessar tegundir,“ segir Smári Einarsson, sölustjóri hjá HB Granda, á vef fyrirtækisins.

## STJÓRNMÁL

### Nýjar hættur

Varðberg boðar til hádegisfundar með Birgi Ármannssyni, formanni utanríkismálanefndar Alþingis, í Þjóðminjasafninu í dag. Þar verða heimsmálin rædd, en fyrir fáeinum vikum komu leiðtogar NATO-ríkjanna saman til fundar í Wales til að ræða samskipti Rússa og Úkraínumanna. Í byrjun mánaðar tók Jens Stoltenberg við embætti framkvæmdastjóra NATO af Anders Fogh Rasmussen.











# Tekur 40 ár að bæta vegakerfið svo vel sé

**Óbreyttar áherslur í nýbyggingum í vegakerfinu þýða að settum markmiðum verður ekki náð fyrr en 2055. Markmið samgönguáætlunar 2011 til 2022 kosta 385 milljarða. Minna en tíundi hluti þess hefur verið lagður í framkvæmdir 2011 til 2015.**

**SAMGÖNGUR** Með óbreyttum fjárframlögum til nýframkvæmda í vegakerfinu mun það taka rúma fjóra áratugi að uppfylla framkvæmdamarkmiðin sem sett eru fram í samgönguáætlun áranna 2011 til 2022. Mjög aðkallandi og fjölbreytt verkefni bíða í öllum landsfjórðungum.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir að framkvæmdamarkmiðin í samgönguáætluninni séu til að sýna umfang verkefnisins í heild, og hvað er talið nauðsynleg uppbygging. Enginn hafi gert ráð fyrir að raunhæft væri að ná þeim innan þessa tímaramma en framtíðarsýnin sé hins vegar á hægagangi.



**HREINN HARALDSSON**

„Við vitum ekki hvaða fjármagn verður sett í þetta á næstu árum en það er auðvelt að reikna að ef áfram verða settir um 10 milljarðar á ári í framkvæmdir tekur þetta um 40 ár,“ segir Hreinn.

Framkvæmdamarkmið samgönguáætlunarinnar leggja sig á um 385 milljarða króna á verðlagi dagsins. Það skiptist í þrennt: 236 milljarðar í stofnvegi, 35 milljarðar í tengivegi og 94 milljarðar til jarðgangagerðar.

Árin 2011 og 2012 voru settir rúmir sex milljarðar á ári í nýjar framkvæmdir á ári; um 7,5 milljarðar árið 2013. Á þessu ári voru rúmir átta milljarðar settir í nýframkvæmdir og tæpir níu milljarðar eru eyrnamerktir þessum verkefnum á næsta ári. Á þessum fimm árum renna því 36,5 milljarðar til málaflokksins, og nær ekki tíunda hluta þeirra miða sem sett hafa verið fram um uppbygginu.

„Varðandi það hversu háa upphæð þyrfti að setja í þessa uppbyggingu svo vel sé gæti ég nefnt, án þess að vera með einhverja gífurlega óskhyggju, að ef settir væru t.d. 15 milljarðar í almenna vega- og brúagerð á ári og þrír til fjórir milljarðar í jarðgöng, myndi okkur miða vel áfram í átt að ásættanlegu vegakerfi í landinu,“ segir Hreinn.

svavar@frettabladid.is



**VEGAGERÐ** Helmingi meira fjármagn á ári til vegagerðar myndi fleyta þjóðinni hratt nær ásættanlegu vegakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mörg krefjandi verkefni eru aðkallandi

Þegar Hreinn er spurður um þær framkvæmdir sem honum eru efstar í huga, þá nefnir hann án undirbúnings að Vestfirðir sitji eftir varðandi almenna uppbygginu vega. Þá sé einnig eftir töluvert átak á Norðausturhorninu á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar. Hreinn nefnir sérstaklega veginn um Öxi sem á sínum tíma var kominn á útboðsstig.

Hreinn nefnir átak í að breikka og styrkja helstu flutningsleiðir út frá höfuðborgarsvæðinu; til Akureyrar, í Vík og á Ísafjörð. Auk þess þurfi að aðskilja akstursstefnur á fjölfarnari vegum vegna umferðaröryggis.

Hreinn segir að margar stórbrýr verði að komast á dagskrá í nánni framtíð, t.d. Jökulsá á Sólheimasandi, Ölfusárbrú, Jökulsá á Fjöllum, Skjálfandafljót, Lagarfljótsbrú og brú yfir Hornafjarðarfljót. Og enn fleiri styttri brýr, segir Hreinn.

Þá séu ótalin jarðgöng sem bíða í röðum, endurbætur á hálendisvegum og ýmsum ferðamannaleiðum og að leggja bundið slitlag á fjölfarnari malarvegi en alls staðar bíða mörg verkefni á því sviði.

Á höfuðborgarsvæðinu bíða stór verkefni; Sundabraut og Arnarnesvegur og endurbygging hættulegra gatnamóta.

Annar heilbrigðisstarfsmaður smitaður af ebólu í Bandaríkjunum:

# Ráðstafanir voru ófullnægjandi

**BANDARÍKIN, AP** Heilbrigðisstarfsfólk í Bandaríkjunum og á Spáni hefur gagnrýnt fyrirkomulagið sem haft var þegar tekið var á móti ebólusjúklingum frá Afríku.

Á Spáni hefur ein hjúkrunarkona smitast og í Bandaríkjunum hafa tveir hjúkrunarfræðingar smitast eftir að hafa unnið við umönnun ebólusjúklinga.

Yfirmaður bandarísku smitsjúkdómastofnunarinnar CDC viðurkennir að ekki hafi verið gerðar nógu strangar ráðstafanir á sjúkrahúsunum.

„Við hefðum getað sent á vettvang öflugra eftirlitsteymi til að fylgjast með smithættu á sjúkrahúsinu. Við hefðum einnig getað tekið fastar á því gagnvart sjúkrahúsinu strax frá fyrsta degi hvernig nákvæmlega ætti að bregðast við,“ segir Tom Frieden. Það hefði getað komið í veg fyrir smit.

Hálfum mánuði áður var hann ekki jafn áhyggjufullur: „Í sjálfu sér getur hvaða sjúkrahús sem er í landinu sinnt ebólusjúklingum. Það þarf ekki sérstaka sjúkrastofu til þess,“ sagði hann þá. **- gb**



**BANDARÍSKIR HERMENN** Búa sig undir að takast á við ebóluna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Reykjavík **Makeup** Journal er komið út!







**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGUR**

Að því tilefni afnemum við virðisaukaskatt af öllum snyrtivörum í dag 16. okt.

100 síðna tímarit stútfullt af fróðleik bíður þín í næstu verslun, frítt!

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Afli Íslendinga af úthafskarfa hefur fallið úr 57.000 tonnum frá því þegar best lét árið 1996 niður í tæp 2.500 í ár:

# Veiði á úthafskarfa aldrei minni síðan bein sókn hófst

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli í úthafskarfa hefur aldrei verið minni síðan íslensk skip hófu beina sókn á karfaslóðina á Reykjaneshrygg.

Vertíðinni þetta árið er lokið og fengust aðeins 2.436 tonn af úthafskarfa. Í fyrra var aflinn hins vegar 8.617 tonn. Á velmektarárum úthafskarfaveiða Íslendinga frá 1994 til 2004 var heildarafli íslensku skipanna á bilinu 28.000 til 47.000 tonn, og fór yfir 57.000 tonn árið 1996 þegar mest var. Það ár var heildarveiði allra þjóða 140.000 tonn.

Kristján Kristinsson, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, segir að þegar allt er talið hafi veiðin því minnkað um 100.000 tonn frá 1996.

Spurður hvort um ofveiði sé að ræða, eða hvort skýringarnar séu flóknari, segir Kristján ljóst að það hefur verið veitt langt umfram ráðleggingar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) síðastliðin tíu ár eða svo, og langt umfram afrakstursgetu stofnsins. Vísitölur úr úthafskarfaleiðöngrum frá 1999 sýni það, en hún hefur lækkað umtalsvert frá árinu 2001 þegar hún var hæst, eða úr einni milljón tonna í 280.000 tonn.

Með samkomulagi árið 2011, sem var tekið meðal allra aðila innan NEAFC nema Rússa, var ákveðið að draga úr veiðum, og að árið 2014 yrði aflamarkið það sama og ráðleggingar ICES. Rússar standa hins vegar utan þessa samkomulags og setja sér einhliða aflamark, sem útskýrir að stórum hluta að afli er mun meiri en ráðgjöf ICES.

Kristján slær hins vegar þann varnagla að veiðar á úthafskarfa séu öðrum veiðum ólíkar; afli eða aflabrögð virðist segja lítið um ástand stofnsins. Í fyrra voru aflabrögð gríðarlega góð og hratt gekk hjá öllum þjóðum að ná sínum kvóta. Árið áður voru þau mjög léleg, en þokkalega gekk árin 2009-2011. - shá



**Í HÖFN** Í fyrra tók það skip HB Granda innan við hálfan mánuð að klára úthafskarfakvóta sinn og veiði var góð. MYND/HGGRANDI

# Breytt í íbúðarhús þrátt fyrir hörð mótmæli nágrannanna

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar heimilar að efri hæðum verslunar- og skrifstofuhússins á Strandgötu 31-33 verði breytt í íbúðir og að fjórðu hæðinni verði bætt við. Nágrannarnir telja vegið að hagsmunum sínum.

**SKIPULAGSMÁL** „Það þarf að glæða miðbæinn lífi. Þetta er eitt af því sem gæti mögulega gert það,“ segir Ásdís Helga Ágústsdóttir, hjá Yrki arkitektum sem standa að því að breyta efri hæðum verslunar- og skrifstofuhússins á Strandgötu 31-33 í Hafnarfirði í fjölbýlishús.

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt að breyta deiliskipulagi svo áform Yrkis geti gengið eftir. Yrki gerði Hafnarfjarðarbæ og Landsbankanum kauptilboð í húsið með fyrirvara um samþykki fyrir íbúðum sem verða 20 til 25 talsins. Byggð verður inndregin fjórða hæð ofan á húsið og þar verða íbúðir sem og á annarri og þriðju hæð. Áfram verða verslanir á jarðhæðinni.

Nágrannarnir eru ekki allir hrifnir og bárust fjölmargar athugasemdir, þar af níu skriflegar. „Ef tillaga Yrkis arkitekta hefði verið uppi á borðinu árið 2004 hefði ég ekki einu sinni leitt hugann að því að kaupa lóðina að Gunnarssundi,“ segir í athugasemd konu sem býr í Gunnarssundi aftan við Strandgötu 31-33. Hún telji íbúðablokk í bakgarðinum rýra verðgildi húss hennar og lífsgæði þeirra sem þar búa.

„Ég tel að í þessu tilviki sé Hafnarfjarðarbær að fórna hagsmunum íbúa Hafnarfjarðar fyrir hagsmuni fjárfesta sem vilja græða sem mest,“ segir konan og krefst þess að bærinn kaupi hús hennar verði breytingin samþykkt.

„Að mínu mati er búið að eyðileggja svolítið miðbæinn í Hafnarfirði með því að setja íbúðabyggð um næstum alla Strandgötuna,“ segir íbúi við Austurgötu. „Ekkert er að finna í gildandi deiliskipulagi né aðalskipulagi sem takmarkar eða kemur í veg fyrir að efri hæðum þessara húsa sé breytt í íbúðarhús með verslun og þjónustu í götuhæð,“ svarar skipulagssvið bæjarins í umsögn. Í aðalskipulagi segi að þar sem aðstæður leyfi megi gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Þá segir skipulagssviðið málið ekki vera fordæmisgefandi því aðeins fjögur hús við norðanverða Strandgötu gætu tekið slíkum breytingum. „Það væri alvarleg hugsanavilla ef sótt væri um sambærilega stækkun við járnvarin timburhús, byggingar með bröttum mænisþökum eða hús sem bera til dæmis sterk einkenni hins íslenska afbrigðis af notagildisstefnunni.“

Skipulagssvið segir að umhverfisgæði verði ekki skert. „Með breytingu í íbúðir, þá aukast að vísu líkur á umgangi fólks um lóð og næsta nágrenni eftir að vinnudegi lýkur, en nágrannavarsla og samkennd ætti frekar að aukast. Innsýn í íbúðir og skerðing á einkahögum fólks við slíkar aðstæður eykst ekki frá því sem nú er.“

gar@frettabladid.is



**STRANDGATA 31-33** Þannig sjá Yrki arkitektar fyrir sér húsið eftir breytingar. Bætt verður inndreginni hæð ofan á húsið og svalir byggðar utan á húsið. Á innfelldu myndinni sést hvernig húsið lítur út í dag. MYND/YRKI ARKITEKTAR

**Í DAG** Þannig lítur Strandgata 31-33 út í dag. Bærinn hefur haft skrifstofur á efri hæðunum sem nú eru hálftómar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁKVÖRÐUN STENDUR** Umgengni veldur truflun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tólf ára drengur í Reykjavík:

## Ekki neyddur á fund kynmóður

**DÓMSMÁL** Tólf ára drengur í Reykjavík þarf ekki að hitta kynmóður sína gegn vilja sínum segir kærunefnd barnaverndarmála sem þar með staðfestir ákvörðun Barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Drengurinn var settur í fóstur tveggja ára gamall og býr nú hjá fósturfóður sínum. Kynmóðir hans hafði áður umgengni við drenginn tvisvar á ári í þrjár klukkustundir í senn. Drengurinn á sammæðra yngri systur sem einnig er undir forsjá Barnaverndarnefndar. Fram kemur í úrskurði að umgengni við móðurina valdi drengnum truflun og umgengni við hana fari augljóslega gegn hagsmunum hans. - gar

Kavíar hefur lækkað í verði:

## Meira grætt á útflutningi hrogna

**IÐNAÐUR** Útflutningsverð á söltuðum grásleppuhrognum hefur hækkað um 5,5 prósent á fyrstu átta mánuðum ársins. Þannig fást nú 800 evrur fyrir tunnuna miðað við 450 evrur árið 2013. Frá þessu er greint í tilkynningu frá Landssambandi smábátaeigenda.

Öðru máli gegnir um kavíar en verð á honum hefur lækkað eftir verðhrun á hráefninu. Hvert kíló skilar nú um fjórtán prósent lægri fjárhæð í evrum talið en á sama tímabili árið 2013. - nej






Náttúran mun þola betur ágang ferðamanna:

## Byggja tröppur og palla við Hjálparfoss

**NÁTTÚRA** Vel gengur að smíða tröppur og palla fyrir gesti sem koma til að skoða Hjálparfoss og umhverfi hans. Á vef Skógræktar ríkisins kemur fram að lagðir verða vel afmarkaðir stígar og ætti svæðið því að þola betur sívaxandi straum ferðamanna. Gróður hafði mjög látið á sjá við Hjálparfoss allra síðustu ár. Fossinn er í landi Skógræktar ríkisins og tekur Skógræktin þátt í umsjón svæðisins ásamt sveitarfélaginu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Áætlað er að framkvæmdirnar við fossinn kosti um sex milljónir króna. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, undirritaði í lok maí reglugerð um úthlutun styrkja vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum sumarið 2014. Markmiðið var að styrkja sérstaklega framkvæmdir á gönguleiðum og göngustígum sem lægju undir skemmdum. Hjálparfoss var einn þeirra staða. - jhh



**FOSSINN** Hjálparfoss er á Suðurlandi og er einn af fallegustu fossum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BOSCH
Invented for life

# Verðlækkun

**Við kveðjum vörugjöldin strax í dag og lækkum verð á öllum heimilistækjum, sem bera vörugjöld, um 20% til áramóta.**



Þetta gildir um **bakstursofna, helluborð, eldavélar, uppþvottavélar, kæliskápa, þvottavélar** og **þurrkara**.

**BOSCH**

**BÚÐIN**

Hlíðasmára 3    www.bosch.is    Sími 520 3090

Hönnun vel á veg komin:

# Ný ferja til Eyja kynnt á föstudag

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hönnun nýrrar Vestmannaeyjuferju er vel á veg komin og er hún um margt frábrugðin Herjólfi samkvæmt heimildum Eyjar.net sem fjallaði um málið í gær.

Opinn fundur um hönnun og smíði ferjunnar verður haldinn í Höllinni á Heimaey á morgun. Fram kemur á Eyjar.net að þar verði fyrirliggjandi hönnun kynnt. - nej

Sýslumaður á Vestfjörðum:

# Ísafjörður talinn heppilegur

**STJÓRNSÝSLA** „Bæjarráð Bolungarvíkur telur eðlilegast að aðsetur sýslumannsins á Vestfjörðum sé á Ísafirði ef víkja á frá þeirri stefnu sem mörkuð var í upphaflegri tillögu að aðalskrifstofa sýslumannsins verði í Bolungarvík,“ segir í fundargerð ráðsins frá fundi þess síðastliðinn þriðjudag.

Bæjarráðið benti á Bolungarvík sem mögulega staðsetningu fyrir embættið en gerði þó enga kröfu þess efnis. - nej

# Pólitíkusar í ruslið

Almenningur í Úkraínu virðist búinn að fá sig fullsaddan af stjórnmálamönnum og embættismönnum. Þingkosningar eru á dagskrá 26. október.



**VATNI SKVETT Á ÞINGMENN** Margir þeirra hafa undanfarið orðið fyrir dálítið meiri óþægindum en að blotna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÚKRAÍNA, AP** Í Úkraínu hefur undanfarið komist í tísku að setja stjórnmálamenn og embættismenn í ruslið. Og það bókstaflega, í sumum tilvikum að minnsta kosti.

Sjáist þeir úti á götu mega þeir eiga von á því að múgur manns sópist að þeim og kasti hvers kyns rusli í þá, eða grípi þá jafnvel og hendi þeim ofan í ruslagáma. Myndböndum af slíku er dreift á samfélagsmiðlunum og hljóta góðar viðtökur.

„Ruslatunnuhreinsanir“ er orðið, sem notað er um þetta, og er þá greinilega verið að vísa með harla óskammfeilnum hætti til hinna alræmdu „hreinsana“ Stalíns í Sovétríkjunum.

Almenningur virðist að minnsta kosti búinn að fá sig fullsaddan af ráðamönnum. Eftir að Viktori Janúkóvitsj forseta var steypt af stóli síðasta vetur hafa umbætur í stjórnkerfinu verið afar hægar og ekkert lát virðist vera á spillingunni.

„Fólk hefur ekki séð neinar raunverulegar breytingar. Fólk sér ekki neitt réttlæti,“ segir Maxim Latsyba, yfirmaður óháðrar rannsóknarstofnunar í stjórnmálafræði í Úkraínu. „Þegar samfélagsmiðlarnir eru skoðaðir þá má sjá alls kyns teikningar, ljósmyndir og brandara um þessi mál. Það sýnir að fólk er ánægt með þetta.“

Í lok næstu viku verða þingkosningar haldnar í Úkraínu, en stemningin í landinu virðist þess eðlis að þeir sem hæst hafa um fáránleika stjórnmálanna eiga mesta möguleika á kjöri.

Einhver átök hafa haldið áfram í austurhluta landsins, þrátt fyrir samþykkt um vopnahlé í apríl. Þar á stjórnarherinn í höggi við uppreisnarmenn, sem vilja tengjast Rússlandi nánari böndum.

Vopnahléið, þótt takmarkað sé, hefur engu að síður orðið til þess að draga athyglina að stjórninni í Kænugarði og sú athygli hefur ekki alltaf komið sér vel fyrir stjórnina.

„Neytendur eru farnir að velta fyrir sér örlögum gjaldmiðilsins og horfum á verðbólgustökki og öll veltum við því fyrir okkur hvað það verður sem tekið verður frá Úkraínubúum á komandi vetri,“ skrifar dálkahöfundurinn Jegor Strúsjkín í vikuritið Kommentarí.

gudsteinn@frettabladid.is







Á LAND ROVER DISCOVERY 4

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýri og loftpúðafjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga eru breyttur framendi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtæki.

**Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.**
**Eldsneytisnotkun 8,8 l/100 km* í blönduðum akstri.**

BL

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
HAUSTÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
ENN MEIRI
LÆKKUN
50-70% AFSL.
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ
redherring
DÖMU OG HERRA
FÖT, SKÓR, TÖSKUR OG FYLGIHLUTIR
Gildir út sunnudag
NÝTT KORTATÍMABIL
OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook






**NEMENDUM FÆKKAR** Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að framhaldsskólarnir hætti að taka við nemendum sem eru orðnir 25 ára. Við það fækkar nemendum skólanna um fimm prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mun fækka um 5 prósent

**Möguleikar ungs fólks á landsbyggðinni til náms eru skertir, segir þingmaður. Ráðherra segir að í fjárlögum fái framhaldsskólar landsins aukið fé á næsta ári.**

**MENNTAMÁL** „Fjöldatakmarkanir í framhaldsskóla skerða aðgengi fólks að menntun og koma harðast niður á ungu fólki á landsbyggðinni,“ sagði Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, á Alþingi í gær, í sérstakri umræðu um framhaldsskólann.

Samkvæmt áformum menntamálaráðherra fá þeir sem orðnir eru 25 ára og eldri ekki aðgang að bóknámsbrautum í framhaldsskólum á næsta ári. Við það fækkar heilsársnemendum framhaldsskólanna um 916, sem þýðir tæplega fimm prósenta fækkun.

Mest fækkun nemenda verður í Fjölbrautaskólanum á Snæfellsnesi, 18 prósent, og Fjölbrautaskólanum á Tröllaskaga en þar fækkar nemendum um 17 prósent.

Oddný telur stjórnvöld skammsýn. Metnaðarleysi einkenni vinnubrögðin, alla framtíðarsýn skorti í mennta- og byggðamálum. Hún benti á að störfum úti á landi myndi fækka um leið og nemendum skólanna fækkar.

„Við þetta sparast fjármagn sem á að nota til að mæta karasamningum kennara,“ sagði Oddný.



**ODDNÝ HARÐARDÓTTIR**



**ILLUGI GUNNARSSON**

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra neitaði því að það væri verið að skera niður til framhaldsskólans í fjárlögum næsta árs. Þvert á móti væri verið að auka framlögin til framhaldsskólans.

Illugi sagði að hann teldi skynsamlegast til lengri tíma litið að horfa á framhaldsskólana sem ungmennaskóla og hafa önnur úrræði fyrir þá sem væru eldri. Þá þyrftu þeir ekki að setjast á skólabekk með 16 ára unglingum.

Það væri hægt að fara aðrar leiðir til þess að komast í háskóla en fara í framhaldsskóla.

Þá ítrekaði Illugi að þeir sem væru 25 ára gætu komist í verknám enda væri meðalaldur verknámsnemenda 25 ár. - jme




**GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM** Líklegt þykir að ekkert verði úr kaupum sveitarfélaga á jörðinni.

Skuldsett félag í eigu norðlenskra sveitarfélaga:

# Markmiðið félagsins að leigja Nubo jörð

**VIÐSKIPTI** GáF, samstarfsverkefni sveitarfélaga á NA-landi með það markmið að kaupa Grímsstaði á Fjöllum, skuldar um tíu milljónir króna. Engin starfsemi er í félaginu. Markmið félagsins er að leigja kínverska auðjöfrinum Huang Nubo jörðina. Tvö sveitarfélög, Akureyri og Norðurþing, íhuga stöðu sína í félaginu.

Oddur Helgi Halldórsson, stjórnarmaður í GáF, segir að engin starfsemi sé í félaginu og stjórnarseta í félaginu sé launalaus. Þær skuldir sem félagið býr við í dag séu vegna ákveðinna verkefna sem voru unnin í upphafi.

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, telur sveitarfélagið þurfa að kanna stöðu sína í félaginu. „Við verðum að svara þeirri spurningu hvort þetta sé eitt af hlutverkum sveitarfélaga að kaupa jarðir til þess að leigja þær út. Þetta verður skoðað með nýrri stjórn þegar hún tekur við,“ segir Kristján Þór.

Undir þetta tekur Logi Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar á Akureyri. „Það er mín skoðun að Akureyri eigi alvarlega að íhuga stöðu sína í þessu tilviki.“ - sa

# netto

Kræsingar & kostakjör




**VERÐ-SPRENGJA!**

## HAMBORGARHRYGGUR
MEÐ BEINI
~~VERÐ ÁÐUR 1.998,-~~

-50%

**999** KR/KG




-27%

**HANGIFRAMPARTUR**
SAGAÐUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.598,-
**1.167,-**



-35%

**LAMBAINNRALÆRI**
FERSKT
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.957,-
**2.572,-**



-43%

**KJÚKLINGAVÆNGIR**
TEX MEX
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 698,-
**398,-**



-40%

**KENGÚRA**
FILE
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 4.998,-
**2.999,-**




-20%

**BACONBÚÐINGUR**
490 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-
**359,-**



**KALKÚNN DOUX**
HEILL 4 KG/HEILL 5KG
KÍLÓVERÐ
**1.298,-**




-30%

**OPAL LAXAUMSLÖG**
RJÓMAOSTUR, HNETUR
OG MANGO CHUTNEY
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.798,-
**1.259,-**

**Tilboðin gilda 16. – 19. okt 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




# 10% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM MS OSTUM OG HEIMILIS-JÓGÚRT






-42%

**OKKAR GRÆNMETISBUFF**
800 G
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 1.198,-

# 695,-




-30%

**NICE'N EASY PIZZUR**
4 TEGUNDIR
**STYKKJAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 426,-

# 298,-




**SMÁ RÍS EÐA DRAUMUR**
FREYJA
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 299,-

# 269,-



-29%

**JARÐARBER FROSIN**
GEAT TASTE 1 KG
**STYKKJAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 489,-

# 349,-



-50%

**APPELSÍNUR**
SUÐUR AFRÍKA
**KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 249,-

# 125,-

**www.netto.is**

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Umgengni skelfilegri en orð fá lýst

Ferðafélag Íslands telur sér nauðugan einn kost að loka skálum sínum á hálendinu vegna umgengni ferðamanna. Skálar verða aðeins opnir ef skálavarsla er möguleg. Fólk hrökklast frá vegna óþefs. Enginn hirðir um að greiða fyrir gistingu og afnot af húsunum.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Umgengni ferðamanna í skálum Ferðafélags Íslands er svo slæm að félaginu er nauðugur einn kostur að hafa húsin lokuð nema skálavarsla sé til staðar. Svo illa er gengið um að húsin liggja undir skemmdum. Svo þykkur er óþefurinn af rusli og salernum að fólk hrökklast frá.

Stefán Jökull Jakobsson, yfirskálavörður hjá Ferðafélagi Íslands, segir að þrátt fyrir skýrar reglur um umgengni, sem komið er á framfæri við ferðamenn, verði ekki lengur við unað.

„Umgengnin er, satt best að segja, til háborinnar skammar. Það er rusl og óhreint leirtau á öllum borðum og á gólfum. Óþefurinn er mikill og enginn virðist taka til eftir sig, fólk einfaldlega bara nýtir sér aðstöðuna og sinnir í engu sjálfsögðum mannasiðum við að þrífa og taka til eftir sig,“ segir Stefán Jökull og vísar til aðkomunnar í nýjum skála FÍ á Fimmvörðuhálsi, Baldvinsskála. Hann bætir við að ástæðan fyrir nýjum skála á þessum stað hafi verið að eldri skáli sem byggður var 1974 eyðilagðist á fáum árum vegna aukinnar umferðar á Fimmvörðuhálsi. Slæmri umgengni var um að kenna, enda húsið kallað „Fúkki“ vegna óþefsins sem þar var inni.

Lýsingar Stefáns Jökuls á umgengni í einstökum skálum eru skelfilegar, og reyndar telur hann ekki mögulegt að koma þeim almennilega í orð. Fólk þurfi að koma á staðinn til þess að skilja hversu illa fólk gengur um. „Það er kamar við hliðina á Baldvinsskála og aðkoman þar var hræðileg. Saur og þvag um allt, rusl á gólfum og búið að brjóta klósettið.“

Stefán bætir við að slæm umgengni sé ekki bundin við skála FÍ, heldur sé vandamálið til staðar hjá öðrum félögum sem eiga og reka slíkar byggingar.

Skálar FÍ eru á 38 stöðum víðs vegar um land og allur almenningur getur nýtt þá óháð aðild að Ferðafélaginu. Regluleg skálavarsla er hins vegar ekki nema í nokkrum þeirra og útilokað að auka þá vöktun vegna kostnaðar. Hann nefnir að byggingarkostnaður skálanna sé hár; uppsetning Baldvinsskála kostaði 25 milljónir króna.

„Hugmyndafræðin var að húsið stæði fólki opið, bæði til að bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna. Við horfum fram á það núna að óbreyttu að loka þessu húsi og öllum öðrum, sem gengur þvert á stefnu Ferðafélagsins,“ segir Stefán og leggur áherslu á orð sín með því að nefna að úr tveimur húsum uppi á hálendinu hefur kamínum verið stolið.

„Ég þarf því miður að segja einnig að þeir sem ganga verst um eru Íslendingar, þótt erlendum ferðamönnum fylgi líka slæm umgengni. Þeirra umgengni er þó miklu betri en þó sinna þeir sjaldan þeirri gullnu reglu á fjöllum, að taka með sér allt rusl sem til fellur,“ segir Stefán Jökull.

Ekki er hér allt talið. Söfnunarbaukar í húsunum, þar sem ætlast er til að fólk greiði fyrir gistingu og afnot húsanna, eru svo gott sem tómir yfir árið þar sem enginn hirðir um að borga fyrir sig. svavar@frettabladid.is



**GULLNA REGLAN ÞVERBROTIN** Á fjöllum eiga allir að vita að það sem þú tekur með þér, ferðu með aftur heim. MYNDIR/INGÓLFURBRUUN



**NÁÐHÚSIÐ** Óþefurinn hér innandyra verður ekki fangaður á mynd, en þessi mynd talar sínu máli. Saur og þvag um allt og allt brotið sem brjóta má.



**UPPVASKIÐ** Dæmi eru um að allt leirtau, pottar sem pönnur, standi óhreint á borðum og bekkjum, innan um rotnandi matarleifar.



**„Hugmyndafræðin var að húsið stæði fólki opið, bæði til að bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna. Við horfum fram á það núna að óbreyttu að loka þessu húsi og öllum öðrum, sem gengur þvert á stefnu Ferðafélagsins.**

*Stefán Jökull Jakobsson*

## EINFALDAR REGLUR GILDA Í ÖLLUM SKÁLUM FÍ

Meginreglan er sú að aðkoma sé þægileg og að skálarnir geti verið notarlegar vistarverur fyrir ferðafólk á fjöllum. Hreinlæti skiptir því miklu og tillitssemi við náungann er lykilatriði.

**ÁTTA EINFÖLD ATRIÐI SKULU Í HÁVEGUM HÖFÐ:**

- Ró skal vera komin á í skála á miðnætti
- Farið er úr skóm í anddyri
- Taka með sér rusl
- Reykingar bannaðar í skálum
- Ganga frá áhöldum í eldhúsi
- Bæta í vatnspott á eldavél
- Ganga frá skálunum eins og menn vilja koma að þeim sjálfir
- Greiða fyrir gistingu



**ALVARLEGT** Ásakanir forstjóra Barnaverndarstofu voru alvarlegar og ollu því að Götusmiðjunni var lokað.

Ummæli um ofbeldi og limlestingar Mumma í Götusmiðjunni dæmd ómerk:

# Ætlar að opna Götusmiðjuna á ný

**DÓMSMÁL** Ummæli sem Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, lét falla um Guðmund Tý Þórarinsson, forstöðumann Götusmiðjunnar, og starfsemi hans voru dæmd ómerk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Bragi hyggst fara fram á ógildingu en hann segist aldrei hafa fengið stefnu málsins í hendurnar.

Ummælin sem Bragi lét falla urðu til þess að Götusmiðjunni var lokað árið 2010. Var Guðmundur, sem jafnan er kallaður Mummi, meðal annars sakaður um að hafa hótað börnum vistheimilisins ofbeldi og limlestingum. Bragi sagði Mumma hafa farið út fyrir öll velsæmismörk og að framganga hans hefði valdið börnum vistheimilisins vanlíðan og óöryggi. Hann sagði að um stjórnunarvanda hefði verið að ræða sem síðar hefði farið að bitna á börnunum og skað-



**GUÐMUNDUR TÝR ÞÓRARINSSON**

að þau. Því hefði verið gripið til þeirra aðgerða að loka meðferðarheimilinu.

Braga var gert að greiða Mumma 400 þúsund krónur í bætur auk þess að greiða allan sakarkostnað. Þetta nemur 650 þúsundum króna.

Götusmiðjunni var formlega lokað í júnímánuði 2010 en Mummi hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu. Hann hefur nú ákveðið að opna Götusmiðjuna að nýju og segir brýna þörf fyrir meðferðarúrræði sem þessi fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í heim áfengis og vímuefna. **- sks**

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOSTON SÓFUM

Boston sófi **20% AFSLÁTTUR** áður 279.900,- **nú 223.920,-**



20% AFSLÁTTUR AF BOSTON SÓFUM • 20%

Rúmteppi frá 7.990,-



**NÝ SENDING AF RÚMTEPPUM**

Híbýlailmur frá 590,-



ANTON & BERGUR

# VELKOMIN
## Í THE PIER



20% AFSLÁTTUR AF MINI SÓFUM • 20%

Mini sófi **20% AFSLÁTTUR**
áður 159.900,- **nú 127.920,-**



20% AFSLÁTTUR AF MINI SÓFUM • 20%

Mini sófi **20% AFSLÁTTUR** áður 99.900,- **nú 79.920,-**

Stóll
**20% AFSLÁTTUR**
áður 29.900,-
**nú 23.920,-**



20% AFSLÁTTUR AF STÓLUM • 20%

Stóll
**20% AFSLÁTTUR**
áður 29.900,-
**nú 23.920,-**



20% AFSLÁTTUR AF STÓLUM • 20%

Bækur stórar 4.990,- miðstærð 2.990,- lítil 990,-





Bastkörfur frá 590,-



Púðar 3 fyrir 2



Kistur stór 22.900,- miðstærð 16.990,- lítil 9.990,-

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880




**LÍKAMSRÆKT Á KÚBU** Ungur maður gerir æfingar heima hjá sér í Havana, og notar til þess stálbita sem vatnstankur hvílir á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS







**LÖGREGLAN KASTAR GRJÓTI Á INDLANDI** Indverskur lögreglumaður í átökum við íbúa í Kasmírhéraði, þar sem mikil flóð ollu nýverið gríðarlegu tjóni og kostuðu hundruð manna lífið. Mótmælendur vilja að stjórnvöld bregðist betur við. NORDICPHOTOS/AFP




**MÓTMÆLI Í ALSÍR** Lögreglumenn í Algeirsborg taka þarna þátt í almennum mótmælum við forsetahöllina. Lögreglan þar krefst betri vinnuaðstæðna. NORDICPHOTOS/AFP




**KOSNINGAR Á INDLANDI** Konur koma frá kjörstað í Maharashtra á Indlandi, en þar og í Haryana-ríki voru í gær haldnar kosningar til ríkisþinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**VERKFALL Í ÞÝSKALANDI** Lestarstjórar í München voru í verkfalli í gær, þannig að farþegar gátu lítið annað gert en að kíkja inn um rúðurnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Verkfæra- og tækjadagar

**20-30% AFSLÁTTUR**

GMC 14,4V 1,2Ah með aukarafhlöðu, stiglaus hraði, BMC taska
~~5.990~~
**4.492**

Rafhlöðuborvél með höggi, HDA2544 18V
~~17.900~~
**13.425**

Drive gíraffi gips- og spartl slípivél 620w 0-980sn/min
~~34.900~~
**27.920**

ALB10DAS 10,8V Li-Ion Bor/skrúfvél 1,4Ah 30Nm
~~14.890~~
**11.167**

Drive hornalaser 90 gráður
~~12.450~~
**9.960**

Drive-HM-140 1600W - 14cm hræripinni - 2 hraðar
~~22.990~~
**18.392**

Fræsari HDA1205 1800W
~~11.900~~
**8.925**

Drive Delta Sander 180W
~~3.390~~
**2.542**

Arges HDA1508 kúttsög
~~23.990~~ **19.192**

ALM14DF 14,4V Li-Ion herðsluskrúfvél 2,8Ah 135Nm
~~36.890~~
**27.667**

AR636 18V Skrúfvél Ni-Cd 2,0Ah 158Nm
~~16.990~~
**12.742**

Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD 3213 12V DIY
~~8.990~~
**6.742**

ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah / 38Nm
~~39.990~~
**29.992**

AV226 800W höggborvél
~~16.900~~
**12.675**

Asaki AN871 180mm Slípirokkur 2200w
~~13.890~~
**10.417**

ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion 2,8Ah 38Nm 2 hraðar
~~41.800~~
**31.350**

AS103 370W 10mm borvél
~~4.990~~
**3.742**

Drive flísasög 600W
~~9.290~~ **6.967**

Drive LG3-70A 1800W flísasög 86x57cm
~~139.900~~
**104.925**

64407
~~995~~
**696**

63102 4 bönd með krókum 2,5x360 cm
~~2.490~~
**1.743**

Drive LG4-570A 800W flísasög 79x39cm borð
~~39.900~~
**29.925**

SM-RLG07 Áltrappa 7 þrep, tvöföld
~~25.590~~
**20.472**

Asaki ASM 305 Asaki Kúttsög 1600W 305x30mm
~~49.909~~
**34.993**

Arges HDA2201 steinsög 1200w
~~7.990~~
**6.392**

RLA-05 Áltrappa 5 þrep, tvöföld
~~6.690~~
**5.352**

Drive Pro 600mm flísaskeri í tösku
~~21.990~~
**16.492**

Stingsög HDA1110, 710W
~~8.900~~
**6.675**

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar
~~25.900~~
**20.720**

Öflugar hjólbörur 90 lítra
~~8.590~~
**6.872**

Black&Decker háþrýstidæla max bar 150
~~52.990~~
**42.392**

**2100W, 420 lítr./klst.**
Þolir 50°C heitt vatn,
8 metra málmbarki,
sápubox,
með bursta

Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L 1000W, 50 lítrar
~~28.900~~
**23.120**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

# MÚRBÚÐIN

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***







Ný könnun á hreyfingu Íslendinga og viðhorfum til aðferða til að léttast:

# 5% fara eftir ráðum landlæknis

Yfir helmingur landsmanna hreyfir sig aðeins einu sinni í mánuði eða sjaldnar í 20 mínútur eða lengur. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem markaðsrannsóknafyrirtækið Maskína gerði fyrir Herbalife í ágúst síðastliðnum. Þátttakendur voru 18 ára og eldri og voru þeir alls 592.

Alls kváðust 40,9 prósent hreyfa sig einu sinni í mánuði í 20 mínútur eða lengur en 14,2 prósent sögðust aldrei hreyfa sig eða næstum aldrei.

Einn af hverjum tuttugu Íslendingum, eða 5,1 prósent, hreyfir sig í samræmi við leiðbeiningar landlæknis. Samkvæmt þeim er fullorðnu fólki ráðlagt að hreyfa sig í að minnsta kosti 30 mínútur á hverjum degi. 35,8 prósent hreyfa sig að meðaltali einu sinni í viku í 20 mínútur eða lengur en 4,1 prósent hreyfir sig þrisvar í viku.

Alls sögðu 83 prósent líklegast að þau myndu notast við blöndu af góðu mataræði og hreyfingu ætluðu þau sér að léttast.



**SKOKKAÐ** Fullorðnum er ráðlagt að hreyfa sig í að minnsta kosti 30 mínútur á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í FÓTBOLTA** Börnum sem fengu íþróttatíma til viðbótar við skólaíþróttir gekk betur í náminu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Betri árangur í námi með aukinni hreyfingu

Niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Gautaborg sýndu að líkur á að nemendur næðu markmiðum í náminu tvöfölduðust með aukinni hreyfingu.

Nemendum í 5. bekk grunnskóla í Gautaborg í Svíþjóð, sem fengu tvo viðbótartíma í íþróttum á viku, gekk betur í samræmdum prófum í sænsku, ensku og stærðfræði en viðmiðunarhópum. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna á heilbrigðisvísindasviði Gautaborgarháskóla. Greint er frá niðurstöðunum í ritinu Journal of School Health.

Í rannsókninni, sem tók til um 2.000 nemenda, var skoðaður árangur fimmtu bekkinga í samræmdum prófum fjórum árum fyrir breytinguna og svo fimm árum eftir. Niðurstaðan var borin saman við viðmiðunarhópa í þremur skólum sem ekki fengu tvo tíma í íþróttum á viku hjá íþróttafélagi á staðnum til viðbótar við tvo íþróttatíma í skólanum. Fleiri nemendur í íhlutunarhópnum náðu markmiðunum í framangreindum námsgreinum heldur en í viðmiðunarhópunum. Í íhlutunarhópnum voru 408 nemendur.

Í fréttatilkynningu frá Gautaborgarháskóla segir að líkurnar á að nemandi næði markmiðunum hefðu tvöfaldast með meiri hreyfingu. Hjá viðmiðunarhópunum var ekki hægt að merkja betri árangur, heldur jafnvel verri.

Tekið var tillit til jafns fjölda stelpna og stráka, fjölda nemenda sem voru af erlendum uppruna auk tekna foreldra, atvinnuleysis og skólagöngu þeirra. Bent er á að niðurstöðurnar séu í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna.

## GÓÐUR ÁRANGUR AF HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



**ERLINGUR S. JÓHANNSSON**

Niðurstöður stórrar rannsóknar á Íslandi, Lífsstíll 7 til 9 ára grunnskólabarna – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu, gefa til kynna að þau sem juku hreyfingu sína og borðuðu hollari mat náðu marktækt betri námsárangri í samræmdu prófi í íslensku og stærðfræði við 9 ára aldur heldur en börn í samanburðarhópi. Rannsóknin var gerð í sex grunnskólum í Reykjavík, þremur íhlutunarskólum og þremur viðmiðunarskólum, frá 2006 til 2008.

Erlingur S. Jóhannsson, prófessor í íþrótta- og heilsufræðum við Háskóla Íslands, segir Katrínu Gunnarsdóttur hafa skoðað gögn úr rannsókninni í skólunum sex og komist að fyrrgreindum niðurstöðum í meistaraverkefni sínu árið 2011.

„Niðurstöðurnar undirstrika að heilsusamlegur lífsstíll barna og unglinga eykur líkurnar á góðum árangri þeirra í námi,“ segir hann.



**ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON**

Æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk, sem gerðar hafa verið reglulega meðal 14 til 16 ára nemenda frá 1989, sýndu að hreyfing hefur bæði jákvæð áhrif á líðan og námsárangur. Um var að ræða fyrstu heildstæðu rannsóknirnar á högum barna og ungmenna. „Þessar rannsóknir sýna að jákvæð tengsl eru á milli hreyfingar og námsárangurs. Áhrifin af hreyfingu eru bæði bein og óbein. Þeim sem hreyfa sig líður betur og þeir eru tilbúnari til að takast á við námið,“ segir Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði, sem var forstöðumaður Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála sem hóf rannsóknirnar. Hann tekur fram að ekki hafi verið um íhlutunarrannsóknir að ræða.

„Rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi styðja þessar niðurstöður um tengsl hreyfingar og betri líðanar og námsárangurs meira og minna. Við vitum núna miklu meira um áhrif hreyfingar á líðan fólks en við gerðum fyrir nokkrum árum. Lífeðlisfræðin hefur brúað bilið meira milli rannsóknanna,“ segir Þórólfur.

Vísindamennirnir segja ánægjulegt að geta fært rök fyrir því að hægt sé að bæta námsárangur barna með einföldum aðgerðum.

ibs@frettabladid.is

➜ Vísindamennirnir segja ánægjulegt að geta fært rök fyrir því að hægt sé að bæta námsárangur barna með einföldum aðgerðum.




Columbia Sportswear Company · SOREL · VIKING · MUCK · zamberlan · KangaROOS



**VIKING DOMINO GTX**
KULDASKÓR
Stærðir 22–26
**10.392 KR.**
FULLT VERÐ 12.990 KR.



**COLUMBIA POWDERBUG**
KULDASKÓR
Stærðir 32–39
**11.192 KR.**
FULLT VERÐ 13.990 KR.



**VIKING FONN GTX**
KULDASKÓR
Stærðir 20–30
**11.992 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



**KANGAROOS ROOSTEX**
KULDASKÓR
Stærðir 20–27
**7.992 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.



**COLUMBIA YOUTH MINX™**
Stærðir 35–38
**14.392 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



**COLUMBIA REDMOND**
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–41
**18.392 KR.**
FULLT VERÐ 22.990 KR.



**VIKING ZIP GTX**
KULDASKÓR
Stærðir 33–39
**15.992 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**VIKING ASCENT GTX**
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–47
**22.392 KR.**
FULLT VERÐ 27.990 KR.



**COLUMBIA BUGABOOT**
KULDASKÓR
Stærðir 37–41
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**VIKING KINETIC GTX**
Stærðir 37–41
**19.992 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**COLUMBIA PEAKFREAK**
NOMAD
Stærðir 41–47
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**VIKING ASCENT GTX**
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–41
**22.392 KR.**
FULLT VERÐ 27.990 KR.



**VIKING IMPULSE GTX**
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–47
**15.992 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**COLUMBIA CONSPIRACY**
II OUTDRY
Stærðir 37–41
**19.992 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**COLUMBIA PEAKFREAK XCRSN**
Stærðir 41–48
**19.992 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 143554

# ÖLL PLASTBOX Á KLÚBBTILBOÐI

LOCK & LOCK



KLÚBB verð frá: **255 kr.**
Almennt verð frá: 365 kr.

Vnr. 57900735/951
LOCK&LOCK geymslubox
með loftþéttu loki.
Margar gerðir.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# Á VERÐI



Vnr. 42376007
Kubbakerti,
12 cm, hvít,
6 stk.

KLÚBB verð **1.295 kr.**
Almennt verð 1.895 kr.



Vnr. 42375979-80
Ferðataska, grá og
svört, 45 eða 52 cm.

KLÚBB verð frá: **2.895 kr.**
Almennt verð frá 3.995 kr.



Vnr. 58099906-8
Geymslubox,
12, 15 eð 50 l.

KLÚBB verð frá: **645 kr.**
Almennt verð frá 895 kr.



POTTA-
PLÖNTUR
Á LÆGRA
VERÐI

Grænland BYKO BREIDD



KLÚBB verð **11.595 kr.**
Almennt verð 14.595 kr.

Vnr. 41100146
Matar- og kaffistell með
gylltu og bláu mynstri,
6 manna, alls 39 stk.



Vnr. 41118691
BAMBOO diskur með
skál, 30 cm.

KLÚBB verð **1.295 kr.**
Almennt verð 1.895 kr.



Vnr. 41823051-2
Rauð- eða hvít-
vínsglös, 4 stk,
33 cl eða 43 cl.

KLÚBB verð **1.795 kr.**
Almennt verð 2.535 kr.



KLÚBB verð **545 kr.**
Almennt verð 795 kr.

Vnr. 41121120
Glös með
munstri, 3 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is

BYKO KLÚBBURINN

TEKUR ÞÁTT Í BLEIKUM OKTÓBER

Í OKTÓBER RENNA 10% AF ANDVIRÐI VARA Á KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS.




# FYRIR ÞIG


Vnr. 65103245
Pizzupanna,
40 cm, 1500W.
KLÚBB verð 4.795 kr.
Almennt verð 5.995 kr.

Vnr. 41118778
Panna, keramik, 24 cm.

KLÚBB verð 3.295 kr.
Almennt verð 4.495 kr.

Vnr. 50626699
Pottur, 17 l,
með loki.
17 LÍTRAR

KLÚBB verð 9.995 kr.
Almennt verð 12.590 kr.

Vnr. 42352028
TRISTAR hraðsuðukanna, 1,7 l.

KLÚBB verð 2.995 kr.
Almennt verð 3.995 kr.

KLÚBB verð 2.395 kr.
Almennt verð 2.995 kr.

Vnr. 41750204
Bökunarsett,
10 stk.

SOEHNLE
Vnr. 42265041
SOEHNLE
eldhúsvog.

KLÚBB verð 2.795 kr.
Almennt verð 3.490 kr.

Vnr. 41742000
Pottasett, stál, 6 stk.

KLÚBB verð 10.995 kr.
Almennt verð 15.995 kr.

Vnr. 42374683
MELISSA töfrasproti, hvítur.

KLÚBB verð 1.395 kr.
Almennt verð 1.990 kr.


Vnr. 41765050
Kanna fyrir
vínpoka, 3 l.
KLÚBB verð 2.795 kr.
Almennt verð 3.995 kr.

Vnr. 41761912
Eldfastform, 28 cm.

KLÚBB verð 1.995 kr.
Almennt verð 2.995 kr.

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Hönnun og umbrot: VERT markaðsstofa

Veltan jókst um 3,1 prósent:

## Raftæki seldust vel í september

Sala á raftækjum jókst um 24 prósent í september síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra. Aukning í sölu byggingarvara og húsgagna nam 15 prósentum þegar veltutölurnar eru mældar á föstu verðlagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar jókst velta í dagvöruverslun um 3,1 prósent á föstu verðlagi í september. Fataverslun jókst um 6,3 prósent og sala áfengis um 5,6 prósent. - hg

Samkeppniseftirlitið staðfestir að kæra vegna hugsanlegra brota hafi farið til sérstaks saksóknara:

# Rannsókn á Eimskip og Samskipum ólokið

Samkeppniseftirlitið hefur ekki lokið rannsókn á hugsanlegum brotum Eimskipafélags Íslands hf. og Samskipa hf. og tengdum félögum.

Rannsókn málsins er ekki komin á það stig að hægt sé að slá neinu föstu um niðurstöður hennar, samkvæmt fréttatilkynningu sem Samkeppniseftirlitið birti í gær.

Í tilkynningunni staðfestir stofnunin að hafa sent kæru vegna hugsanlegra brota stjórnenda eða starfsmanna fyrirtækjanna á samkeppnislögum til embættis sérstaks saksóknara. Ekki er tekið fram um hvaða stjórnendur eða starfsmenn ræðir.

„Eins og Samkeppniseftirlitið hefur áður staðfest opinberlega rannsakar það nú hvort vísbendingar um ólögmætt samráð fyrirtækjanna og hugsanlega misnotkun á markaðsráðandi stöðu eigi við rök að styðjast. Hófst rannsóknin með húsleit hjá félögunum í september á síðasta ári og var

➜ Rannsóknin hófst með húsleit hjá félögunum í september á síðasta ári og var frekari gagna aflað í júní síðastliðnum.

frekari gagna aflað í júní síðastliðnum,“ segir í tilkynningunni.

Eimskip og Samskip neita því alfarið að fyrirtækin hafi gerst brotleg við ákvæði samkeppnislaga. - hg



**EIMSKIP** Samkeppniseftirlitið segist ekki ætla að verða við beiðnum fjölmiðla um aðgang að gögnum málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**WOW AIR** Félagið hefur þegar samið um leigu á Airbus A321-vélum fyrir Ameríkuflugið.

Flýgur til Norður-Ameríku:

## WOW til Boston og New York

WOW air mun á næsta ári hefja áætlunarflug til Boston í Bandaríkjunum og líkur eru á að félagið fljúgi einnig til New York. Tímaritið Air Transport World (ATW) greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

Þar er fullyrt að flugfélagið ætli að fljúga vikulega til Boston, allt árið um kring, frá og með 28. mars næstkomandi. Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, segir frétt ATW ekki að öllu leyti rétta en vildi ekki tilgreina hverjar rangfærslurnar væru. Félagið komi til með að senda frá sér tilkynningu á næstu dögum eða vikum varðandi áætlunarflug til Norður-Ameríku. - sks

# Greiðir leiðina að erlendu fjármagni og út úr höftum

Ákvörðun Standard & Poor's um að breyta horfum um bæði þróun efnahagsáhættu hér á landi og lánshæfiseinkunnir bankanna getur haft mikil áhrif. Getur aukið aðgengi viðskiptabankanna að erlendu fjármagni.

„Þetta hefur jákvæð áhrif á fjármögnunarmöguleika bankanna og greiðir okkur leiðina út úr höftunum,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, um ákvörðun matsfyrirtækisins Standard & Poor's (S&P) um að breyta horfum um þróun efnahagsáhættu á Íslandi úr stöðugum í jákvæðar.



**BJÖRN BRYNJÚLFUR BJÖRNSSON**

„Þetta er hins vegar lítið skref og til að lánshæfismat ríkis og banka hækki þarf skýrari áætlun að liggja fyrir um hvernig standa á að afnámi gjaldeyrishaftanna,“ segir Björn.

S&P breytti einnig lánshæfishorfum stóru viðskiptabankanna þriggja úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti BB+/B einkunnir þeirra. Björn segir ákvörðun matsfyrirtækisins senda mikilvæg skilaboð um að erlendir lánveitendur horfi til Íslands með jákvæðari augum en áður.

„Ef við höldum rétt á spilunum er full ástæða til að vænta þess að þessum meðbyr muni fylgja hækkanir á lánshæfi ríkisins og einkunnum bankanna. Þarna er ákveðin vísbending um að efnahagsleg staða þjóðarbúsins sé betri en núverandi lánshæfismat ríkisins gefur til kynna og ef við höldum okkar striki muni það hækka í kjölfarið enda er það nú lágt miðað við önnur ríki í svipaðri stöðu,“ segir Björn.

Hann tekur einnig fram að áætlun stjórnvalda um losun haftanna sé ekki eini stóri áhrifaþátturinn og nefnir einnig mikilvægi þess að ríkið sé rekið með ábyrgum hætti.

„Við teljum til dæmis að nýja fjárlagafrumvarpið sé gott skref í þá átt þar sem eru skattkerfisbreytingar sem eru í góðu samræmi við ráðgjöf alþjóðastofnana og auka þannig trúverðugleika okkar gagnvart umheiminum.“

Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri Íslandsbanka, segir í tilkynningu bankans um ákvörðun S&P að hún geti haft jákvæð áhrif á aðgengi Íslandsbanka að erlendu fjármagni.




**ÚR STÖÐUGU Í JÁKVÆTT** Stóru viðskiptabankarnir þrír eru allir með lánshæfismatið BB+/B.

„Þetta hefur einhver áhrif á innlenda fjármögnun bankans en hefur mest að segja erlendis. Þar hefur þetta þau áhrif að áhugi fjárfesta eykst og vonandi gerir okkur kleift að ná betri verðum sem endurspeglast beint í útlánum til viðskiptavina sem taka lán í erlendri mynt,“ segir Jón í samtali við Fréttablaðið. Hann nefnir sjávarútvegsfyrirtæki og önnur útflutningsfyrirtæki sem eru með tekjur í erlendri mynt.

„Það er mjög stíft aðhald hjá okkur og hinum bönkunum um að lána ekki í erlendri mynt til annarra en þeirra sem eru með tekjur í erlendum myntum. Það er fyrst og fremst hjá þeim sem þetta hefur bein áhrif,“ segir Jón.

haraldur@frettabladid.is




Shiseido kynning í Sigurboganum
fimmtudag, föstudag & laugardag.

Við kynnum nýtt upphaf í húðumhirðu, ULTIMUNE sem virkjar dulda krafta húðarinnar.

15% kynningarafsláttur.

Glæsilegur kaupauki þegar keyptar eru 2 Shiseido vörur.

SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



**ÞINGVALLAVATN** Stjórn Orkuveitunnar ákvað fyrr á árinu að allar tekjur af veiðiréttinum myndu renna til vísindarannsókna á lífríki vatnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ION hótel á hæsta tilboðið í veiðirétt Orkuveitunnar:

## Veiðirétturinn gæti skilað þrefalt meiru

Tekjur Orkuveitunnar af veiðirétti við Þingvallavatn gætu nærri þrefaldast á árunum 2015-2017 ef fyrirtækið tekur tilboði félagsins ION hótel ehf. Félagið, sem rekur lúxushótel við vatnið, bauð 4,57 milljónir króna á ári fyrir veiðiréttinn.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Orkuveitunni. Þar segir að fimm tilboð hafi borist í réttinn og að verið sé að fara yfir þau. Orkuveitan óskaði fyrst tilboða vegna ársins 2014. ION hótel var þá hæstbjóðandi og var endanleg samningsfjárhæð um 1,6 milljónir króna.

Tekjur af veiðiréttinum renna til vísindarannsókna á lífríki vatnsins. Fénu verður ráðstafað að höfðu samráði við samstarfsaðilana; Landsvirkjun, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

„Hugur stjórnar Orkuveitunnar stendur til þess að það muni einkum nýtast til frekari rannsókna á hinum merka urriðastofni í vatninu, sem þykir einstakur,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. - hg


ALLT ÚRVALIÐ Í 40 ÁR
40 ÁRA
AFMÆLISHÁTÍÐ
Í GLÆSIBÆ
ÆVINTÝRIÐ HÓFST Í GLÆSIBÆ FYRIR 40 ÁRUM. VIÐ ÆTLUM AÐ HALDA UPPÁ ÞAÐ Í DAG OG Í KVÖLD OG ÞÉR ER BOÐIÐ. AFMÆLISKAKA OG ALMENN GLEÐI FRAM Á KVÖLD
SJÁUMST Í GLÆSIBÆ
40%
AFMÆLISAFSLÁTTUR
AF VÖLDUM ÚLPUM, NORTH FACE VÖRUM OG DEUTER BAKPOKUM, AÐEINS Í GLÆSIBÆ Í DAG, FIMMTUDAG
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÖÐRUM ÚTIVISTARVÖRUM OG KULDAFATNAÐI Í ÖLLUM VERSLUNUM, ALLA HELGINA
OPIÐ TIL KL 22 Í KVÖLD Í GLÆSIBÆ
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# SKOÐUN

Samfélagið hagnast á góðri heilbrigðisþjónustu:

# Heilbrigðiskerfið skapar verðmæti

Ávinningur samfélagsins af góðu heilbrigðiskerfi á að mælast af mörgu. Helst ber að nefna heilsu og hamingju fólks. Það er mikils virði að sem flest okkar búi við góða heilsu og geti tekið þátt í leik og starfi af fullum mætti. Þegar metið er hvort byggja eigi nýtt sjúkrahús eða ekki, gleymist oft að nefna annan stóran þátt og það er sú mikla verðmætasköpun sem verður til á sjúkrahúsinu, sem og víðar í heilbrigðisþjónustunni.



**Sigurjón Magnús Egilsson**
sme@frettabladid.is

Miklu skiptir að veikir fái mátt og heilsu sem fyrst á ný og slasaðir sem mesta og besta umönnun, til að fólk komist sem fyrst til starfa, til virkrar þátttöku í samfélaginu. Af því er augljós hagnaður. Að betri árangri er oft löng leið. Það vantar sjúkrahús, ekki vegna þess að öll bestu sjúkrahús heims séu í nýjum húsum. Það þarf að byggja vegna þess að okkur vantar hús. Þau sem fyrir eru hafa drabbast niður og eru of þröng. Sú er staðan. Þjóðhagslegur ávinningur er að góðu húsi og hæfu starfsfólki. Fólkið er til staðar, en aðstæðurnar verður að laga.

Þegar Bjarni Benediktsson talar um að frekar beri að greiða niður skuldir ríkisins en byggja nýjan spítala má ætla að hann gleymi mikilvægum hluta í formúluna. Hann er sá að með sem bestri heilbrigðisþjónustu skapast verðmæti. Það er augljóst. Það er stórkostlegur hagur fyrir allt samfélagið ef hægt er að flýta meðferð sjúklinga, gera fólki kleift að fara sem fyrst aftur til sinna starfa, að fólk sem veikist eða slasast taki sem fyrst þátt í verðmætasköpun samfélagsins.

Þau sem reynt hafa þekkja hversu gott er að eiga góða að. Að liggja á sjúkrahúsi og vera öðrum háður getur verið erfitt. Það er það samt ekki þegar starfsfólk sýnir skilning, varfærni og umhyggju. Á því flýtur kerfið okkar í dag. Á starfsfólkinu.

Læknar eru að fara í verkfall – þeir sem hafa ekki sagt skilið við okkur og ráðið sig til starfa í öðrum löndum. Fyrir þau okkar sem helst vilja reikna allt í peningum, þá er augljóst að með sem mestu og bestu heilbrigðiskerfi sköpum við verðmæti, sköpum peninga. Ávinningurinn er augljós. Árangurinn næst ekki með læknunum einum, fjöldi annarra kemur að. Það þarf víða að bæta kjör. Það er verk að vinna.

Engum sem kynnir sér aðstöðuna dylst að margt þarf að gera betur en nú er gert. Það er of þröngt um sjúkrahúsið, þau hús sem nú hýsa spítalann eru þröng og slitin. Það þarf að byggja og það liggur á að við sameinumst um lausnir. Vilji starfsmanna er mikill, en dugar ekki einn og sér. Eflaust yrði þjóðhagslegur skaði af, ef ekki tekst að laga kjör starfsmanna þessarar veigamiklu starfsemi og búa henni sem bestar aðstæður. Það er stjórnmálamanna að sigla þessu máli í höfn. Siglingin verður erfið og því reynir á þá sem hafa kosið að standa við stýrið. Þeir mega ekki gleyma hversu mikil verðmætasköpun er á Landspítalanum, eins og svo víða annars staðar innan heilbrigðisþjónustunnar. Trúlegast eru ótrúlegar fjárhæðir undir. Biðlistar eru dýrir, ekkert síður en erlendar skuldir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þau eru lágt skrifuð

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur einfalda skoðun. Hann vill þá burt sem hafa uppi efasemdir eða aðrar skoðanir en forysta flokksins. Hann vill að þeir stjórnarþingmenn sem ekki kokgleypa hugmyndirnar, sem koma fram, til að mynda í fjárlagafrumvarpinu, eigi að finna sér annan pólitískan vettvang: „Slíkir liðsmenn eru ekki hátt skrifaðir hjá mér og ættu kannski að íhuga að fara í annað lið,“ skrifar þingmaðurinn. Sumir vilja kannski freista þess að vinna skoðunum sínum stuðning, en það hentar greinilega ekki að mati Brynjars Níelssonar. Í skrifum sínum á hann við eigin flokksfélaga og suma þingmenn Framsóknarflokksins.



### Það er ósatt

Bjarna Benediktssyni, fjármálaráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, er ekki skemmt vegna hinnar miklu umræðu sem hefur skapast um 248 króna máltíðirnar. Hann segir á Facebook: „Það er ósatt að fjármálaráðuneytið hafi gefið út neysluviðmið. Hvergi segir að venjuleg máltíð kosti 248 kr. Það er uppspuni og útúrsnúningur. Áhrif breytinganna verða til að bæta hag heimilanna.“ Ljóst er að Bjarni á nokkuð langt í land með að snúa umræðunni við. Úr hefur orðið ágætis samkvæmisleikur þar sem maður eftir mann opinberar hugmyndir, og margar frumlegar, um hvernig hægt er að búa til máltíð fyrir 248 krónur.



### Ekki einn um það

„Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja er mér hugleikin og hefur verið um alllangt skeið,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson nýverið. Ljóst er af umræðunni að hann er ekki einn um það. Það er hins vegar hans að skapa umgjörðina, búa til lögin: „Það hefur verið eitt stærsta verkefnið í ráðuneyti sjávarútvegs að semja nýtt fiskveiðistjórnunarfrumvarp og það hefur ekki gengið alveg þrautalaust. Ein ástæða er einmitt afkoma sjávarútvegsins,“ sagði sjávarútvegsráðherrann. Hann fagnaði nýjum skipum og sagði: „Ný skip eru í smíðum og þau þarf að hanna og „græja upp“ og oftar en ekki eru það íslensk fyrirtæki sem sjá þann hluta,“ sem er kannski ekki nákvæmt hjá ráðherranum.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Verkinu er ekki lokið

SAMGÖNGUR



**G. Pétur Matthíasson**
upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar

Í annars ágætum leiðara Fréttablaðsins mánudaginn 13. október er því haldið fram að nánast ekkert hafi staðist við byggingu Landeyjahafnar, að hún þjóni illa hlutverki sínu og að hún sé dæmi um framkvæmd þar sem menn sáust ekki fyrir. Fáar af þessum fullyrðingum standast. Farþegum fjölgaði með Herjólfi eftir að Landeyjahöfn var vígð, eins og gert var ráð fyrir, fór úr um 130 þúsund farþegum í um 300 þúsund. Þessi mikli fjöldi farþega hefur haft gífurleg áhrif á allt mannlíf í Vestmannaeyjum.

Kostnaður við byggingu Landeyjahafnar var innan áætlana og mannvirkið var vígt á ætluðum tíma. Frá upphafi var ljóst að mjög erfitt yrði fyrir Herjólf að sigla í Landeyjahöfn yfir háveturinn og gera mátti ráð fyrir að sigla þyrfti í Þorlákshöfn. Eldgosið í Eyjafjallajökli hafði mikil áhrif en ekki ófyrirsjáanleg. Gert var ráð fyrir að ef slíkt gos yrði þá gæti það haft hamlandi áhrif á siglingar í Landeyjahöfn vegna sandburðar.

Bygging Landeyjahafnar fólst í tvennu, annars vegar byggingu nýrrar hafnar og hins vegar smíði nýrrar ferju. Verkinu er því ekki lokið. Það var vitað að Herjólfur myndi eiga í erfiðleikum með siglingar í Landeyjahöfn sem leysa á með nýrri ferju. Það var aðeins hægt að byggja heilsárshöfn í Bakkafjöru, Landeyjahöfn, ef einnig yrði byggð ný ferja sem risti minna en Herjólfur.

**→ Bygging Landeyjahafnar fólst í tvennu, annars vegar byggingu nýrrar hafnar og hins vegar smíði nýrrar ferju. Verkinu er því ekki lokið.**

Þegar bygging Landeyjahafnar hófst sumarið 2008 var á sama tíma verið að semja um smíði nýrrar ferju en vegna bankahrunsins var smíðinni slegið á frest. Þegar sú ákvörðun var tekin stóð í fréttatilkynningu um það mál: „Til að lágmarka óhjákvæmilegar frátafir myndi hann [Herjólfur] sigla til Landeyjahafnar frá apríl fram í nóvember en yfir vetrarmánuðina til Þorlákshafnar þegar tíðarfar er rysjóttara.“

Vandinn í Landeyjahöfn leysist ekki fyrr en verkinu er lokið og því lýkur vonandi með smíði nýrrar ferju. Það er rétt sem leiðarahöfundur segir að það til verður vandinn í Landeyjahöfn fréttnæmur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ógnin í Eldvörpum

NÁTTÚRU-VERND



**Ellert Grétarsson**
varaformaður Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands

**➜ Hún er því undarleg, sú ráðstöfun þessara aðila, að ætla að stúta dýrmætustu jarðminjum svæðisins á sama tíma.**

Eldvörp eru um 10 km löng gígaröð um fjóra kílómetra vestan við Bláa lónið og Svartsengi. Gígaröðin myndaðist í Reykjaneseldum á 13. öld. Þegar farið er um ysta hluta Reykjanesskagans er ekki erfitt að ímynda sér hvað gengið hefur á í þessum miklu jarðeldum. Hvergi í heiminum eru ummerki eldvirkninnar á mótum tveggja jarðskorpufleka jafn sýnileg og þarna.

Eldvarpasvæðið er kynngimagnað þar sem saman fer áhugaverð jarðfræði og forvitnileg saga. Sjálf gígaröðin er stórkostleg og ekki erfitt að gera sér í hugarlund þá krafta sem þarna hafa verið að verki eftir að hafa fylgst með myndun gígaraðar í sprungugosinu í Holuhrauni. Um Eldvarpasvæðið liggja auk þess gamlar alfaraleiðir og áhugaverðar gönguleiðir eins og Árnastígur, Skipsstígur og Prestastígurinn. Skammt austan við aðalgíginn eru Tyrkjabyrgin svokölluðu, hátt í 400 ára gamlar fornleifar sem gaman og fróðlegt er að skoða.

Mikil verðmæti felast í því að eiga slíka perlu tiltölulega ósnortna í nágrenni við þéttbýlið, m.a. með tilliti til framtíðarmöguleika í ferðaþjónustu og útivist.

### Óumdeilanleg sérstaða

HS Orka hyggur á tilraunaboranir Í Eldvörpum, nánast ofan í gígaröðinni og hefur Skipulagsstofnun nýlega birt álit sitt eftir að hafa fjallað um matsskýrsluna vegna þeirra. Í henni er því haldið fram að ekki verði hróflað við gígunum sjálfum og er því haldið á lofti eins og framkvæmdirnar muni ekki hafa nein áhrif.

Í áliti Skipulagsstofnunar segir hins vegar eftirfarandi:

„Stofnunin er sammála því sem komið hefur fram í framlögðum gögnum um mikilvægi óraskaðra og lítt raskaðra svæða eins og Eldvarpasvæðisins til útivistar og ferðamennsku í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Auk þess telur Skipulagsstofnun jarðfræðilega sérstöðu Eldvarpasvæðisins óumdeilanlega en svæðið er á náttúruminjaskrá vegna stórbrotinnar jarðfræði. Ljóst er að áhrif af gerð borplana og borun rannsóknarhola verður neikvæðari því nær sem farið er Eldvarpagígaröðinni og að eðli málsins samkvæmt verða umhverfisáhrif meiri eftir því sem fleiri holur verða boraðar og fleiri borplön útbúin. Skipulagsstofnun telur að hvort sem ráðist verði í borun þriggja borhola á þremur borplönum eða fimm hola á fimm plönum verði sjónræn áhrif og áhrif á landslag staðbundið talsvert neikvæð vegna umfangs plananna og staðsetningar þeirra í og við þá landslagsheild sem Eldvarparöðin er."

### Stóra mótsögnin

Gallinn við álit Skipulagsstofnunar er hins vegar sá að þar kemur hvergi skýrt fram hvort hún sé mótfallin þessum borunum eða hlynnt þeim. Sem þýðir þá væntanlega að HS Orka mun hefja boranir á þeim forsendum að Skipulagsstofnum hafi ekki verið þeim mótfallin.

HS Orka og Grindavíkurbær stofnuðu fyrir nokkru svokallaðan jarðvang undir nafninu Reykjanesjarðvangur (Geopark), sem sagður er m.a. þjóna því hlutverki að hafa aðdráttarafl á ferðamenn, sem flestir koma jú til landsins til að upplifa ósnortna náttúru.

Hún er því undarleg, sú ráðstöfun þessara aðila, að ætla að stúta dýrmætustu jarðminjum svæðisins á sama tíma. Eða var þessum jarðvangi öllu fremur ætlað að fegra slæma ímynd í umhverfismálum þegar búið væri að virkja allt sem hægt er að virkja á skaganum – að þá hafi menn ætlað að slá um sig með Geopark-lógóinu? Maður spyr sig.

# Alvarleg mistök löggjafans

FASTEIGNIR



**Grétar Jónasson**
hdl. og framkvæmdastjóri FF

**➜ Félag fasteignasala, Neytendasamtökin og Húseigendafélagið hafa í sameiningu bent á alvarlega ágalla frumvarpsins með engum árangri.**

Tíu ár eru liðin síðan umfangsmikil breyting var gerð á lögum um sölu fasteigna. Ný heildarlöggjöf var sett sem hefur að geyma eina stærstu neytendalöggjöf landsins. Meginefni laganna var vernd neytenda í almennt stærstu viðskiptum fólks á lífsleiðinni.

Lögin áttu að fela í sér ríkar réttarbætur og neytendur m.a. að geta treyst að milligöngunni sinntu einungis einstaklingar sem hið opinbera hefði veitt réttindi á grundvelli margháttaðra strangra krafna, þ.e. hinn löggilti fasteignasali. Nú tíu árum síðar hefur flest það sem löggjafinn ætlaði að tryggja farið úrskeiðis. Alvarlegum mistökum löggjafans má þar um kenna, en galopinn og óljós lagatexti hefur valdið ríki óvissu um hvað sé gildandi réttur. Sé líkingamáli beitt hefur hljóð og mynd engan veginn farið saman við framkvæmd laganna undanfarin 10 ár.

Vegna óskýrleika hafa eftirlitsaðilar lítið getað tekið á málum er varðar grundvallarþætti þeirrar neytendaverndar er lögin áttu að tryggja. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp sem samið var á árinu 2007 og illu heilli er síst betra en gildandi lög. Þar er lagt til að felld verði brott skylda fasteignasala sem opinberra sýslunarmanna að fylgja ströngum siðareglum gagnvart neytendum. Auk þess er lagt til að lokað verði á ferli sem leitt hefur til að öll alvarlegustu svik gagnvart neytendum sl. 10 ár hafa komist upp!

Fennt hefur í sporin og lærdómur sem draga átti af hruninu, m.a. af skýrslu rannsóknarnefndar og nefndar um siðferði, virðist gleymdur.

Félag fasteignasala, Neytendasamtökin og Húseigendafélagið hafa í sameiningu bent á alvarlega ágalla frumvarpsins með engum árangri.

Þegar svo illa hefur tekist til sem raun ber vitni við setningu grundvallarlaga um fasteignaviðskipti í landinu ætti hver þingmaður að staldra við og gæta að því að bætt sé úr. Fólk á rétt á að því sé tryggð örugg umgjörð í almennt stærstu viðskiptum sínum á lífsleiðinni, því fer hins vegar fjarri í frumvarpinu.

# „Þau sendu mig á Vog, þrettán ára gamla"

HEILBRIGÐISMÁL



**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**



**Kristín Pálsdóttir**
sitja í ráði Rótarinnar

**➜ Því spyrjum við, að gefnu tilefni, er það álit umboðsmanns barna að aðbúnaður barna á Sjúkrahúsinu Vogi uppfylli þessi skilyrði?**

Fyrirsögnin er fengin úr viðtali við Söru Helenu Bjarnadóttur í sérblaði Geðhjálpar sem fylgdi með Fréttablaðinu 9. október sl. Sara Helena vísar til þess að eftir að hún greindist með þunglyndi var henni sagt að hún fengi ekki lyf við því fyrr en hún væri hætt í neyslu. Og hún er ekki sátt við að þetta hafi verið eina úrræðið fyrir óharðnaðan ungling.

Þetta er ekki eina frásögnin sem fjölmiðlar hafa birt á undanförnum misserum um hvernig samfélagið tekur á vanda unglinga sem leiðist hafa í neyslu. Margir þeirra glíma nefnilega við margþættan vanda og finnst víman eina lausnin við honum. Sum eru með greiningar eins og ADHD eða hafa orðið fyrir einelti og ofbeldi. Rannsóknir sýna að hafi einstaklingur orðið fyrir ofbeldi eru stórauknar líkur á því að hann verði aftur fyrir ofbeldi miðað við þá sem ekki hafa orðið fyrir áfalli. Taka þarf heilstætt á vanda þessara barna.

Einnig hafa verið til umfjöllunar atvik þar sem fullorðnir einstaklingar, karlmenn í miklum meiri hluta, nýta sér neyð þessara unglinga og því miður eru dæmi þess að þeir finni þá þegar þeir eru saman í afvötnun á Vogi.

Það er því ekki að ástæðulausu að við í Rótinni höfum áhyggjur. Börn eiga rétt á að alast upp við öryggi og í lögum um réttindi sjúklinga stendur til dæmis að skylt sé að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð, eftir því sem ástand þess leyfir. Auk þess eiga sjúk börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnun, rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og skal sköpuð aðstaða fyrir þá eftir því sem kostur er. Þá segir einnig í lögunum að umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skuli hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997074.html

### Hagsmunir barnanna

Rótin hefur áhyggjur af því að börn séu send til meðferðar á Vogi þar sem samgangur er við fullorðna og því ákváðum við að þessu sinni að beina spurningu til umboðsmanns barna en á heimasíðu embættisins segir að „umboðsmaður barna vinnur að því að bæta hag barna og unglinga og á að gæta þess að tekið sé tillit til réttinda barna, þarfa og hagsmuna á öllum sviðum samfélagsins". Spurning okkar til umboðsmanns barna er svohljóðandi: Í lögum nr. 74 frá árinu 1997 um réttindi sjúklinga segir í 27. gr: „Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi." Því spyrjum við, að gefnu tilefni, er það álit umboðsmanns barna að aðbúnaður barna á Sjúkrahúsinu Vogi uppfylli þessi skilyrði laganna?

Á Landspítala er þess vandlega gætt að öll meðferð barna og fullorðinna sé aðskilin, hvernig stendur á því að Sjúkrahúsið Vogur er undanþegið þessari mikilvægu reglu?

Okkur ber að hafa ætíð hagsmuni barnanna að leiðarljósi og í þriðju grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er það orðað svona:

„Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn".




# ALLIR LESA Í OKTÓBER




Verð 6.499 kr.

## KATA

KATA er saga um glæp og eftirköst hans, um óskiljanlega grimmd, ærandi sorg og stríðið milli kynjanna.




Verð 6.499 kr.

## HANS JÓNATAN

Frábær bók um fyrsta þeldökka manninn sem settist að á Íslandi. Allt í senn saga um tíma, örlög og samfélag.

## ALLIR LESA
**skráningu lýkur í dag!**

Skráðu þig á www.allirlesa.is



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

NÝ VERSLUN LAUGAVEGI 77




## Handan minninga
**Vildarverð: 2.639.-**
Verð: 3.999.-




## Elanor og Park
Verð: 4.999.-




## Fúsi froskagleypir
Verð: 3.999.-




## Fjögur skáld
Verð: 3.999.-




## Fuglaþrugl og naflakrafl
Verð: 3.499.-




## Maðurinn sem hataði börn
Verð: 4.299.-




## Stundarfró
Verð: 5.999.-




## Bara ef ...
Verð: 6.499.-




## Þín eigin þjóðsaga
Verð: 4.399.-




## Englaryk
Verð: 6.499.-




## Draugagangur á skuggaskeri
Verð: 4.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð á bók mánaðrins gildir út október. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Fagmennska ferðaþjónustunnar

FERÐA-ÞJÓNUSTA



Bryndís Kristjánsdóttir
leiðsögumaður og stjórnarmeðlimur Félags leiðsögumanna

Því betri innri uppbygging ferðaþjónustunnar á Íslandi, því meiri gæði. Í sumar hafa væntanlega komið fleiri ferðamenn til landsins en nokkru sinni fyrr og að sama skapi hefur umræðan um hvers konar þætti ferðaþjónustunnar sjaldan verið meiri. Oftar en ekki hefur umræðan snúist um það sem miður hefur farið – bæði hjá ferðamönnunum sjálfum og innri uppbyggingu í ferðaþjónustunni. Mjög nýleg dæmi um þetta er útlendi fjölskyldufaðirinn sem fór á fólksbíl upp á Langjökul með konu sína og þrjú börn. Hvað fór úrskeiðis hér sem orsakaði að hann lagði fjölskyldu sína í hættu á þennan hátt? Síðan varð illa búinn ferðamaður innlyksa úti í Gróttu þegar flæddi að og hræðileg sár voru skilin eftir í náttúrunni eftir utanvegarakstur. Margt fleira neikvætt væri hægt að nefna og einnig margt jákvætt en þessum pistli er ætlað að vekja athygli á einum innri þætti ferðaþjónustunnar þar sem fagmennska er höfð að leiðarljósi.

### 40 ára fagmennska

Leiðsögumenn hafa starfað sem stétt innan ferðaþjónustunnar í rúm 40 ár en Félag leiðsögumanna var stofnað árið 1972, að frumkvæði leiðsögumanna sem unnið höfðu við starfið um árabil. Starfið og stéttin hefur gengið í gegnum súrt og sætt en þó jafnt og þétt verið að vaxa og eflast. Nám leiðsögumanna hefur sömuleiðis þróast í áranna rás, í samræmi við kröfur ferðaþjónustunnar, og er í stöðugri þróun. Nú er svo komið að þrír skólar bjóða leiðsögunám þar sem kennt er samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins: Leiðsöguskóli Íslands sem staðsettur er í MK, Endurmenntun HÍ og Endurmenntun HA, og í vor hafa væntanlega útskrifast rúmlega 100 nýir leiðsögumenn. Að loknu námi í þessum skólum geta nemendur gengið í Félag leiðsögumanna en við aðild að fagfélaginu öðlast þeir rétt til að bera merki félagsins, sem sýnir að þar er um fagmenntaðan leiðsögumann að ræða en eingöngu slíkir fá að bera merkið. Allir sem starfa innan ferðaþjónustunnar geta síðan gengið í stéttarfélag félagsins, sem fer með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna og semur um laun sem að lágmarki skal greiða fyrir störfin.

### Eingöngu fagmenntaða

Allir ferðaþjónustuaðilar sem vilja tryggja sem best gæði í ferðum sem þeir bjóða eru með fagmenntaða leiðsögumenn í ferðum sínum, enda kveða kjarasamningar leiðsögumanna á um að það sé gert. Í áranna rás hefur sú saga komist á kreik að ekki sé til nægur fjöldi leiðsögumanna til að anna leiðsögn í landinu. Því er til að svara að á skrá félagsins eru rúmlega 800 leiðsögumenn – en mun fleiri fagmenntaðir leiðsögumenn hafa þurft að snúa sér að öðrum störfum því aðrir hafa verið ráðnir í þeirra stað. Rútubílstjórar eru hafsjór þekkingar á því hvaða vitleysur og undarlegu uppákomur eiga sér stað þegar „hver sem er“ leiðsegir í ferð um Ísland. Stundum eru það útlendingar sem hafa aldrei komið til Íslands áður eða Íslendingar sem eru tilækir þá stundina og geta talað viðkomandi tungumál!

Fagmenntaðir leiðsögumenn leiðsegja þannig að ferðamenn fá sem réttasta mynd af landi og þjóð. Þeir hafa lært það helsta sem snýr að öryggismálum og slysavörnum, og þeir sem fara með ferðamenn í óbyggðir læra enn meira, þeir þekkja innviði landsins og fylgjast með fréttum. Allt þetta, og meira, tryggir betur en ella að koma megi í veg fyrir að erlendir ferðamenn fari sér að voða – eða skaði landið. Það sjá því allir að það er ekkert nema ávinningur af því að engir nema leiðsögumenn fagmenntaðir á Íslandi leiðsegi í hópferðum um Ísland – og síðan má nýta sér fagþekkingu þeirra á ýmsan máta til að leiðbeina ferðamönnum sem kjósa að ferðast á eigin vegum.

# Landbúnaður og loftslagsmál

UMHVERFIS-MÁL



Hörður Harðarson
formaður Félags svínabænda

Í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem fram fór á dögunum boðaði Ban-Ki Moon, aðalritari samtakanna, leiðtoga ríkja heimsins til fundar um loftslagsmál. Tilefnið var að finna leiðir til að sporna við loftslagsbreytingum af manna völdum og leggja grunn að nýrri stefnu Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum fyrir loftslagsráðstefnuna í París á næsta ári. Ban-Ki Moon lét þar þau orð falla að „aldrei hefðu svo margir leiðtogar komið saman og heitið því að grípa til aðgerða vegna loftslagsbreytinga“ og átti þar bæði við leiðtoga risavelda á borð við Bandaríkin og Kína sem og litla Íslands. Það er því almenn samstaða um að aðgerða sé þörf en hvað er hægt að gera?

Rúmlega fjórðungur af öllum útblæstri gróðurhúsalofttegunda er vegna samgangna, það er að segja flutninga á fólki eða vöru frá einum stað til annars. Um það bil helmingur af því er tilkominn vegna flutninga á vöru. Þar sem Ísland er eyja í miðju Norður-Atlantshafi segir það sig því sjálft að vöruflutningar til landsins fela í sér gríðarmikinn útblástur gróðurhúsalofttegunda. Til landsins er flutt mikið af vörum sem ekki er hægt að framleiða hér á landi af ýmsum ástæðum en við höfum á móti náð miklum árangri við framleiðslu á annarri vöru. Því er rétt að skoða betur hvort Ísland geti aukið innlenda framleiðslu til að draga enn frekar úr flutningi til hagsbóta fyrir umhverfið. Í þessu felst tækifæri til aðgerða.

Íslenskur landbúnaður getur séð landsmönnum fyrir umhverfisvænni kjötvöru og grænmeti. Aðföng til landbúnaðar á Íslandi koma að litlu leyti að utan. Þá hafa tilraunir hér á landi við kornrækt bæði til manneldis og ekki síður til fóðurgjafar gefið það góða raun að miklar líkur eru á að hægt verði að draga nokkuð úr innflutningi á fóðri á næsta áratug.

Það er ekki bara verkefni þjóðarleiðtoga að bregðast við þeim þeim vanda sem hlýnun jarðar er. Þó vandamálið sé hnattrænt geta allir lagt sitt af mörkum til þess að leysa það. Með því að leggja áherslu á að neyta umhverfisvænna matmæla sem framleidd eru í nágrenninu er hægt að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda vegna vöruflutninga. Þar skiptir íslenskur landbúnaður miklu máli.

# Hvers vegna eru Kjöríssystkinin enn í Sjálfstæðisflokknum?

SAMKEPPNI



Ómar Helgason
bóndi

Umræðan í þætti Kastljóss þann 6. október síðastliðinn er áhugaverð. Þar voru rifjuð upp rúmlega 70 ára gömul samkeppnisbrot Mjólkursamsölunnar (MS) sem var sökuð um að setja Korpúlfsstaði, bú Thors Jensens, á hausinn. Eins og venjulega báru stjórnmálamenn enga ábyrgð, bara Mjólkursamsalan, sem var á þessum tíma dreifingaraðili á mjólk fyrir á þriðja tug mjólkurbúa um allt land. Ég hef ekki lesið mér sérstaklega til um hvers vegna lög um jöfnun flutningsgjalds voru sett á. Líklega var það til að tryggja næga mjólk fyrir höfuðborgarsvæðið. Langstærsta bú landsins, sem hafði stærðarhagkvæmni í rekstri, gat ekki borgað gjald sem var jafnt dreift á alla selda mjólkurlítra í landinu. Korpúlfsstaðabúið hlýtur að hafa verið illa rekið.

Það var fleira. Í Kastljósi segir Valdimar Hafsteinsson í Kjörís að Mjólkurbú Flóamanna (MBF) hafi beitt fjölskyldu hans ofbeldi. Fyrst með því að stöðva ostaframleiðslu föður hans og síðan með því að fara í samkeppni við Kjörís um ísgerð. Mjólkurbú Flóamanna, sem var stærsta mjólkurbú landsins á þessum tíma, beitti líka bolabrögðum með því að hætta niðurgreiðslu á smjöri til þess að setja rekstur Kjöríss á hausinn. Eðlilega fannst Valdimari fúlt að Mjólkurbú Flóamanna hefði ákveðið að beita stjórnvaldsaðgerð og hætta niðurgreiðslum á smjöri til ísgerðar. Þáttagerðarmaður Kastljóss áttaði sig ekki á að hvorki MBF né MS gátu tekið stjórnvaldsákvarðanir. Það var í höndum þáverandi landbúnaðarráðherra, sjálfstæðismannsins Ingólfs Jónssonar á Hellu.

Viðreisnarstjórnin, sem allir gamlir sjálfstæðismenn og kratar tala um eins og himnaríki með rjóma, sat á árunum frá 1959 til 1971. Allan tímann var Ingólfur Jónsson við völd sem landbúnaðarráðherra. Greinilega, eins og skilja má á Valdimar, hefur Mjólkurbú Flóamanna haft Ingólf í vasanum og því getað beitt honum fyrir sig gegn fjölskyldufyrirtæki Valdimars. Það hefur ekki verið fallega gert af Mjólkurbúinu og bráðum 50 árum síðar situr þetta enn í Kjörísssystkinunum.

Þar sem heiftin er enn svo mikil finnst mér merkilegt að þau systkinin skuli vera í framvarðarsveit sjálfstæðismanna á Suðurlandi, en systir Valdimars, Aldís, er fyrsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Hveragerðis og bæjarstjóri. Það hlýtur að fara um Aldísi þegar hún gengur inn í musteri flokksins við Háaleitisbraut að sjá þar mynd af manninum sem hlýddi skipunum, væntanlega að ofan, og gerði allt til að koma fjölskyldu hennar á vonarvöl.

### Tímabær umræða

Ég velti fyrir mér hvers vegna fólk hafi þá viðleitni að leita þangað sem illa er farið með það.

**➜ En hvers vegna kaupa þessar afurðarstöðvar ekki bara beint af bændum fyrst MS er svona ósanngjarnt?**

Ég skil ósköp vel að þau systkin séu alveg brjáluð út í MS en ég skil ekki hvers vegna þau starfa síðan fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sem var svo innilega leiðitamur Mjólkurbúi Flóamanna. Það er til málsháttur um þetta: Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur. Mannlegt eðli er erfitt að skilja og þar sem ég er nú bara bóndi en ekki sálfræðingur, verð ég að lifa við að skilja þetta ekki. En látum nú af tali um fornminjar.

Umræðan um MS finnst mér tímabær. Tvær afurðastöðvar hafa komið fram og kvartað yfir því að MS vilji ekki selja þeim mjólk á lægra verði en MS borgar mér fyrir afurðir mínar. En hvers vegna kaupa þessar afurðastöðvar ekki bara beint af bændum fyrst MS er svona ósanngjarnt í viðskiptum?

Ég vona að samkeppnisyfirvöld nái sínu fram þannig að ASÍ og BSRB hætti að ráðskast með verðlagningu og þar með álagningu einokunarfyrirtækinu MS á mjólkurvörum í gegnum verðlagsnefnd búvara. Ég á nefnilega hlut í MS, fyrirtæki sem fær aldrei að greiða arð og er með lélega ávöxtun á eigið fé. Ég vil fá 30%-50% ávöxtun á eigið fé á ári eins og samkeppnisfyrirtækið Hagar, dótturfélag Lífeyrissjóða ASÍ og Samtaka atvinnulífsins, fær. Samkeppni, já takk!

# Hækkun vsk. á bækur – og fer þá allt í vaskinn?

SKATTUR



Sigurður Pálsson
viðskiptafræðingur

Undanfarnar vikur hefur verið mikil umræða um fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á bækur og telja íslenskir bókaútgefendur að að þeim sé vegið. Í umræðunni virðist gleymast að þessi atvinnugrein hefur getu til hagræðingar og liggur það fyrst og fremst í tæknibreytingum þegar kemur að rafbókum.

Að mínu mati þurfa bókaútgefendur að horfast í augu við að rafræn útgáfa (leiga eða kaup) er líklega það sem koma skal, að minnsta kosti þegar horft er til kennslubóka bæði á framhaldsskólastigi, háskólastigi og jafnvel hluta skáldsagna.

Bókaútgefendur hafa bent á að rafræn útgáfa sé lítið ódýrari en hefðbundin bókaútgáfa. Ég tel að birgðahald, prentun og dreifing vegi þyngra en af er látið. Rafbókavæðing hefur möguleika á að ná betur til yngri lesenda með minni tilkostnaði. Yngri lesendur sækja sér nú þegar efni gegnum netið, sjónvarpið eða símann. Þegar kemur að fræðibókum og kennslubókum ætti rafbókin að geta haslað sér völl bæði á framhaldsskólastigi og sér í lagi á háskólastigi.

Háskólastigið hefur ákveðna sérstöðu þegar kemur að kennsluefni. Þar er um hærri fjárhæðir að tefla og líftími bóka þar er mun styttri – sem gerir útgáfu þeirra á prenti óhagkvæmari til lengri tíma litið. Um 75% þeirra eru erlendar og þar með innfluttar og kemur langstærsti hluti þeirra frá Bretlandi og Bandaríkjunum.

Umræðan hefur verið að nemendur útvegi sér auknum mæli námsefni á netinu, oft án endurgjalds. Hættan hér er að það námsefni uppfylli ekki þau gæðaviðmið sem háskólastigið gerir í raun kröfu um eða á að gera.

### Hvar liggur ávinningurinn?

Fjárhagslegur ávinningur af notkun rafbóka fer vaxandi, auk þægindanna sem klárlega eru fyrir hendi. Segja má að sú kynslóð sem nú vex úr grasi hafi ekki eins sterk tengsl við prentaða bók. Sú aðferðafræði sem hefur verið að hasla sér völl hjá þeim sem bjóða upp á rafrænt námsefni er að bjóða það til leigu til dæmis í 180 til 360 daga. Verðlagning rafræna efnisins hefur líka verið að mótast og er verð rafbókar oft 60% af verði prentaðrar, sem gerir að sjálfsögðu innflutning hennar að mun dýrari valkosti.

Sjá dæmi í þessum hlekk: http://www.coursesmart.co.uk/options-futures-and-other-derivatives-global/john-hull/dp/9781447919230

### Hvar liggja heildarhagsmunirnir?

Vandinn í dag liggur í því að það færist í vöxt að nemendur kaupi færri bækur og jafnvel engar bækur. Það hefur að sjálfsögðu áhrif á gæði námsins sem háskólar landsins hafa síður vilja ræða sérstaklega síðustu árin þar sem fjárframlög til þeirra hafa verið skert.

Kennsluefni er að lækka í verði með tilkomu rafbókanna – Hverjir hagnast?

Höfundarréttur er varinn; Nemandi borgar minna; Gæði náms aukast ef fleiri nemendur nálgast kennsluefnið.

### Hvar liggur hindrunin?

Safna þarf upplýsingum um hvaða titlar/bækur séu lagðir til grundvallar í námskeiðum á háskólastigi. Þetta nær til skyldulesningar auk hliðsjónarbóka.

**➜ Rafbókavæðing hefur möguleika á að ná betur til yngri lesenda með minni tilkostnaði.**

Það er enginn gagnagrunnur til sem heldur utan um bækur á E-formati sem nær til virkra kennslubóka á háskólastigi á Íslandi. Sama gildir um kennslubækur á framhaldsskólastigi.

### Hver væri draumastaðan?

Virkar kennslubækur á framhalds- og háskólastigi í boði á einu svæði eða í gegnum eina veitu þar sem öll formöt koma fram.

1 Hér er spurningin hvort menntamálaráðuneytið eigi að draga sig í hlé og láta einkaaðila spreyta sig við að miðla námsefni rafrænt til nemenda en að svo stöddu er enginn innlendur aðili að miðla virku námsefni á framhalds- og háskólastigi á rafrænu formi.

2 Vilja stjórnvöld hafa einhver áhrif á hvernig efninu verður miðlað til framtíðar til dæmis í gegnum einhverja sameiginlega veitu, ef til vill í samstarfi við aðila á Norðurlöndunum þar sem nám á háskólastigi er svipað að uppbyggingu og hér? Hér gæfist til dæmis tækifæri til að innheimta svokallað námsefnisgjald milliliðalaust samhliða skrásetningargjaldinu.

Ég held að í ljósi þeirra tæknibreytinga sem við höfum verið að sjá undanfarin misseri sé mikilvægt að móta skýra stefnu til framtíðar í þá veru að aðgengi okkar að námsefni sé með hagkvæmum hætti hvort sem það er á prenti eða því miðlað rafrænt.



MÁLNING
Á LÆGRA VERÐI
10 lítrar. Innimálning 3.995kr
10 lítrar. Innimálning 7.996kr 9.995
HarpaSjöfn Aðeins í
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
10 ltr
10 ltr
Impra veggmálning 10 ltr
Mött veggjamálning til notkunar innanhúss.
Gljástig 5, litur hvítur.
Vnr: 7119964
HarpaSjöfn Polytex 7 veggmálning 10 ltr
Polytex 7 er sterk veggmálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119970-7119977
10 lítrar. Innimálning 5.895kr
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
10 ltr
10 lítrar. Innimálning Akrýl 14.595kr
10 ltr
10 lítrar. Loftamálning 7.995kr
10 ltr
Impra veggmálning 10 ltr
Mött veggmálning til notkunar innanhúss.
Gljástig 10, litur hvítur
Vnr: 7119965
HarpaSjöfn Akryl 10 veggmálning 10 ltr
Polytex 10 er silkimött akrýlmálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119980
HarpaSjöfn Loftamálning 10 ltr
Polytex Loft 2 er sterk mött loftamálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119968
Jumbo trappa
3.995 kr
4.995
ALLAR Jumbo tröppur 20% AFSLÁTTUR
Rúllusett
1.195 kr
25 cm rúlla, bakki og handfang
ANZA Elite rúllusett
7014822
Solid 50
2.595 kr
150x75x30 litur galv
HILLUREKKAR MIKIÐ ÚRVAL
50 kg HVER HILLA
Hillurekki Solid 50 Galva
Stærð: 150x75x30 cm
5803671
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# Af hverju eru ekki allir í sama VSK-umhverfi?

SKATTUR



Ólafur H. Jónsson
náttúruverndarsinni

Það er sérkennilegt að hlusta á og lesa svör og athugasemdir þeirra aðila sem ekki greiða virðisaukaskatt, t.d. í ferðaþjónustu. Maður brosir nú bara þegar sagt er: „Allt of skammur fyrirvari,“ o.s.frv. Er ekki einu sinni áður búið að falla frá hækkun VSK vegna of skamms fyrirvara? Var þetta ekki sama kveinið og um fyrirhugaðan náttúrupassa, sem dó drottni sínum fyrir fæðingu? Hvað hafa þessir ferðaþjónustuaðilar tilkynnt sínum birgjum erlendis um þá staðreynd að gjaldtaka verði hafin inn á náttúruperlur Íslands og að auki verði um mögulega hækkun á VSK að ræða? Af hverju að leyna viðskiptavinum sínum því sem nær öll þjóðin og erlendir ferðamenn skilja að muni verða að veruleika?

Hvaða sanngirni er í því að öll rútufyrirtæki, Bláa lónið, Jarðböðin, allir sundstaðir, hvalaskoðunarfyrirtæki, ferðir með eða án leiðsögu, laxveiði, hótel, gistiheimili og bókaútgefendur, menning hvers konar o.s.frv., séu ekki í sama VSK-umhverfi eins og allir aðrir rekstraraðilar? Velta í þeim greinum sem ekki bera VSK nemur tugum milljarða, já tugum milljarða á ári. Af hverju þessi mismunun? Af hverju allar þessar undanþágur í VSK-umhverfi? Stenst slík mismunun stjórnarskrá? Drög í fjárlögum sem nú liggja fyrir eru alveg óskiljanleg ný túlkun á orðinu einföldun, þ.e. úr tveimur VSK-þrepum í tvö VSK-þrep? En niðurfelling vörugjalda er til fyrirmyndar og ber að þakka.

Einföldum VSK-umhverfið og setjum alla rekstraraðila, án nokkurra undantekninga, t.d. í 15% virðisaukastig.

Af hverju ekki að einfalda þetta umhverfi í eitt skipti fyrir öll, eins og er á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar? Það sem nú liggur fyrir sem drög í fjárlögum er öllum þeim sem fylgst hafa með alveg óskiljanleg ný túlkun á orðinu „einföldun“.

Það er mörgum atvinnugreinum „skotið undan“ vegna þess hve sterk ítök/áhrif viðkomandi aðilar eða samtök hafa innan dyra hjá þeim sem vilja nú „einfalda“ VSK-kerfið, slíkt er dapurlegt. Óskiljanlegt er að ný kynslóð alþingismanna skuli leggja til svona breytingar á VSK til einföldunar og trúa því sjálf að um einföldun sé að ræða. Ég bjóst nú við stærri smjörklípu, átti jafnvel von á heilu smjörstykki í þessu máli. Það hefur enginn ráðamaður, mér vitandi, hvorki til vinstri eða hægri, lagt fram tölulegan útreikning á því ef allir yrðu settir í t.d. 15% VSK-umhverfi á Íslandi, eða 16% eða 17%. Af hverju skyldi ekki? Hagsmunatengsl? Af hverju er þetta ekki lagt fyrir og þá kemur í ljós hvort ríkið nær að anda án erfiðleika þ.e. tekjulega miðað við t.d 15% VSK þrep. Það má reikna frekar með því að tekjur ríkisins muni aukast til muna, því skilvirkni virðisaukaskatts mun aukast.

**➜ Þora ráðamenn ekki að framkvæma slíka „einföldun“ vegna hagsmuna einstakra atvinnu- og menningargreina? Það er eins og allir stjórnmálamenn séu hættir að framfylgja hugsjónum sínum þegar í valdastólana er komið.**

### Þora ráðamenn ekki?

Þora ráðamenn ekki að framkvæma slíka „einföldun“ vegna hagsmuna einstakra atvinnu- og menningargreina? Það er eins og allir stjórnmálamenn séu hættir að framfylgja hugsjónum sínum þegar í valdastólana er komið. Eru allir að verða að sömu kennitölunni? Þorir enginn að standa í stafni og taka af skarið í þágu þjóðar? Það eru til aðferðir á rafrænni öld til hjálpar barnafólki, láglaunafólki, öryrkjum og öðrum hópum sem verst koma út úr slíkum breytingum.

Heldur fólk að Íslendingar hætti að kaupa t.d. bækur, sækja sundstaði, þjóðgarða eða aðra staði, fara í leikhús, á hljómleika o.fl. Og svo má líka fella niður alla boðsmiðana, hverju nafni sem þeir nefnast. Það fólk sem nú „lifir á boðsmiðum“ hefur alveg efni á því að greiða fyrir það sem það vill njóta.

Það ætti að vera frítt fyrir Íslendinga inn á almenna sundstaði því þeir hafa þegar greitt með opinberu skattfé sínu uppbyggingu sundlauga í gegnum áratugi. En slíku er t.d. ekki fyrir að fara hvað varðar erlenda ferðamenn, þeir hafa ekkert greitt í slíka uppbyggingu og eiga því að borga miklu hærra gjald fyrir slíkan aðgang m/vsk. Þessi mismunun gengur ekki upp er varðar náttúru Íslands, því nær ekkert hefur verið greitt af opinberu skattfé til verndunar eða uppbyggingar í áraraðir.

Það yrði ein stærsta hreinsun í viðskiptaumhverfi Íslands ef komið yrði á einu þrepi virðisaukaskatts. Ég undrast að samtök atvinnulífsins, neytendasamtök sem og samtök alþýðunnar (ASÍ) skuli ekki beita sér fyrir leiðréttingu á því ósamræmi sem er á Íslandi í virðisaukaskattsumhverfi. Fyrir hverja eru þessir forystumenn að vinna?






# Hver ætlar að axla ábyrgð á spítala við Hringbraut?

LANDSPÍTALI



**Sigurður Oddsson**
verkfræðingur

Fyrir fimm árum skrifaði ég í Mbl. að bygging háskólasjúkrahúss (HS) í Fossvogi væri langtum ódýrari, árlegur rekstrarkostnaður mikið lægri og aðkoma betri en við Hringbraut. Hringbraut var talið til tekna, að þá væru háskóli og spítali á sömu torfunni. Tímamæling frá HÍ inn á bílastæði LSH við Hringbraut og LSH við Borgarspítalann sýnir innan við tveggja mínútna mun. Deildir HÍ stækka og nýjar bætast við. Það mun halda áfram og óhagræði aukast. Bygging HS í Fossvogi og flutningur læknadeildar HÍ í Landspítalann við Hringbraut er lausn til frambúðar. Í leiðinni sparast tugir milljarða í bygginga- og rekstrarkostnaði. Byggingunni við Hringbraut, sem nú er á teikniborðinu, má breyta í háskólabyggingu fyrir húmanísk fög. Raungreinar verða áfram á Melunum.

Hér á eftir skal sýnt fram á að í Fossvogi er nóg pláss fyrir HS en mig skortir forsendur og tíma til að gera nákvæman samanburð á byggingar- og rekstrarkostnaði. Hugarreikningur sýnir langtum lægri kostnað í Fossvoginum.

1) **Nægilegt pláss?** Borgarspítalinn er að mestu sjö hæðir en hæstur tólf hæðir. Hægt er að byggja tvær álmur með legudeildum upp á 10–16 hæðir og milli þeirra 20–26 hæða turn fyrir skurðstofur, gjörgæslu o.fl. Landi hallar þannig að hagstætt er að hafa bílastæði á tveimur til þremur hæðum og keyra beint inn á þær án sérstaks ramps. Á þennan hátt er miklu meira pláss í Fossvoginum en við Hringbraut.

2) **Lægri byggingarkostnaður?** Lóð í Fossvogi er margfalt ódýrari en lóðir við Hringbraut sbr. verðmat á Vatnsmýri. Í Fossvogi er grunnur að mestu mómold, sem hægt er að moka upp og lítið um sprengingar. Grunnur undir hátt hús er mikið ódýrari en grunnar undir mörg lægri hús. Sama gildir um þak, lagnir o.fl. Hægt er að byrja strax á að grafa út lóðina, sem skapar mikla vinnu fyrir jarðvinnuverktaka. Steypt mannvirki geta hafist í beinu framhaldi af jarðvinnu.

3a) **Lægri rekstrarkostnaður í Fossvogi?** Munur á rekstrarkostnaði liggur fyrst og fremst í vinnuaðstöðu og launakostnaði. Vinnuaðstaða verður vart betri en með skurðstofur og það sem þeim tilheyrir í miðjuturni. Yfirferð starfsfólks verður minni og kostnaður við þrif lægri. Lyftur fyrir sjúklinga verða 100% aðskildar frá lyftum fyrir almenning. Ofan á miðjum turni er hægt að hafa þyrlupall með skýli fyrir þyrlu. Við Hringbraut verða áfram langir gangar fyrir flutning sjúklinga í og úr aðgerð eða rannsókn. Gangar, sem oft eru einnig notaðir af öðrum en sjúklingum og hjúkrunarfólki. Gangar sem óþægilegt er að láta ýta sér eftir og dýrt er að þrífa.

3b) **Lægri óbeinn rekstrarkostnaður?** Fossvogur liggur betur við helstu umferðaræðum og styttra í vinnuna fyrir alla sem búa austan Háleitisbrautar, í Kópavogi og þar fyrir sunnan. Á hverjum degi allt árið styttist ferðatími og bensín sparast. Álag á Miklubraut snarminnkar, sem styttir líka keyrslu tíma þeirra, sem ekki vinna hjá HS. Árlegur sparnaður gæti þjóðhagslega skipt milljörðum.

4) **Betri nýting núverandi húsnæðis í Fossvogi og við Hringbraut?** „Gamli“ Borgarspítalinn, sem er 30.000 m² nýtist áfram 100%. Gamli Landspítalinn nýtist undir læknadeild Háskóla Íslands og ýmsa aðra starfsemi sem tengist háskólanum og er nú dreifð um bæinn. Meira rými skapast fyrir raungreinar á Melunum. Með tímanum myndast samfellt háskólaþorp.

5) **Bætt aðstaða sjúklinga og lækna.** Í Fossvoginum er gott útsýni og lágmarks fjarlægð í og úr lyftu. Lyftur fyrir þá sem koma í heimsókn ná bara upp á hæðir með legudeildum. Mikið minni hávaðatruflun verður við lendingu þyrlu á turninn í Fossvogi. Í dag töpum við læknum úr landi. Læknar hafa komið heim og flutt út aftur. Lægri byggingakostnaði og árlegum rekstrarkostnaði væri vel varið til tækjakaupa, sem gæti snúið þessari þróun við.

Er hægt að snúa við? Á fundi á Grand Hóteli fyrir fjórum árum sagði Katrín Ólafsdóttir, lektor við HR, að of mörgum spurningum væri ósvarað til þess að skynsamlegt væri að halda áfram. Á sama fundi setti ég fram eitthvað af röksemdunum hér að ofan. Þá stóð upp embættismaður og sagði: „Það er búið að ákveða byggingu við Hringbraut og því verður ekki breytt!“ Þá ákvað ég að blanda mér ekki meir í þessa umræðu, sem var erfitt eftir að Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, kallaði eftir faglegri gagnrýni í Viðskiptablaðinu. Það sem hér fer á undan tel ég bæði málefnalegt og faglegt. Björn sagði 2–3 milljarða sparast við rekstur á einum stað. Í því sambandi er rétt að benda á að meira sparast við rekstur eins sjúkrahúss í Fossvogi en við Hringbraut. Þó svo búið sé að eyða miklu í undirbúning borgar sig að breyta um staðsetningu, þegar dæmið er reiknað til enda.

Ég á ekki von á að þessi grein hafi einhver áhrif á staðsetningu HS. Sagt var að ákvörðun um Hringbraut hafi verið tekin og henni verði ekki breytt.

Arkitektafélaginu og Verkfræðingafélagi Íslands er til ævarandi skammar að láta þetta norska mix við Hringbrautina ganga yfir án þess að kryfja til mergjar á faglegan hátt samanburð við Fossvog.

**➜Arkitektafélaginu og Verkfræðingafélagi Íslands er til ævarandi skammar að láta þetta norska mix við Hringbrautina ganga yfir án þess að kryfja til mergjar á faglegan hátt samanburð við Fossvog.**




# Fjölskyldan saman í vetrarfríi

## Dagskrá frístundamiðstöðva borgarinnar

### Árbær
**Mánudagur 20. október**
kl. 14:00-16:00 Sundlaugargleði fyrir fjölskylduna í Árbæjarlaug. Leikir og stuð. Frítt inn.
**Þriðjudagur 21.október**
kl. 12:00 Frístundamiðstöðin Ársel og Íbúasamtök Árbæjar bjóða til formlegrar vígslu á grillaðstöðu við Ársel/Árbæjartorg. Pylsur og drykkir í boði á meðan birgðir endast.

### Frostaskjól-Vesturbær
**Föstudagur 17. október**
kl. 11:00-12:00 Leikjasprell í íþróttasal KR.
kl. 12:00-15:00 Kaffihúsastemning í Frostaskjóli Opinn míkrófónn þar sem gestir og gangandi geta látið ljós sitt skína. Tónlistaratriði frá ungu kynslóðinni. Kruðerí og kósý drykkir til sölu. Spurningakeppni.
kl. 14:00-16:00 Sundlaugarpartý í Vesturbæjarlaug. KAF-tónlist og alls konar óhefðbundið en jafnframt afar skemmtilegt.

### Miðberg-Breiðholt
**Mánudagur 20. október**
kl. 13:30-16:30 Hin árlega Hrekkjavaka í Miðbergi. Draugahús, nornakaffihús og margt fleira skemmtilegt.

### Gufunesbær-Grafarvogur
**Föstudagur 17. október**
kl. 10:00-12:00 Klifurturninn við Hlöðuna opinn fyrir þá sem vilja klifra sér að kostnaðarlausu.
kl. 10:00-14:00 Útieldun. Kakó í boði fyrir gesti og gangandi og tilvalið að koma með sykurpúða eða annað til að steikja á teini.
kl. 12:00 Skráning hefst á frisbígolfmót. Hægt að fá lánaða diska á staðnum.
kl. 12:30 Frisbígolfmót (Folf),
kl. 14:00-16:00 Sundlaugarpartý fyrir fjölskylduna í Grafarvogslaug. Leikir og stuð fyrir alla fjölskylduna. Frítt inn.
**Mánudagur 20. október**
kl. 13:00-15:00 Bingó hefst í Hlöðunni. Gott að mæta tímanlega til að tryggja sér spjald. Ágóði rennur til ABC hjálparstarfs.

### Kampur-Miðborg og Hlíðar
**Föstudagur 17. október**
kl. 13:00-15:00 Upplifðu heiminn með Kampi. Fjölmenningarleg fjölskyldustund fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Ferðalag um ólíka menningu og ólík samfélög í miðri Reykjavík. Hrekkjavaka í mexíkóskum stíl, dýr frá ýmsum heimsálfum, fánar, leikir og annað skemmtilegt í boði. Fer fram í Hvíta húsinu og Stjörnuhæðum við Háteigsskóla.
kl. 13:00-15:00 Sundhöllin býður börnum frítt í sund.

### Kringlumýri-Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir
**Föstudagur 17. október**
kl. 11:00-14:00 Dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Kringlumýri, Safamýri 28. Boðið verður upp á fjölbreyttar smiðjur þar sem allir geta verið með. Má þar nefna skylmingar, föndur, útieldun, dans-leiki, sögustund og skutlugerð/keppni. Kaffi, djús og kleinur í boði fyrir alla.

## Menning fyrir fjölskyldur

### Borgarbókasafn
Borðspil, bingó, föndur og fjölskyldusamvera í vetrarfríinu. Upplestur úr nýjum barnabókum í Gerðubergssafni, Sólheimasafni, Kringlusafni, Foldasafni og Ársafni. Leiðsögn í aðalsafni um sýninguna *Að þið skulið vera að þessu* sem tileinkuð er Guðrúnu Helgadóttur rithöfundi.
Sjá www.borgarbokasafn.is

### Borgarsögusafn Reykjavíkur
**Sjóminjasafn**
Á Sjóminjasafninu færðu innsýn í aldargamalt sambýli Íslendinga við hafið. Í vetrarfríinu verður boðið upp á skemmtilega ratleiki um sýningar safnsins.
**Árbæjarsafn**
Skemmtilegar og fróðlegar sýningar fyrir fjölskylduna *Komdu að leika* og *Neyzlan – Reykjavík á 20. öld* verða opnar í vetrarfríinu. Opið verður á milli 13:00 og 16:00 föstudag, mánudag og þriðjudag.
**Landnámssýningin**
Ratleikur með rúnum. Ef þú heldur að þú hafir það sem þarf til að ráða ráðgátuna og lesa í fornar rúnir skaltu endilega koma á Landnámssýninguna. Tilvalinn leikur fyrir alla fjölskylduna.

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur
*Stelpumenning er yfirheiti sýningar*, sem varpar ljósi á upplifanir og athafnir stelpna innan samfélags sem krefst ákveðins útlits, hegðunar og frammistöðu. Í vetrarfríinu verður boðið upp á skemmtilegan teiknileik þar sem fjölskyldur geta sest niður og unnið með sýninguna saman í gegnum teikningu.
www.borgarsogusafn.is

### Listasafn Reykjavíkur
**Ásmundarsafn – Listsmiðja**
Sunnudag 19. október og mánudaginn 20. október kl. 10-13 Opin listsmiðja fyrir börn í tengslum við sýninguna *A posteriori: Hús, höggmynd.*
*Hús og skúlptúr - leikur með efni.* Opin smiðja fyrir 7 ára og eldri. Þátttakendum er boðið að vinna módel sem gæti verið hús og skúlptúr í einni heild. Börn undir 7 ára í umsjón forráðamanna eða eldri systkina eru velkomin. Þátttakendur skrái sig fyrirfram á listasafn@reykjavik.is. Umsjón Emma Lindahl, myndlistarmaður og listgreinakennari.
**Kjarvalsstaðir**
Listasafn Reykjavíkur býður fjölskyldufólk velkomið í *Hugmyndasmiðjuna* á Kjarvalsstöðum. Hún er alltaf opin og aðgangur ókeypis.

### Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
Skemmtilegur ratleikur fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Hægt að fá upplýsingar um ratleikinn í miðasölu garðsins.

### Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Sýningar fyrir alla fjölskylduna;
- *Hvað á barnið að heita?* Skírnar- og nafnakjólar Berglindar Birgisdóttur
- *Walking around Iceland X58* - ljósmyndir og önnur verk Cayetano Navarro
- *Átthagar* - olíumyndir eftir Kristin Alexandersson

Leiksýning: *Langafi prakkari* - Möguleikhúsið sunnudaginn 19. október kl. 15.00, miðaverð 2.500 kr. www.gerduberg.is

# Höfuðborgin og hestamennskan

LANDSMÓT


**Ágúst Sigurðsson**
sveitarstjóri Rangárþings ytra


**Ísólfur Gylfi Pálmason**
sveitarstjóri Rangárþings eystra


**Björgvin G. Sigurðsson**
sveitarstjóri Ásahrepps

Landsmót hestamanna fara fram annað hvert ár og eru á meðal mestu viðburða mannlífs og íþrótta í landinu öllu. Staða íslenska hestsins er einstök. Gripurinn er annálaður og hylltur víða um lönd. Enda framfarir í hrossarækt og sýningum síðustu áratuga hreint afrek sem hefur tryggt hestinum okkar sterka stöðu til langrar framtíðar.

Landsmótahald er mikið verk og keppast nokkur svæði um að fá mótin til sín í hvert sinn. Skiljanlega, enda fylgir mótahaldinu mikil uppbygging og umsvif á mörgum svæðum. Hvert svæði hefur fjölmargt til síns ágætis og um tíma leit út fyrir sátt um að mótin yrðu haldin til skiptis sunnan heiða og norðan, á Vindheimamelum í Skagafirði og á Gaddstaðaflötum á Hellu. Þannig væri hægt að byggja upp öflug svæði sem gætu gengið að því vísu í áætlunum sínum hvenær næsta mót færi fram á svæðinu.

Þessu breytti sú ákvörðun stjórnar Landssambands hestamanna að halda mótið í Víðidalnum í Reykjavík fyrir tveimur árum. Nú er þeim sjónarmiðum teflt fram í grein í Fréttablaðinu í vikunni af þeim Gunnari Arnarsyni og Kristbjörgu Eyvindardóttur að mótunum skuli fundinn varanlegur staður í Víðidalnum, og margar ágætar ástæður tíndar til málinu til stuðnings.

Engar brigður skulu af okkur bornar á að sómi sé af mótahaldi á höfuðborgarsvæðinu, nema síður sé. Þar er allt til alls og fjölmenni borgarinnar á bak við. Hins vegar vaknar spurningin: þarf allt að sogast til Reykjavíkur? Þarf líka að fara með Landsmótið þangað eftir áratuga vel heppnað mótahald úti á landi sem hefur getið af sér mikla uppbyggingu t.d. á Gaddstaðaflötum á Hellu sem öll hestamannafélögin á Suðurlandi, utan eitt, standa að og eiga?

### Fráleit nálgun

Nei, er okkar svar við því. Það er fráleit nálgun og ákvörðun um það væri afleit. Fjölmennustu mótin eru haldin á Gaddstaðaflötum á Hellu og þau mót skila ávallt hagnaði. Þá er búið að byggja upp prýðilega aðstöðu á svæðinu og stórhuga áætlanir uppi um að bæta hana enn frekar.

Hesthúspláss er í nágrenninu fyrir öll keppnishross eins og sýndi sig í sumar þegar ágangsveður varð til þess að öll hrossin voru hýst. Hótel og gistihús eru á næsta leiti, enda iðar allt í kringum ferðaþjónustu á svæðinu, auk þess sem fjöldi kraftmikilla hestabúgarða er allt í kring um Gaddstaðaflatir.

Svæðið á Hellu hefur allt upp á að bjóða í miðri mekku íslenskrar hrossaræktar. Um það er mikil samstaða í héraðinu öllu að standa dyggilega við bakið á landsmótssvæðinu á Gaddstaðaflötum, enda skiptir mótahaldið miklu fyrir Suðurlandið allt.

Við skorum á stjórn Landssambands hestamanna að halda áfram að finna landsmótum hestamanna stað úti á landi, enda hefur höfuðborgin upp á fjöldamargt annað að bjóða þó Landsmót hestamanna bætist ekki líka við í flóru borgarlífsins. Það skiptir hins vegar okkar byggðir miklu máli að halda glæsileg landsmót með reglulegu millibili, greininni og héraðinu öllu til mikils framdráttar.

# Vaknaðu, það er kominn nýr dagur!

MENNTUN


**Eva Magnúsdóttir**
stjórnendaráðgjafi og formaður fræðslunefndar í Mosfellsbæ

Menntamálaráðherra fer nú um landið og kynnir hvítbók sína sem sett var fram í sumar. Framsetning Illuga á gögnum opnaði augu mín enn frekar fyrir því hvað við stöndum frammi fyrir mikilli áskorun sem er menntun barna og ungmenna. Hvítbókinni er ætlað að vera grundvöllur að umræðu og samráði við alla þá sem hag hafa af og áhuga á eflingu menntunar í landinu. Í hvítbókinni er lagt mat á stöðu okkar í dag og er þá stuðst við gögn úr niðurstöðum úr PISA-könnunum. Sett eru fram tvö meginmarkmið: annars vegar að auka lestrarfærni grunnskólanema og hins vegar að auka hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma. Ég var viðstödd einn slíkan fund í Mosfellsbæ og vildi með þessari grein m.a. þakka ráðherra fyrir einstaklega vel framsettan fund. Fundurinn var opinn öllum og var samtal og hvatning ráðherrans til helstu forystumanna skólamála á Íslandi og allra þeirra sem áhuga hafa á menntun í landinu.

Þessi aðferð, að koma inn í sveitarfélögin til þess að hvetja skólafólk til góðra verka svo þróuninni verði snúið við, finnst mér hreint frábær og mættu margir læra af ráðherranum að virkja baklandið sitt.

### Lestrarhæfni hefur forspárgildi

PISA-könnun sýnir fram á að gera má betur varðandi læsi ungs fólks á Íslandi, sérstaklega drengja. Bágur lesskilningur getur haft afar neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri þeirra síðar meir. Samkvæmt PISA-könnuninni hefur hlutfall 15 ára nemenda sem ekki getur lesið sér til gagns hækkað úr 15% árið 2000 í 21% árið 2012. Staðan er verri meðal drengja þar sem þriðjungur þeirra á í erfiðleikum með lestur. Þessar staðreyndir hvetja mann til umhugsunar og hvítbókin er því sannarlega þarft innlegg og hvatning til okkar um betrumbætur í skólakerfinu.

Ráðherra benti á töpuð tækifæri þeirra sem ekki ná tökum á læsi að lesa og nefndi einnig tapaðar framtíðartekjur sem er staðreynd þegar fólk flosnar upp úr námi. Ísland sker sig úr hópi helstu samanburðarlanda í því hversu fáir ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma en innan við helmingur íslenskra ungmenna sem innritast í framhaldsskóla lýkur námi á skilgreindum námstíma. Jafnframt sker Ísland sig úr varðandi upphaf háskólagöngu en á Íslandi hefja nemendur að jafnaði háskólagöngu um tvítugt á meðan þeir byrja 18 eða 19 ára í OECD-löndunum. Á Íslandi er hlutfall fullorðinna sem ekki hafa lokið framhaldsskóla um 30% og er það hærra en í nágrannalöndunum. Hugsanlega getur stytting framhaldsskólans haft á þetta áhrif.

**➜ Ísland sker sig úr hópi helstu samanburðarlanda í því hversu fáir ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma…**

### Tökum höndum saman

Þetta eru stórar og miklar áskoranir og verkefni og eins og öll stór verkefni kalla þau á að við vöknum og tökum öll höndum saman við lausn þeirra. Til þess að íslensk ungmenni hafi sömu tækifæri og sömu tekjumöguleika og jafnaldrar þeirra erlendis þá þurfa foreldrar og skólasamfélagið að taka jafnan þátt í því lestrarátaki sem nú er að hefjast í öllum grunnskólum landsins. Það hlýtur að vera grunnurinn að betra samfélagi.

# Kjarabarátta tónlistarkennara

KJARAMÁL


**Freyja Gunnlaugsdóttir**
formaður samninganefndar Félags íslenskra hljómlistarmanna

Nú á haustdögum standa tónlistarkennarar í erfiðri kjarabaráttu. Samningar hafa verið lausir um átta mánaða skeið og þau smánarlaun sem tónlistarkennarar hafa þegið fyrir vinnu sína hafa dregist langt aftur úr öðrum stéttum með sambærilega menntun.

Ísland hefur á undanförnum árum vakið athygli fyrir frjótt og spennandi tónlistarlíf og margir íslenskir listamenn hafa getið sér gott orð á alþjóðavettvangi. Þessi gróska á rætur að rekja til þess góða starfs sem unnið hefur verið í tónlistarskólum landsins. Tónlistarmenntun hefur verið almenn á Íslandi og skólarnir hafa gegnt mikilvægu hlutverki sem mennta- og menningarstofnanir víða um land. Tónlistarmenntun er mikilvægur þáttur í grunnmenntun þjóðarinnar og það að iðka tónlist frá barnsaldri gerir fólk hæfara til þess að takast á við lífið á margvíslegan hátt. Þar læra menn góð vinnubrögð, að koma fram, gagnrýna hugsun og það að vinna í hóp auk þess að upplifa galdur tónlistarinnar sem gerir veröldina bærilegri. Ótal rannsóknir sýna fram á að tónlistarmenntun hafi jákvæð áhrif á aðra menntun, bæði í raungreinum og hugvísindum.

Tónlistarkennarar eru breiður hópur fólks og flestir af okkar færustu tónlistarmönnum eru í þeirra hópi. Ein af meginástæðum þess að íslenska tónlistarskólakerfið er eins sterkt og raun ber vitni er sá mannauður sem starfar innan skólanna. Menntunarstig stéttarinnar er hátt og nemendur hafa aðgang að færustu sérfræðingum á sínu sviði. Í fáum öðrum löndum kenna leiðandi hljóðfæraleikarar þjóðarinnar á framhaldsstigi og allt niður í grunnstig. Það er gríðarlega mikilvægt að þessi hópur haldi áfram að kenna og miðla áfram dýrmætri þekkingu og reynslu. Þau eru mikilvægar fyrirmyndir fyrir þá kynslóð tónlistarmanna sem er að vaxa úr grasi. Það er ekki hægt að ætlast til að sérfræðingar sinni kennslu í sjálfboðavinnu, hvorki í tónlist né öðrum greinum.

**➜ Tónlistarkennarar hvetja sveitarfélögin til þess að leiðrétta það launamisrétti sem skapast hefur á síðustu árum.**

### Launamisrétti verði leiðrétt

Ekki er síður mikilvægt starf þeirra sem hafa helgað líf sitt kennslu og að hjálpa nemendum að feta sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni. Í tónlistarskólum landsins er unnið óeigingjarnt starf sem skilar árangri til framtíðar og lyftir menntunarstigi þjóðarinnar upp á annað plan.

Tónlistarkennarar hafa farið fram á eðlilega launaleiðréttingu til jafns við þær stéttir sem vinna sambærileg störf. Tónlistarkennarar eru háskólamenntuð stétt og krefjast þess að sú menntun sé metin til launa til jafns við aðrar stéttir.

Tónlistarkennarar hvetja sveitarfélögin til þess að leiðrétta það launamisrétti sem skapast hefur á síðustu árum. Það er eðlilegt hlutverk sveitarfélaga að fylgjast með launaþróun og leiðrétta þá stöðu sem þeir bera sjálfir ábyrgð á. Það eru engin rök sem geta réttlætt að tónlistarkennarar þiggi mun lægri laun en aðrir kennarar og stéttir með sambærilega menntun.

Við hvetjum sveitarfélögin til þess að ljúka samningum við tónlistarkennara og vinna að því að leiðrétta þann alvarlega launamun sem skapast hefur milli tónlistarkennara og annarra stétta.

# Viðbrennd og ólystug terta Sjálfstæðisflokksins

STJÓRNMÁL


**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Sjálfstæðisflokkurinn bar í áratugi höfuð og herðar yfir aðra íslenska stjórnmálaflokka með víðsýnni og frjálshuga stefnuskrá, sem borin var fram af sannfæringu. Og fylgið brást ekki.

Flokkurinn hafði forystu í flestum málum, sem vörðuðu þjóðarheill. Við myndun núverandi ríkisstjórnar vakti það mikla furðu, að Sjálfstæðismenn skyldu samþykkja að fela Framsókn ábyrgð á bæði forsætis- og utanríkisráðuneytinu. Hið síðarnefnda hefur lengi haft allan svip af hugsunarhætti þeirra. Þar er Sjálfstæðisflokkurinn nú fyrirferðarlítill áhorfandi og umhverfið breytt. Í stíl við þetta hafa forystumenn flokksins ekki treyst sér til að standa við mikilvægt loforð, gefið rétt fyrir síðustu alþingiskosningar.

Í Fréttablaðinu, 3. október sl. er sagt frá fundi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur með eldri Sjálfstæðismönnum. Þar taldi hún „rétt að draga til baka aðildarumsókn að Evrópusambandinu“ eins og utanríkisráðherra hefur lagt til. Þetta kom svo sem ekki á óvart. Þetta er bara staðfesting þess, að flokkinn hennar skortir í dag það sem ég lýsi hér í fyrstu málsgreininni. Þess vegna hefur flokksforystan látið sér það sæma að læðast ófyrirséð í bakpokann, sem kjósendur fengu með sér út í nýtt kjörtímabil og skipt þar um einn af þýðingarmestu nestispökkunum, sem áttu að viðhalda hinu pólitíska þreki næstu árin.

Hvað var í pakkanum? Þar var afstaðan til samningaumræðna við ESB. Við getum líkt henni við lagskipta tertu. Neðsta lagið, grunnurinn, hlýtur að vera orð formannsins Bjarna Benediktssonar: „Við höfum haft það sem hluta af okkar stefnuskrá að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál, og við munum standa við það.“

Í öðru laginu getum við lesið allt önnur orð Hönnu Birnu: „Að sjálfsögðu mun Sjálfstæðisflokkurinn standa við það, að þjóðin fær að ákveða, hvort það verði gengið lengra í þessu máli.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir á þriðja lagið: „Eina leiðin til að komast að niðurstöðu er að spyrja þjóðina um það, hvert skuli halda núna.“

Illugi Gunnarsson kemur næstur „ …síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin fái að segja sinn hug. Þá eru allir menn og allir flokkar bundnir af þeirri niðurstöðu.“

### Misheppnaður glassúr

Þarna eru fjögur býsna samstæð lög, sem lofuðu góðu á sinni tíð og menn gleyptu við sem nesti út í nýtt kjörtímabil. En nú hefur flokkurinn, að óvörum, skipt algjörlega um innihald pakkans. Þar er þó enn terta, en allmikið breytt, virðist hafa verið bökuð í allt of heitum ofni stjórnarráðsins. Bjarni Benediktsson hefur, þvert ofan í mikilvægt loforð komið með gagnstæða fullyrðingu: „Það er hvorki stefna Sjálfstæðisflokksins né Framsóknarflokksins að slík atkvæðagreiðsla fari fram.“ Ummæli Hönnu Birnu koma svo eins og misheppnaður „glassúr“ ofan á þetta.

Sagan er í raun ótrúleg og að dómi margra ekki geðslegt eða hollt nesti fyrir flokksmenn, sem hafa verið aldir upp við kjörorðið: „Gjör rétt, þol eigi órétt.“ Þorsteinn Pálsson, fv. formaður Sjálfstæðisflokksins, og einn virtasti stjórnmálaskýrandi landsins, sagði enda þegar þetta kom í ljós: „Menn kusu flokkinn út á þetta. Nú hefur formaðurinn ákveðið að svíkja þetta. Þetta er eitt stærsta kosningaloforð, sem gefið hefur verið í íslenskum stjórnmálum, og þetta eru ein stærstu svik sem gerst hafa í íslenskum stjórnmálum.“

**➜ Orð Hönnu Birnu sýna, að ráðamenn Sjálfstæðisflokksins eru sem í herkví. A.m.k. er tertan þannig gerð, að hún hlýtur að fara illa í maga þeirra sem aldir eru upp við orð skuli standa.**

Bjarni hefur borið því við, að það hefðu verið „enn meiri svik“ að fara ekki eftir samþykktum flokksins, Með þeim orðum viðurkennir hann svik sín. Ég kann ekki að leggja mat á svik. Sá sem þau framkvæmir hlýtur alltaf að bera það nafn, sem þeim fylgir.

Til þess að reyna að breyta afstöðu stjórnvalda og þá einkum Sjálfstæðisflokksins til samninga um Evrópuaðild voru mikil fundahöld á Austurvelli sl. vor og síðan afhentar undirskriftir 53.555 kjósenda, sem vildu efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og töldu málið brýnna en svo, að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða því. Þess vegna þurfi þjóðarvilji að koma fram.

Þetta var hins vegar eins og að skvetta vatni á gæs. Orð Hönnu Birnu sýna, að ráðamenn Sjálfstæðisflokksins eru sem í herkví. A.m.k. er tertan þannig gerð, að hún hlýtur að fara illa í maga þeirra sem aldir eru upp við að orð skuli standa. Enn alvarlegra er þó, að tillaga Gunnars Braga er á þingmálaskrá hans og ekki þarf að draga í efa, að þrýst verður á, að hún komi fram sem fyrst.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**1,8 MILLJÓNIR FYLGJENDA**
Tískurisinn Chanel gerðist nýlega meðlimur á Instagram. Viðbrögðin létu ekki á sér standa því merkið fékk 1,8 milljónir fylgjenda á fyrsta sólarhringnum.


TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk Kristall
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Aukakílóin burt
spínat extrakt með Thylakoids
Aptiless: Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð.
Thylakoids: Dregur úr hungri - Minnkar sykurlöngun
Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum.
Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir apótek og heilsubúðir.



Kringlukast
20% afsláttur af
UTZON DRANELLA PULZ
TUZZI KRINGLUNNI
OPIÐ TIL KL 21
Vertu vinur okkar á Facebook




# BUXNAHVÍSLARINN SEM HEILLAR ALLA

**TÍSKUGÚRÚ** *Joshua Reuben David er mesti sérfræðingur landsins í gallabuxum og hefur einstaka hæfileika til að finna réttu buxurnar fyrir viðskiptavininn. Hann segir að konur taki of stórt númer af gallabuxum.*

Joshua er hress og glaðlegur. Hann tekur á móti viðskiptavinum í Levi's-búðinni í Kringlunni, þar sem hann starfar, og veit nákvæmlega hvernig buxur viðkomandi vill. Joshua vekur athygli þeirra sem koma í búðina og fyrir ári varð hann efni í Bakþankaspistil í Fréttablaðinu. „Nú þarf svo sem ekki ófreskan mann til að draga þá ályktun að karlmaður í gallabuxnabúð sé að leita sér að gallabuxum en allt háttalag mannsins orkaði á mig eins og hann byggi yfir sjötta skilningarvitinu. Þegar hann rétti mér pokann með nýju buxunum, sem hvað sem verðmiðanum leið kostuðu lágmarksómak, bauð hann mig velkominn aftur. „Eftir hverjum á ég að spyrja?“ spurði ég. „Þeir kalla mig buxnahvíslarann.“,“ sagði í pistlinum.

## EKKI SÝNA PÍPARANN

Joshua segir það rétt að hann sé kallaður buxnahvíslarinn, enda hafi hann sextán ára reynslu í afgreiðslustörfum og sé mesti sérfræðingur landsins á þessu sviði. Þegar hann er spurður hvort það sé vandi að velja gallabuxur, svarar hann: „Já, að sjálfsögðu og konum finnst það sérstaklega. Þær ▶

**SÉRFRÆÐINGURINN** Joshua er afar sérstakur afgreiðslumaður sem sannarlega kann sitt fag. MYND/GVA


Valhöll er komin aftur!
Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.
20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
*3.5% lántökugjald
Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 74.900 kr. |
| 120x200 | 79.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. |
| 160x200 | 104.900 kr. |
| 180x200 | 114.900 kr. |

Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

TUPPERWARE LAGERSALA



Allt að 60% afsláttur!
Opið alla virka daga í október kl. 13:00-18:00

Mirella ehf – heildverslun
Háholt 23, 270 Mosfellsbær
Sími: 586 8050 / Netfang: mirella@simnet.is



Jakkar



kr. 10.900.-
Litir: brúnt og svart
Str. 40-56/58

Rita
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Við erum á Facebook


eru auðvitað mismunandi í vextinum en það góða við Levi's-gallabuxur er að þær eru hannaðar með það að leiðarljósi. Ég lít á mjaðmir og rass kvenna og finn réttu gallabuxurnar út frá vextinum. Ástæða þess að konum finnst erfitt að kaupa buxur er að þær hafa slæma reynslu af því. Ég heyri oft að strengurinn í mittið sitji illa og þegar þær beygja sig kemur píparinn í ljós. Strengurinn má ekki að vera of hár en heldur ekki of lágur. Ef buxurnar eru of háar í mittið verður rassinn dropalegur, eins og hann sé að síga niður," útskýrir Joshua.

**GAMLA, GÓÐA SNÚRAN**

„Konur þurfa auk þess að taka einu númeri minna af gallabuxum en þær telja. Nútímagallabuxur eru þynnri en þær voru. Efnið er blandað pólýester og teygju. Þegar kona mátar buxur þarf hún að hugsa um hvernig þær verða eftir viku en þá hafa þær víkkað um heilt númer. Svo á ekki að þvo gallabuxur oft. Alltaf skal þvo þær á röngunni, nota fljótandi þvottaefni, ekkert mýkingarefni og alls ekki setja þær í þurrkara. Bara gamla, góða snúran," segir Joshua.

Þegar hann er spurður hvaða snið séu helst í tísku, svarar hann: „Alls konar gallabuxur eru alltaf í tísku en svokallaðar „skinny" buxur hafa verið mjög vinsælar. Í mínum huga á maður að velja gallabuxur eftir karakter og vexti. Leggjalöng stúlka á auðvitað að sýna leggina og ganga í þröngum buxum. Öðrum fer betur að vera í buxum sem eru lausari um lærin. Annars er hið klassíska snið, Levi's 501, mest seldu gallabuxur í heiminum. Gallabuxur eru fyrir allan aldur. Ég hef afgreitt konur yfir áttrætt sem eru flottar í gallabuxum."

**VÍGVÖLLUR TUNGUNNAR**

Joshua segir að það taki hann 5-10 mínútur að aðstoða karlmann í buxnaleit á meðan það tekur að minnsta kosti hálftíma að sannfæra konur. „Karlmenn hafa þrennt í huga þegar þeir koma inn í búðina, lit, snið og þægilegheit. Konur eru hins vegar alltaf að pæla í rassinum á sér og hafa miklar áhyggjur af rassvösum eða hvernig þeir liggja. Maður lendir stundum á vígvelli tungunnar þegar maður reynir að sannfæra konur í gallabuxnaleit," segir buxnahvíslarinn hlæjandi og bætir við: „En þegar maður nálgast þær rétt er það aldrei vandamál. Það á að vera gaman að kaupa sér buxur. Mitt hlutverk er að finna réttu buxurnar og að viðskiptavinurinn gangi ánægður út."

**SKEMMTILEGT STARF**

Joshua starfaði lengi hjá G-Star á meðan sú verslun var starfandi hér og síðan í verslun Sævars Karls. „Ég hef farið á mörg námskeið hjá gallabuxnaframleiðendum og hef sogið í mig allar upplýsingar. Þegar ég fer í innkaupaferðir læri ég líka margt. Mér finnst þetta ótrúlega skemmtilegt starf og hlakka alltaf til mánudaga," segir Joshua sem bíður spenntur eftir jólaösinni en hann er ætíð reiðubúinn að aðstoða fólk í gallabuxnaleit.

Þegar Joshua er ekki í vinnunni dansar hann samkvæmisdansa og stefnir á keppni á nýju ári. „Svo er ég með betri tölvuleikjaspilurum hér á landi," segir Joshua sem á íslenska móður en föður frá Filippseyjum sem skýrir nafnið hans.

■ elin@365.is



**KANN REGLURNAR** Joshua veit allt um gallabuxur en líka að hverju viðskiptavinurinn er að leita. MYND/GVA





Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!

„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim.„

natures aid




GMP vottað hráefni




Losnaði við sykurþörfina og 9 kíló farin frá í vor!

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega."

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

www.gengurvel.is

# ÞEIR SEM NOTA OPTIBAC EXTRA STERKAN FINNA MUNINN STRAX

**RARITET KYNNIR** *Bætibakteríublandan „For Every Day – Extra Strength" frá OptiBac er ein öflugasta probiotic-varan á markaðnum í dag – umsagnir þeirra sem hafa prófað segja sína sögu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið.*

Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics-gerlana," segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota OptiBac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvimleiðu einkennum."

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjanotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflóruna, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflóruna. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma."

Marta notar For Every Day extra sterkan sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidopilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.



**VELLÍÐAN** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af ObtiBac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag. MYND/DANÍEL

**OPTIBAC EXTRA STERKUR – GÆTI GERT ÞITT LÍF BETRA!**

- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.
- Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. Acidopilus NCFM®
- Yfir 75 greinar birtar í viðurkenndum vísindaritum.
- Virkar vel gegn ýmiss konar húðvandamálum, svo sem unglingabólum, rósroða, exemi og bólum.
- Virkar gegn IBD og IBS, Chron's og candida-ofvexti.




- Styrkir ónæmiskerfið og minnkar hættu á flensu og umgangspestum.
- Dregur úr áhrifum ofnæmis, til dæmis af völdum dýra, frjókorna og annarra umhverfisþátta.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum.
- Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.
- Mælt með fyrir þá sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (ulcerative colitis, diverticulitis, Crohn's sjúkdómur), candidaofvöxt og fæðuóþol.

**OptiBac Probiotics fæst í öllum helstu apótekum og heilsuvöruverslunum.**




„Ég er allt annar maður eftir að ég fór að taka inn **Pharmepa Omega 3 EPA** frá Igennus og er miklu fljótari að jafna mig eftir æfingar og lengri sund.

**Auk þess finn ég fyrir mun meiri orku og einbeitingin er betri.**"

Árni Þór Árnason, 44 ára afreksmaður og sjósundkappi

PRENTUN.IS

Pharmepa

**Igennus Pharmepa** endurstillir hlutfallið af Omega 3 EPA og Omega 6 og dregur úr bólgumyndun í líkamanum sem er undirliggjandi þáttur varðandi þróun á mörgum lífsstílssjúkdómum.

**Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfjaveri, Heilsuveri, Lyfsalanum, Árbæjarapóteki, Urðarapóteki, Heilsutorginu Blómavali, Lyfjavali ogApóteki Suðurnesja**

# GEGN HÆGRI MELTINGU OG HÆGÐATREGÐU

**RARITET KYNNIR** *byltingarkennda lausn fyrir alla sem þjást af hægðatregðu eða eru með lata þarma. Allt að 4 skammtar á dag og hægðatregðan er úr sögunni.*

Hægðatregða eða hæg melting er algengt vandamál hjá fjölda fólks; einkum konum, börnum, unglingum og eldra fólki, auk þess sem margir upplifa meltingartruflanir af þessu tagi á ferðalögum.

„Bifidobacteria & Fibre" frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probioticgeril í heimi og probiotics-trefjar í miklu magni sem koma reglu á meltinguna.

Þeim sem hafa lágt hlutfall vinveittra baktería í þörmum er hættara við hægðatregðu og því dugandi heilræði að auka inntöku á góðum bakteríum, eins og virku bakteríunni Bifidobacterium lactis BB-12®.

„Bifidobacteria & Fibre" kemur meltingunni í lag og er öruggt til inntöku fyrir börn eldri en eins árs, fullorðna, barnshafandi konur og konur með börn á brjósti. Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag en við hægðatregðu er ráðlagt að taka upp í fjóra skammta daglega; með morgunmat, hádegismat, kvöldmat og áður en farið er að sofa.

Hentar einstaklega vel fyrir þá sem eru háðir því að nota hægðalosandi vörur. Veldur ekki niðurgangi en kemur eðlilegri þarmastarfsemi í gang þannig að mun meiri líkur eru á því að eðlileg meltingarstarfsemi komist á hjá fólki. Mikilvægt er að drekka vel af vatni þegar BB12 er notað.

***Nánari upplýsingar á www.facebook.com/optibaciceland***




**MELTINGIN Í LAG** Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag.

OptiBac probiotics

One week flat

Minnkar þembu og losar vind úr meltingunni á viku!






„Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra"

Marta Eiríksdóttir jógakennari

@OptiBac www.facebook.com/optibaciceland













**ÞRIÐJUDAGSKJÓLL** Hér er kjóllinn sem Ásdís klæddist á þriðjudaginn en hann keypti hún í Gyllta kettinum.

# NÝR KJÓLL Á HVERJUM DEGI

**TÍSKULEGUR MEISTARAMÁNUÐUR** *Ásdís Þórólfsdóttir spænskukennari er hálfnuð með meistaramánaðaráskorun sína. Sú snýst um að klæðast mismunandi kjól á hverjum degi mánaðarins.*

Ég á ekki 31 kjól og er því skemmtilega nauðbeygð til að kaupa mér nokkra slíka," segir Ásdís, sem hefur það sem af er októbermánuði klæðst sextán kjólum úr eigin eigu og enn á hún nokkra til viðbótar. „Nú þarf ég að fara að skipuleggja mig vel næstu daga."

Innt eftir því hvernig þessi meistaramánaðaráskorun hafi komið til svarar Ásdís: „Ég er spænskukennari og í spænsku 200 er ég að kenna nemendum mínum um fötin. Þann 1. október setti ég hópnum mínum fyrir það verkefni að lýsa fötum sínum þann daginn. Ég fékk kennaranema til að taka mynd af mér eins og dúkkulísu fyrir Facebook-síðu hópsins og skrifaði við myndina á spænsku að ég væri í rauðum kjól með svörtum doppum. Þarna í byrjun október voru allir að tala um meistaramánuð. Þeir ætluðu að gera armbeygjur, borða chia-graut og lesa skáldsögur. Ég hugsaði með mér að það gæti verið mín áskorun að klæðast nýjum kjól á hverjum degi," segir Ásdís. Hún byrjaði fyrst á að setja myndir af sér á Facebook. „Þótt meistaramánuður snúist mikið um að vera egósentrískur fannst mér það fullmikið og ákvað því að búa til Pinterest-síðu sem musteri um kjólana mína," segir hún glettin.



**Á BÓKASAFNI** Kjóllinn er úr Kjólum og konfekti.



**Á BÍLASTÆÐI** Kjóll úr Spútnik.



**VIÐ HÚS NÁGRANNAKONU** Kjóllinn var innarlega í skápnum.



**Í GARÐINUM** Kjóll keyptur í Rauðakrossbúð í London.

**INNIKJÓLAR Á SUNNUDÖGUM**

Ásdís segist ekki hafa áttað sig á því í byrjun hversu marga kjóla hún ætti í raun en þeir eru yfir tuttugu talsins. „En ég er líka búin að fara í rifna kjóla, gamla kjóla og á sunnudögum passa ég mig á að nota innikjólana sem ég nota til að skúra í," segir hún. Ásdís er á leið til Rómar með samstarfsfélögum sínum úr Menntaskólanum við Hamrahlíð og hlakkar til að komast á kjólamarkaði þar ytra. „Fólk hefur spurt mig hvort ég geti ekki fengið lánaða kjóla en mér finnst það gera lítið úr þessari frábæru ástæðu minni til að afsaka kjólakaup," segir hún og hlær.

**BÖRNIN TAKA MYNDIRNAR**

Fyrstu myndirnar af Ásdísi voru teknar inni á skrifstofu í ullarsokkum og inniskóm. „Ég fékk skammir frá vinkonum mínum fyrir þessi ósmekklegheit og hef reynt að bæta mig með ullarsokkana. Svo hef ég líka verið að þróa myndirnar með því að finna skemmtilegan bakgrunn fyrir þær. Ég er búin að vera með hús nágrannakonunnar, bókasafnið í Norræna húsinu og fjöruna. Núna þegar ég fer til Rómar er stefnan að taka myndir með Péturskirkjuna og Colosseum í baksýn."

**HIPPALEG MEÐ MIKIÐ HÁR**

Ásdís gengur töluvert í kjólum og finnst skemmtilegir hippalegir og litríkir kjólar. „Nemendurnir segjast þekkja mig úr fjarlægð á litríkum kjólum og miklu hári," segir Ásdís kímin. Kjólar voru henni þó ekki alltaf jafn hugleiknir. „Ég var alger strákastelpa þegar ég var lítil og þoldi ekki kjóla. Amma saumaði einu sinni jólakjóla á mig og systur mína og ég grét á jólunum yfir að þurfa að klæðast kjól, fimm ára gömul. Kannski er ég að jafna þetta út núna," segir hún og hlær.

■solveig@365.is

Þeir sem vilja skoða kjóla Ásdísar geta farið á ***www.pinterest.com/asdisoghugi/oktoberkjólar-ásdísar***







Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook 1. hæð Kringlunnar Sími: 551-1314

# TEIKNAR Á TÖSKUR

**HÖNNUN** *Grafíski hönnuðurinn og myndlistarmaðurinn Ania Litvintseva sýnir um þessar mundir í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Línuteikningar hennar hafa vakið athygli en hún hefur útfært þær á töskur.*

Ég flutti til Íslands fyrir rúmu ári og vinn sem jógakennari í líkamsræktarstöðinni Átaki á Akureyri. Ég er frá Austur-Síberíu, bjó nokkur ár í Kína, í nokkra mánuði á Indlandi og nokkur ár í Póllandi áður en ég útskrifaðist úr grafískri hönnun í Rússlandi árið 2010,“ segir listakonan Ania Litvintseva, en hún hefur vakið athygli fyrir teikningar sínar og myndlistarverk.

Á Akureyri má gjarnan sjá Aniu sitja á kaffihúsum og teikna en hún segist nýta sér kaffihúsin til að vinna og eldhúsborðið heima.

„Ég á alveg eftir að koma mér upp vinnustofu,“ segir hún.

Sýning á verkum Aniu, 50 shades of red, stendur nú í Bergi, menningarhúsi á Dalvík þar sem umfjöllunarefni Aniu er rauðhært fólk.

„Þetta er portrettsýning en ég hef líka verið að prenta teikningar á póstkort og á textíl. Mér finnst það mjög skemmtilegt og mín fyrsta textíllína er töskur með teikningum af Akureyri. Síðar er von á fleiri útgáfum,“ segir Ania.

Hvaðan færðu innblástur?

„Frá umhverfinu í kringum mig og öllu sem ber fyrir augu hér á Akureyri.“

Sýning Aniu í Bergi stendur til 28. október.

Nánar má forvitnast um myndlist Aniu á: www.behance.net/ania_akureyri og á Facebook.

heida@365.is

**AKUREYRI**
„Þetta er portrettsýning en ég hef líka verið að prenta teikningar á póstkort og á textíl. Mér finnst það mjög skemmtilegt og mín fyrsta textíllína er töskur með teikningum af Akureyri. Síðar er von á fleiri útgáfum.“



**GILIÐ** Línuteikningar Aniu gefa skemmtilega mynd af bænum. MYND/ANIA




**AKUREYRI** Ania segist fá innblástur frá umhverfinu og því sem ber fyrir augu á Akureyri. MYND/ANIA



**FYRSTU TÖSKURNAR** Ania Litvintseva flutti til Íslands fyrir rúmu ári og hefur vakið athygli fyrir teikningar sýnar. Sýning stendur yfir á verkum hennar í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Ania hefur útfært teikningarnar á töskur og von er á fleiri útgáfum. MYND/AUÐUNN



**KAFFIHÚS** Ania nýtir sér kaffihúsin til að vinna og teiknar þá gjarnan það sem fyrir augu ber. MYND/ANIA






# OSCAR DE LA RENTA RÆÐUR ARFTAKA



**OSCAR DE LA RENTA** Á tískuviku í New York.

Peter Copping, sem áður starfaði sem listrænn stjórnandi Ninu Ricci, hefur verið skipaður nýr listrænn stjórnandi tískumerkisins Oscar de la Renta. Frá þessu er greint á vef Vogue-tímaritsins.

Þar með er ljóst að hinn aldni hönnuður Oscar de la Renta lætur sjálfur af listrænni stjórnun á sínu eigin merki en hann mun áfram skipta sér af stefnu og fagurfræði merkisins.

Fyrsta línan undir stjórn Coppings verður sýnd á tískuvikunni í New York í febrúar þegar kynnt verður tískulína Oscar de la Renta fyrir haustið og veturinn 2015.

„Eftir tuttugu ár í París er þetta mikilvægt skref fyrir mig. Oscar de la Renta hefur mótað bandarískan glæsileika fyrir nokkrar kynslóðir kvenna og þetta tækifæri að vinna með honum að framtíð merkisins er spennandi,“ sagði Copping þegar tilkynnt var um breytinguna.



**PETER COPPING**

# TAGL Í ÖLLUM HÆÐUM

*Taglið er alltaf klassísk greiðsla sem auðvelt er að skella í. Það fer eftir duttlungum tískuspekúlanta í hvaða hæð taglið á að vera en miðað er við þrjár mismunandi útgáfur sem hver hefur sína kosti.*

Tískan í dag leyfir nánast allt og á tískusýningum fyrir vorið 2015 sáust allar útgáfur þannig að nú er bara að velja þá gerð taglsins sem hentar best hverju sinni.

**Lágt tagl** Þessi greiðsla getur bæði gengið hversdags og við fín tilefni en hún er létt og frjálsleg. Greiðslan er ekki áberandi þannig að hún dregur ekki athygli til sín. Hversdags hentar betur að hafa taglið laust og láta hárið falla frjálst í kringum andlitið. Þegar greiðslan er notuð við hátíðlegri tilefni ætti að sleikja hárið allt vel aftur í taglið og festa það vel. Skiptingin á hárinu ætti að vera rétt, öðrum hvorum megin við miðju.

**Millihátt tagl** Þessi útgáfa gefur stelpulegra yfirbragð. Þegar taglið er staðsett á miðju, aftanverðu höfðinu hreyfist hárið mest. Það er einnig í beinni línu við augun sem gefur andlitinu náttúrulega upplyftingu og lætur konuna virðast yngri.

**Hátt tagl** Þetta er pönkaðasta taglið. Það ætti að staðsetja efst á hvirflinum þar sem hárið skiptist á náttúrulegan hátt. Til þess að forðast að líta út fyrir að vera á leiðinni í ræktina með þessa greiðslu ætti alltaf að greiða það slétt aftur.



**JANET JACKSON** Hérna er Janet með fallegt hátt tagl á réttum stað.

## ÁHRIF FRÁ BURBERRY

**Herðaslár sækja í sig veðrið.**





**LÍFGA UPP Á** Munstraðar herðaslár sækja verulega í sig veðrið um þessar mundir en það má að miklu leyti rekja til haust- og vetrarlínu Burberry sem var kynnt í febrúar síðastliðnum. Íslendingar virðast ætla að taka vel í þessa sveiflu enda notaleg tilhugsun að geta sveipað um sig þykkri ullarslá á hrollköldum vetrarkvöldum. Þær eru ekki síður klæðilegar og lífga verulega upp á hvers kyns fatnað.

## VISSIR ÞÚ AÐ

...í Grikklandi til forna æfðu menn naktir? Orðið gymnasium þýðir nakinn á grísku.

...meðal Bandaríkjamaður á sjö gallabuxur?

...fyrir seinni heimsstyrjöldina þótti ekki sæmandi að konur klæddust stuttbuxum?

...meðal amerísk kona eyðir fimmtán milljónum í föt um ævina? Hún kaupir 271 skópar, 185 kjóla og 145 töskur.



...flest föt eru búin til úr bómull? Bómullarnotkun varð þó ekki útbreidd fyrr en í kringum 1800. Önnur algeng fataefni eru hör, pólýester og nælon.

...10-25 prósent vestrænna kvenna nota ekki brjóstahaldara? 75-85 prósent nota brjóstahaldara í vitlausri stærð.

...vintage fatnaður er 20 til 100 ára? Retro er nýlegur fatnaður sem minnir á fyrri tíð.
















**FLOTTUR Í TAUINU** Terry Devos segist ekki hlaupa eftir tískubólunum en hefur alltaf verið hrifinn af fallegum hlutum og flíkum.

MYND/STEFÁN

# FYLGIR EKKI TRENDUM

**HERRATÍSKA** *Terry Devos hefur unnið fyrir bæði Gucci og Dolce & Gabbana auk fleiri tískurisa. Hann er listrænn stjórnandi og yfirhönnuður hjá Skyrtu en þar má fá sérsaumaðar skyrtur meðal annarra fallegra flíka og fylgihluta.*

Terry Devos klæðist því sem honum líður vel í og kaupir fallegar flíkur þegar hann rekst á þær. Hann er frá Úganda en hefur búið hér á landi í átta ár. Terry hannar föt fyrir Skyrtu en fyrirtækið opnaði nýlega verslun þar sem hann og fleiri vilja deila því sem þeir hafa lært í tískubransanum í gegnum árin með öðrum.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Ég hef aldrei hugsað sérstaklega út í það en ætli ég vilji ekki bara láta mér líða vel og vera frjáls í fötunum sem ég klæðist – hvað ætli sá stíll kallist? Ég veit það alla vega ekki.

**Ertu tískumeðvitaður?** Ég hugsa um tískuna en það er aðallega vegna þess að ég vinn í tískubransanum og ég hef alltaf verið hrifinn af fallegum hlutum og þeir höfðað til mín.

**Hefur þú lengi pælt í tískunni?** Ég myndi ekki segja það, ég fylgi til dæmis ekki tískubólum. Ég fór fyrst að pæla í hverju ég klæddist þegar ég byrjaði að vinna hjá Gucci fyrir löngu, en bara af því að það var ætlast til þess af mér að vera fínn í tauinu þar. Auk þess var pabbi minn alltaf vel til fara svo líklega hef ég tekið eitthvað upp eftir honum.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Hvar sem er, allt sem vekur áhuga minn og ég hef efni á kaupi ég.

**Eyðir þú miklu í föt?** Satt að segja geri ég það ekki vegna þess að alla mína ævi hef ég unnið í einhverju tískutengdu þannig að ég hef fengið flest allt sem ég á frítt.

**Hverju klæðist þú þegar þú ferð út á lífið?** Það fer eftir tilefninu. Ef það er eitthvað eftir vinnu fer ég bara eins og ég er klæddur þá stundina. Ég reyni að ofhugsa ekki útlitið, ef mér líður vel í því sem ég er í þarf ég ekki að hafa sérstaklega fyrir því og fara í einhverjar aðgerðir. Ef tilefnið er hátíðlegra fer ég eflaust í jakkaföt eða eitthvað fínna.

**Uppáhaldsflíkin?** Blazerar eru uppáhaldið mitt, þeir láta hvaða druslu sem er líta betur út …

**Bestu kaupin?** Skór!

**Verstu kaupin?** Ég keypti einu sinni úr sem virkaði ekki.

**Uppáhaldshönnuðurinn?** Minn algjörlega uppáhalds er Ozwald Boating. Ég elska hvernig hann notar liti og snið á fallegan máta.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir veturinn?** Ég hef nú ekki keypt mér neitt fyrir veturinn í töluverðan tíma en ég gæti þurft að fá mér úlpu frá 66°Norður þar sem sú sem ég á er orðin ansi gömul.

**Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku?** Hmm, látum okkur sjá, ég elska úr þannig að ef ég á að nefna eitthvað sem ég fell fyrir og kaupi ef ég hef efni á því þá eru það úr.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Hef aldrei spáð í það, en ef það er einhver þá er það Ozwald Boating.

## PABBI ALLTAF VEL TIL FARA

„Ég fór fyrst að pæla í hverju ég klæddist þegar ég byrjaði að vinna hjá Gucci fyrir löngu, en bara af því að það var ætlast til þess af mér að vera fínn í tauinu þar. Auk þess var pabbi minn alltaf vel til fara svo líklega hef ég tekið eitthvað upp eftir honum."

GREEN DIAMOND

Hin einu sönnu

# HARÐKORNA DEKK

## ...öruggust í prófunum*

VARIST EFTIR-LÍKINGAR!

**RANNSÓKNIR FAGAÐILA TALA SÍNU MÁLI...**

Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traficc Institut (VTI*) á vetrardekkjum komu Harðkornadekkin mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni.

Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnýtt hráefni

* *www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
☎ 611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum.

GARÐABÆR

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í heilt ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Harðkornadekkjunum."

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

ISAVIA

"Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson, verkefnastjóri fjármálasviði / innkaupadeild.*

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

„Við hjá Öryggismiðstöðinni erum með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson, frkvstj. fjármálasviðs.*

Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum

„Fyrir tæpu ári settum við Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að þau standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á viðráðanlegu verði."

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

HAFNARFJÖRÐUR

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minnkun svifryksmengunar. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Harðkornadekk umfram önnur dekk."

*Gunnar Guðnason, umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna" dekkjum á Íslandi.]

– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– virka allan líftíma dekksins

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
Íslenskt hugvit með umhverfi og öryggi að leiðarljósi.
hardkornadekk.is • panta@hardkornadekk.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2012, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. Rnr.142305.

**Toyota Kletthálsi**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2009, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.240150. TILBOÐ kr: 2.890.000,-



MERCEDES-BENZ B 180 CDI blue efficiency. Árgerð 2014, ekinn 6 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990996.



Kia Sorento. Árgerð 2010, ekinn 70 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.990596. TILBOÐ kr: 3.190.000,-



Kia cee'd EX 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2013, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.990965. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**




ISBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2014 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4**

Sá flottasti, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Þennan verður þú að skoða, ATH 1 eftir, Tilboðsverð aðeins 10.990þkr, Eru í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**




Ford Expedition XLT, árg. 2007, ek 146þ.km, DVD, Leður, Lúga, 8 manna, heilsársdekk, Flottur bíll, Ásett verð 3290þ.kr, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Svartur Mercedes Bens CLS 500, árg. 06, í toppstandi, hlaðinn aukabúnaði til sölu. Ekinn aðeins 71 þús. km Verð tilboð. Guðlaugur gsm.:896-0747.



**TOYOTA RAV - TILBOÐ 199PÚS !**

Toyota Rav árg. 99 ek. 220þús beinsk. sk. ,15, þarfnast smá lagfæringar. Góð dekk. Tilboð 199 þús. S. 891 9847



Til sölu er þessi eðal vagn sem er Toyota Corolla 1600 árgerð 2004 sjálfskiptur og ekin aðeins km 89.200. Verð kr. 800.000. Upplýsingar í síma 897 2740.

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Suzuki Cool Car 1400, 4x4 árg. 2013 ekin 1300km. (nýr bíll) skráður 6 manna en með belti fyrir 8 (hægt að fá breytingu á skráningu) Ný vetradekk fylgja. Verð 2.850þús. Uppl. í s. 6995595




## 0-250 þús.



**ÓDÝR SPARIBAUKUR 250 ÞÚS!**

Daewoo Matiz SE-X 800 árg' 99 ek.115 þús,sk.15, nagladekk og sumardekk á felgum fylgja, fínn snattari sem eyðir mjög litu verð 250 þús s.841 8955

## 250-499 þús.



**YARIS 450 ÞÚS - GOTT EINTAK**

TOYOTA YARIS 1.0 VVT-I árg'00 ek.157 þús, beinsk, tímakeðja, ný vetradekk smurbók, mjög heilt eintak, verð 450 þús möguleiki á 100% visaláni í 36 man s.841 8955



**TILBOÐ 100% LÁN**

GOLF COMFORTLINE Nýskráður 24.04.2002. Sk 2015. Ekinn 154 þús, topplúga, álfelgur. Verð 649 þús en TILBOÐ 467 ÞÚS. 100% vísa/euro lán í boði. Uppl 693-0053

## 500-999 þús.



**DISEL - TILBOÐ 899 ÞÚS 100% VISALÁN**

VW GOLF DISEL árg 2007 6 gíra ek. 204 þús, 5 dyra, heilsársdekk, filmur álfelgur ofl. mjög góður bíll sem eyðir engu ásett verð 1390 þús TILBOÐ 899 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 800 ÞÚS.STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 800þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar



**TILBOÐ 2490 ÞÚS M/VSK**

Til sölu Renault Master Nýskráður 05.02.2008. Ekinn aðeins 113 þús, nýskoðaður og ný tímareim og ný málaður. Verð 2890 þús en TILBOÐ 2.490 m/ vsk. Flottur bíll. Upplýsingar í síma 693-0053.

568 5000 NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar




**VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Bukolludekk-hjólaskófludekk Ofl Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR**
**BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

VAKA



**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal púst viðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

TRÉSMIÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**SMÍÐAR OG RAFMAGN.**
**ÁRATUGAREYNSLA**

Getum bætt við ökkur verkefnum í raflögnum og smíðavinnu. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 848 6904

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verk. Uppl. 8478704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

Nudd tilboð. Nuddstofan. Sími. 5616254/8553199.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**NÝJAR VÖRUR**

Bolur á mynd 4990.- margir litir mörg munstur Fiðrildapeysa síð 5990.- Þykkar leggings 3990.- stærð s-xl Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til eldri/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## atvinna


SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARA
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.



Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL — STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**Hörður Hafsteinsson ehf. Múrarameistari**
Flísalagnir • Flotgólf • Pússning
Viðgerðir • Vélslípun • Gólfsteypa
Glerveggjahleðsla
*Þar sem góðar hugmyndir og reynsla fara saman.*
Sími 898 0565 • hordurhafsteins@simnet.is

XPRENT -merkir allt
Hafðu samband við okkur ef þig vantar:
bílamerkingar
inni- og útimerkingar
striga- og ljósmyndaprentun
prentun á gsm hulstur
límmiða á veggi
texta á veggi o.fl.
www.xprent.is
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Startarar og alternatorar**
*Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.*
*Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir*
*55ár í þjónustu við bíleigendur!*
Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginnehf@simnet.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

EYJALIND
**Túrbínur frá öllum helstu framleiðendum**



Vertu vinur okkar á Facebook
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist


## Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is



Jólin þín byrja í IKEA
2.450,-
STRÅLA hengiljós, stjarna
Ø100cm. Ýmsir litir
Ljósapera seld sér
SMYCKA gervi-grenikrans 1.950,-
Ø45cm. Grænt
STRÅLA LED skraut-lýsing 9.990,-
H63cm. Kerti/ólitað
SKURAR blómapottur 990,-
B12×L40, H14cm. Hvítt
Fæst einnig rautt
995,-/3 í setti
STRÅLA LED luktir
H6,7 og 9cm. Ýmsir litir
Rafhlöður seldar sér
VINTER 2014 púði 2.850,-
B40×L65cm. Prjónað/hvítt
NORNÄS bekkur 13.950,-
B38×L138, H45cm. Fura
2.850,-/stk.
URSULA púðaver
B65×L65cm. Rautt eða drappað
ROTERA lukt f/kubbakerti 2.950,-
H38cm. Hvítt
LUDDE gæra 7.950,-
Grátt. Lambsskinn
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2014

† 



Ástkær kona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG ÓSK ÓSKARSDÓTTIR**
**Skipasundi 46, Reykjavík,**

lést laugardaginn 11. október á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin verður auglýst síðar.

**Hörður Smári Hákonarson**
**Anna María Gestsdóttir** **Ellert Hlíðberg**
**Óskar G. Gunnarsson** **Sjöfn Magnúsdóttir**
**Haraldur R. Gunnarsson** **Ragna Ársælsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HARÐAR HJARTARSONAR**
**frá Seyðisfirði.**

**Sigfríð Hallgrímsdóttir**
**Bjarndís Harðardóttir**
**Valur Harðarson** **Þuríður Höskuldsdóttir**
**Hjörtur Harðarson** **Mimie Fríða Libongcogon**
**Hallgrímur Harðarson** **Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir**
**Helena Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍSABET PÉTURSDÓTTIR**
**Hvassaleiti 56, Reykjavík,**
**áður Álftamýri 30,**

sem lést á Landakotsspítalanum laugardaginn 11. október, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 17. október kl. 13.00.

**Gylfi N. Jóhannesson** **Hrefna Einarsdóttir**
**Guðrún J. Jóhannesdóttir** **Guðjón J. Jensson**
**Anna Jóhannesdóttir Hjörvar** **Ari Hjörvar**
**Pétur Þ. Jóhannesson** **Kolbrún Bessadóttir**
**Sigríður J. Jóhannesdóttir Waack** **Hans Waack**
**barnabörn og langömmubörn.**

†



Ástkær sonur minn og unnusti,

**MAGNÚS HELGI VIGFÚSSON**
**Lyngheiði 3, Selfossi,**

lést þriðjudaginn 23. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

**Charlotta Halldórsdóttir**
**Úlfhildur Stefánsdóttir**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGVALDI GUÐNI JÓNSSON**
**Sóltúni 15, Keflavík,**

lést föstudaginn 10. október á Hrafnistu í Reykjanesbæ. Jarðsungið verður í Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Erna Geirmundsdóttir**
**Geirmundur Sigvaldason** **Ásdís Gunnarsdóttir**
**Þorsteinn Ingi Sigvaldason** **Auður Gunnarsdóttir**
**Sigrún Sigvaldadóttir** **Kristinn Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ALBERTSSON**
**Heggsstöðum, Kolbeinsstaðahreppi,**

sem lést fimmtudaginn 9. október, verður jarðsunginn frá Kolbeinsstaðakirkju laugardaginn 18. október kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð dvalarheimilisins Brákarhlíðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST** 16. OKTÓBER 1946

## Tíu háttsettir nasistar teknir af lífi

Á þessum degi árið 1946 voru tíu háttsettir þýskir nasistaforingjar teknir af lífi með hengingu, vegna glæpa gegn mannkyninu og stríðsglæpa í seinni heimsstyrjöldinni. Tveimur vikum áður voru mennirnir fundnir sekir af alþjóðlegum stríðsglæpadómstól í Nürnberg og dæmdir til dauða, ásamt tveimur öðrum nasistaforingjum: þeim Hermann Göring, stofnanda Gestapó, en honum tókst að svipta sig lífi aðeins fáeinum klukkutímum fyrir aftökuna. Hinn var Martin Bormann sem var ekki viðstaddur dóminn.

Meðal þeirra sem teknir voru af lífi voru Joachim von Ribbentorp utanríkisráðherra og Wilhelm Frick, innanríkisráðherra í nasistastjórninni. Sjö aðrir, þar á meðan Rudolf Hess, fengu fangelsisdóma frá tíu árum og allt upp í lífstíðarfangelsisdóm, en þrír þeirra voru sýknaðir. Réttarhöldin stóðu í nærri tíu mánuði og voru þau fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Alþjóðlegur dómstóll samanstóð af fulltrúum frá Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Frakklandi og Bretlandi. Hinn 16. október voru hinir tíu dæmdu hengdir einn af öðrum.





**LEIKSTJÓRINN** Saga Jónsdóttir skrifaði verkið ásamt Stefaníu E. Hallbjörnsdóttur og leikstýrir því einnig. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Saga um baráttu fyrir bættum kjörum

Saga Jónsdóttir leikstýrir nýju leikriti sem fjallar um baráttu verkafólks í Gefjunarverksmiðjunum á Akureyri, komu Bretanna í bæinn og breytingarnar sem því fylgdu.

Leikfélag Hörgdæla frumsýnir í kvöld Verksmiðjukrónikuna, nýtt íslenskt leikrit eftir Sögu Jónsdóttur og Stefaníu Elísabetu Hallbjörnsdóttur. Í leikritinu segir frá lífi og starfi verkafólks í verksmiðjunni Gefjun á Akureyri á árunum 1940-1942. Bretarnir komu til Akureyrar, sem hafði ýmsar breytingar í för með sér og mikið var um að vera í bænum. Ungu stúlkurnar heilluðust og nýir tímar runnu upp.

„Þarna unnu um þúsund manns á sínum tíma og í verkinu fáum við að kynnast margs konar persónum sem starfa í verksmiðjunum. Það er verkfall í bígerð hjá þeim og því ýmislegt sem gengur á,“ segir Saga, en ásamt því að vera annar höfundur verksins leikstýrir hún sýningunni. En hvernig kviknaði þessi hugmynd? „Við Stefanía vorum að vinna saman, en hún hefur leikið hjá mér áður. Ég fór að segja henni sögur og að mig langaði að gera eitthvað tengt verksmiðjunum. Í framhaldi af því fór hún að segja frá hugmynd sinni um það að gera eitthvað tengt því þegar Bretarnir komu hingað. Okkur fannst tilvalið að tengja þetta saman, þetta var svo spennandi og merkilegur tími,“ segir Saga.

Verksmiðjurnar skipta Sögu miklu máli, en faðir hennar, Jón Ingimarsson, var formaður Iðju, félags verksmiðjufólks, í áratugi en félagið var stofnað 1936. „Okkur langaði svo að sýna líf fólksins sem var að vinna þarna og baráttu þess fyrir bættum kjörum. Unga fólkið í dag skilur þetta ekki, en á þessum tíma var ávallt unnið á laugardögum og vinnutíminn mun lengri en gengur og gerist í dag,“ segir Saga. Hún segir mikið af yngra fólki á Akureyri í dag ekki vita um tilvist verksmiðjanna og hversu mikill iðnaðarbær Akureyri var.

Fjöldi leikara kemur að sýningunni og segir Saga aldurshópinn mjög dreifðan. Leikritið verður frumsýnt í kvöld á Melum í Hörgárdal. „Það er mikill kraftur í þeim og þetta verður ofsalega gaman,“ segir Saga. - asi

> **Unga fólkið í dag skilur þetta ekki, en á þessum tíma var ávallt unnið á laugardögum og vinnutíminn mun lengri en gengur og gerist í dag.**

# Sautján daga söngkeppni í Kína

Sópransöngkonan Alexandra Chernyshova heldur tónleika og safnar fyrir söngkeppnisferð.

Alexandra Chernyshova sópransöngkona heldur styrktartónleika í Seltjarnarneskirkju í kvöld klukkan 20. Tilefni tónleikanna er ferð Alexöndru til Kína en þar tekur hún þátt í alþjóðlegri söngkeppni í Ningbo, og mun hún verða fyrst allra Íslendinga til þess að taka þátt. Yfirskrift tónleikanna er Sautján dagar í Kína, sem er tilvísun í fjölda daganna sem hún verður úti. Allir tónleikagestir verða leystir út með fallegum gjöfum, geisladiskum sem Alexandra hefur gefið út á undanförnum árum. Alexandra mun flytja á tónleikunum öll lögin sem hún ætlar að syngja í keppninni. Lögin verða flutt á sjö tungumálum, meðal annars á kínversku. Er þetta í sjötta sinn sem keppnin er haldin og taka hátt í níutíu manns þátt, hvaðanæva úr heiminum. Keppnin verður eins og áður sagði haldin í Ningbo í Kína dagana 20. október-31.október.



**KEPPIR Í KÍNA** Sópransöngkonan Alexandra Chernyshova tekur þátt í söngkeppni í Kína.

sloggi®

# SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA
# Á TILBOÐI
## á útsölustöðum Sloggi

TILBOÐ




þér líður betur í Sloggi

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Nýtt kortatímabil **Nýtt kortatímabil** Nýtt kortatímabil

Aðeins 42 kr. þvotturinn
**1598** kr. 38 þvottar
Ariel Actilift

15 kr. þvotturinn
**1343** kr. 90 þvottar
GOTT VERÐ Í BÓNUS 20% afsláttur Verð áður: 1679 kr.
Finish **Uppþvottavélatöflur 90 stk.**

Sex Coke Zero Á VERÐI ÞRIGGJA
**771** kr. 6 x 2 ltr.
Sex 2ja ltr. flöskur Coke Zero
***129 kr. flaskan***

4 x 2 ltr Pepsi + POKI MAXIPOPP
**89** kr. 4 x 2 ltr.
Fjórar 2ja ltr. fl. Pepsi / Pepsi Max
***+ poki Maxipopp***

**259** kr. 200g
OWL **Kartöfluflögur** 200g

**259** kr.175g
OWL **Ostasnakk 175g**

Tilboð 300 kr. verðlækkun
Verð áður 1398 kr.kg
**1098** kr. kg.
OS Íslenskur **Góðostur**

**698** kr. kg.
Norðanfiskur **Forsteiktar fiskbollur *(frosnar)***

**1398** kr. kg.
Norðanfiskur **Sjófryst ýsuflök** roð & beinlaus

Þrjár túpur á verði tveggja
**Sensodyne tannkrem**
Orginal/ Whitening

## BÓNUS BRAUÐ 1 kg.

**229** kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
***13 SAMLOKUR***

**298** kr. 4 stk
Bónus nýbakaðar
**Kjallarabollur með ost**

**359** kr. 420g
Myllu **Möndlukaka** 420g

**359** kr. 500g.
Akursel: **Nýjar íslenskar lífrænar gulrætu**

**2995** kr. 30 skammtar
ON Amino Energy

**198** kr. kg.
Hollenskar **Perur**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
***Gilda til 19.okt***

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskur landbúnaður í Bónus

HAUST 2014 SLÁTRUN

**1398** kr. kg. KJARNAFÆÐI

Kjarnafæði **Ferskt lambalæri af nýslátruðu**

**995** kr. kg

**Ali elduð spareribs** (grísarif) *Tilbúin, þarf aðeins að hita*

**Sérskorið ferskt lambalæri**

HAUST 2014 SLÁTRUN

**Sérskorið lambalæri:** efsti hluti mjaðmabeins og rófubein skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærin

**1459** kr. kg.

**3598** kr. kg.

Íslandsnaut **Ungnautafillet ferskt**

HAUST 2014 SLÁTRUN

**1898** kr. kg.

Ferskur **hálfur lambahryggur** af nýslátruðu *(lundarparturinn)*

**1198** kr. kg.

Íslandslamb **Ferskir lambaskankar**

HAUST 2014 SLÁTRUN KJARNAFÆÐI

**295** kr. kg.

Kjarnafæði **Fersk lambahjörtu**

Í BÓNUS
**BEINT FRÁ BÓNDA**

Bónus ferskar grísakótilettur

**1298** kr. kg.

**Ali Bayonneskinka**
úr læri 1.flokkur

HAUST 2014 SLÁTRUN KJARNAFÆÐI

**295** kr. kg.

Kjarnafæði **Fersk lambalifur**

Í BÓNUS
**BEINT FRÁ BÓNDA**

**1295** kr. kg.

Bónus **Ferskur úrbeinaður grísahryggur (pörusteik)**

Í BÓNUS
**BEINT FRÁ BÓNDA**

**1295** kr. kg.

Bónus **Grísahnakkafillet**

Í BÓNUS
**BEINT FRÁ BÓNDA**

**659** kr. kg.

Bónus ferskur grísabógur

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

Verðtilboðin í þessari augl.
***Gilda til 19.okt***

**AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30**



**2** | **KL. 20:10**

**Heilsugengið**

Önnur þáttaröðin af þessum vönduðu þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl í umsjón Völu Matt.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

**2** | **KL. 20:30**

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



**2** | **KL. 21:15**

**NCIS**

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**2** | **KL. 22:00**

**The Blacklist**

Vandaður spennuþáttur með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington.



**G** | **KL. 21:00**

**The Mentalist**

Spennuþáttaröð um Patrick Jane sem notar hárbeitta athyglisgáfu sína til að leysa hin flóknustu glæpamál.



**Krakkastöðin** | **KL. 07:00-20:00**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3** | **KL. 20:15**

**X Factor UK**

Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.




Fáðu þér áskrift! **365.IS**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | 7 | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 8 | 6 | | | | |
| | 8 | 4 | 5 | | | 1 | | |
| | | | | 3 | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 5 | | | | |
| 4 | 6 | 5 | 9 | | 7 | | 3 | 8 |
| 5 | | 2 | | 4 | | | 7 | 6 |
| | | | | | | 9 | 2 | |
| | 9 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | | | 4 | 8 |
| 9 | | | | | | | 5 | 3 |
| | 8 | 4 | | 7 | 9 | | | |
| | | | | 8 | | | | 4 |
| | | 7 | 9 | 5 | | | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | | | | | 7 |
| | 7 | | 3 | 2 | | | | |
| 2 | 9 | | | 6 | | 3 | | |
| 1 | | | | | | | | 2 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 1 | | 6 |
| 6 | 9 | | | | 7 | 5 | | |
| | 1 | | | | 8 | | 7 | |
| 4 | | | 8 | | | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 1 | |
| | 6 | 7 | | 4 | | | 5 | |
| 7 | | | | 8 | 9 | | 4 | |
| | | 9 | 3 | | 4 | | | |
| | | 5 | 1 | | | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |
| 7 | 6 | 4 | 5 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 3 | 8 | 2 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 | 4 |
| 6 | 7 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 6 | 1 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 6 | 5 | 3 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 5 | 3 | 8 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 | 3 |
| 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 2 | 9 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Að ganga með vini í myrkrinu er betra en að ganga einn í dagsbirtu.“

*Helen Keller*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** jurt, **6.** kringum, **8.** fiskur, **9.** mælieining, **11.** leyfist, **12.** kimi, **14.** málmblanda, **16.** voði, **17.** yfirbreiðsla, **18.** heiður, **20.** bókstafur, **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**

**1.** samsull, **3.** slá, **4.** dagatal, **5.** berja, **7.** andmæli, **10.** blundur, **13.** eldsneyti, **15.** halli, **16.** kjökur, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** um, **8.** áll, **9.** mól, **11.** má, **12.** stúka, **14.** brons, **16.** vá, **17.** lak, **18.** æra, **20.** ká, **21.** laða.

**LÓÐRÉTT: 1.** gums, **3.** rá, **4.** almanak, **5.** slá, **7.** mótbára, **10.** lúr, **13.** kol, **15.** skái, **16.** væl, **19.** að.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Eric Hansen (2574) hafði hvítt gegn N. Raghavi (2253) á alþjóðlegu móti í Hollandi fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik**



22. Rd7! Svartur gafst upp enda mikið liðstap framundan. Caruana og Gelfand urðu sigurvegarar á Grand Prix-mótínu í Bakú fyrir skemmstu.
**www.skak.is** Staðan á Haustmóti TR fyrir lokaumferðina.



SÚPER 16 BLS
BÆKLINGUR
16BLS STÚTFULLLAR AF ÖLLUM HEITUSTU GRÆJUNUM
ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SKANNA QR KÓÐANN
TIL AÐ FÁ NÝJASTA BÆKLINGINN Í SÍMANN ÞINN
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
lenovo
7" IDEATAB
Vönduð og glæsileg Dual Core spjaldtölva með ótrúlegum 7" fjölsnertiskjá og hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi.
11.900
ALLTAF BETRA VERÐ!
ENN BETRA VERÐ
Seagate
2TB FLAKKARI
Stórglæsilegur og hraðvirkur USB3.0 flakkari frá Seagate, viftulaus og einstaklega hljóðlátur.
12.900
3TB AÐEINS 17.900
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 69.900
packard bell
TE69
15.6" fartölva frá Packard Bell með AMD Dual Core örgjörva, 6GB minni, 500GB disk og Windows 8.1
59.900
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

# Bullið í honum Þórarni

BÆKUR ★★★☆☆

**Fuglaþrugl og naflakrafl**
Þórarinn Eldjárn – Myndir: Sigrún Eldjárn
VAKA-HELGAFELL

Systkinin Sigrún og Þórarinn Eldjárn hafa nú sent frá sér spánnýja myndlýsta ljóðabók fyrir börn, Fuglaþrugl og nafnakrafl. Samstarf þeirra á þessu sviði er landsmönnum vel kunnugt og má sem dæmi nefna bækurnar Óðfluga og Heimsk ringla sem tóku þátt í uppeldi kynslóðarinnar sem nú er farin að stofna fyrirtæki og gefa sjálf út bækur. Þær bækur hafa verið endurútgefnar nokkrum sinnum en vissulega er gleðiefni þegar ný systir fæðist.




Fuglaþrugl og naflakrafl er eins og nafnið gefur til kynna stútfull af alls konar bulli. Hugmyndaflug Þórarins virðist óþrjótandi brunnur og það sem honum dettur í hug er með ólíkindum. Oft er eins og ljóðaformið leiði hann áfram, eitt orð kalli á annað og úr verði einhvers konar heilaspuni sem Sigrún tekur svo við og myndlýsir. Augljóst er að bæði hafa þau gaman af leiknum og það skín í gegn við lestur bókarinnar.

Þórarinn er hagyrðingur mikill, þekkir bragfræðina inn og út og ætla má að vísurnar velti upp úr honum. Og stundum [nú er ungur gagnrýnandi á hálum ís] er eins og það hafi hreinlega gerst, því sjáanlegur munur er á ljóðunum hvað innihald og framsetningu varðar. En því til varnar má segja að þannig breikki hugsanlega lesendahópur bókarinnar, einföldustu ljóðin höfða ekki til foreldranna og orðaflækjur hinna flóknustu kunna börnin kannski ekki jafn vel að meta.

Glettni og gamansemi einkenna ljóðin umfram annað. Þórarinn er, líkt og flestir vita, afar vel máli farinn og hann hefur líka skoðanir á málfari landans – ja eða öllu heldur dýranna – en hvimleið þykir honum lenska sú að haninn segi gaggalagú og kýrnar segi mu, því hið rétta sé að sjálfsögðu að kýrnar segi MÖ og haninn gaggalagÓ. Sjálfur leikur hann sér með málið og er óhræddur við að nota slangur og styttingar, en þar hann hefur vissulega margt til síns máls. Orð eins og „sneddí“ er tilbrigði við málið sem ætti ekki að deyja út ógleymt, þrátt fyrir að vera ekki skjalfest og þinglýst í Íslenskri orðabók.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Ljóðabókin, uppfull af hugarórum og heilaspuna, er tilvalin til að auka orðaforða barna og kynna bragfræðina fyrir þeim. Einstök glettni í orðum og myndum.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN** „Hugmyndaflug Þórarins virðist óþrjótandi brunnur og það sem honum dettur í hug er með ólíkindum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

netto 24
VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD
DAG SEM NÓTT



**STÓR DAGUR** Steina og Woody Vasulka verða viðstödd opnunina í dag. Með þeim á myndinni er Kristín Scheving, sem hefur haft yfirumsjón með undirbúningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Átak í söfnun og varðveislu raflistaverka

Vasulka-stofa verður opnuð í Listasafni Íslands í dag til heiðurs Steinu og Woody Vasulka. Opnunin er liður í átaki safnsins til varðveislu og skráningar raf- og stafrænnar myndlistar. Kristín Scheving hefur yfirumsjón með verkefninu.

Listasafn Íslands fagnar 130 ára afmæli safnsins í ár og efnir til afmælishátíðar með fjölbreyttri dagskrá sem mun standa út árið. Í tilefni afmælisins býður Listasafn Íslands allri þjóðinni ókeypis aðgang í safnið dagana 16. til 19. október, um leið og Vasulka-stofa verður formlega opnuð sem ný deild í safninu til heiðurs Steinu og Woody Vasulka. Safnið gefur einnig út bók um Vasulka-hjónin sem er fyrsta íslenska útgáfan um verk þeirra. Opnun Vasulka-stofu á sér langan aðdraganda og það er Kristín Scheving sem hefur haft veg og vanda af framkvæmd hennar.

„Innan safnsins hefur árum saman átt sér stað umræða um að þar þyrfti að gera meira fyrir raflistir og það er ótrúlega gleðilegt að við skulum vera búin að koma stofunni á legg,“ segir Kristín. „Ég hef verið að vinna með Steinu í nokkur ár og við fórum að ræða möguleikann á því að opna svona stofu 2010 eða 2011. Ræddum það síðan við Halldór Björn Runólfsson, forstöðumann Listasafns Íslands, og hann tók svo vel í þessa hugmynd, enda hafði hann sjálfur viljað gera meira fyrir raflistir og list Vasulka-hjónanna, að nú er hún orðin að veruleika, öllum til mikillar ánægju.“ Í tengslum við opnun Vasulka-stofu verður gestum boðið að skoða stóra innsetningu af verkum Steinu og Woodys Vasulka í safninu.

Kristín segir fleiri lönd vera í sömu hugleiðingum varðandi verk Vasulka-hjóna og raflist almennt. „Í fæðingarlandi Woodys, Tékklandi, stefna menn á að opna slíka stofu og hafa fylgst vel með því sem við erum að gera hérna. Í Vasulka-stofu verða síbreytilegar sýningar og við erum að sanka að okkur efni, bæði um þeirra verk og svo er stefnan að fara að safna upplýsingum um öll íslensk raflistaverk. Norskir aðilar sem eru staddir hér núna í tilefni af málþinginu fengu ríkisstyrk til að gera það sama þar. Verkefni þeirra heitir Videokunstarkivet og þeir eru í óða önn að safna upplýsingum um öll norsk raflistaverk. Þannig að við erum að skoða það sem þar er búið að gera og eins á öðrum Norðurlöndum.“

Kristín segir varðveislu raflistaverka hafa verið upp og ofan í gegnum tíðina. „Því miður þá gleymist stundum að uppfæra og halda í verk. Það hefur stundum verið vandamál að finna gömul verk, þau hafa kannski lent í kössum niður í kjallara eða upp á háaloft eftir að listamenn fara frá okkur og það er orðið mjög brýnt að gera þetta núna.“

Steina og Woody hafa sjálf haldið vel utan um sín verk, að sögn Kristínar, þannig að þau eru aðgengileg. „Þau hafa verið mjög dugleg að halda utan um allar upplýsingar. Ég fékk afhent skjal með 1.400 færslum um verk og ýmislegt sem þeim tengist, heimildarmyndir og annað, þannig að ég hef góða yfirsýn yfir þeirra verk. Í framtíðinni er svo stefnt að því að setja öll raflistaverk á stafrænt form.

fridrikab@frettabladid.is



**LILITH** Úr vídeóverki Steinu Vasulka – Lilith 1987.

## AFMÆLISVEISLA LISTASAFNS ÍSLANDS

**Fimmtudagur 16. október, kl. 16**

OPNUN VASULKA-STOFU

*Í tilefni af 130 ára afmæli Listasafns Íslands verður Vasulka-stofa opnuð, sem deild í safninu, af Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra. Um leið er gestum boðið að líta á stóra innsetningu af verkum Steinu og Woodys Vasulka í safninu. Listamennirnir verða viðstaddir athöfnina ásamt forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.*

**Föstudagur 17. október, kl. 12.15**

HÁDEGISLEIÐSÖGN MEÐ SAFNSTJÓRA

*Hádegisleiðsögn með Halldóri Birni Runólfssyni, safnstjóra Listasafns Íslands, um Vasulka-stofu og innsetningu Vasulka-hjónanna.*

**Laugardagur 18. október, kl. 11–17**

ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLIÐ MITT! – FJÖLSKYLDUDAGUR Í SAFNINU

**Kl. 11.30** *Lifandi leiðsögn með sögum og tónum. Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðluleikari og dóttir listamannsins Sigurjóns Ólafssonar, leiðir gesti á ævintýralegan hátt um sýninguna Spor í sandi.*

**Frá kl. 12.30** *Vídeóportrett: þátttökugjörningur. Vertu fyrirmynd í verki Snorra Ásmundssonar.*

**Kl. 13.00** *„Við eigum afmæli í dag“ – afmælissöngur og kaka í boði fyrir gesti safnsins.*

**Kl. 13.00 / 13.30 / 14.00 / 14.30** *Innlit í listaverkageymslur safnsins. Ólafur Ingi Jónsson forvörður og Dagný Heiðdal, deildarstjóri listaverkadeildar, leiða gesti á bak við tjöldin.*

**Kl. 16.00** *Hugskot – Björk Viggósdóttir ræðir við gesti um verk sitt Samhljóm í Hugskoti, nýju fræðslu- og upplifunarrými safnsins.*

*Takið þátt í skemmtilegri myndlistargetraun fyrir unga sem aldna – vegleg verðlaun í boði.*

**Sunnudagur 19. október, kl. 11–17**

SUNNUDAGUR Í SÖFNUNUM

**Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74**

**Kl. 14.00** *Rakel Pétursdóttir safnafræðingur leiðir gesti um safn Ásgríms.*

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga**

**Kl. 15.00** *Birgitta Spur, fyrrverandi safnstjóri, leiðir gesti um sýninguna Spor í sandi – Æskuverk Sigurjóns Ólafssonar.*

amira

- dekraðu við heimilið -



# Opnum í dag








Opið mánud. - föstud. 11:00 - 18:00 og laugard. 12:00 - 16:00

Amíra - Ármúla 23. www.facebook.com/amiraverslun



**LJÓÐADJASS** Ingrid Örk Kjartansdóttir syngur lög Leifs Gunnarssonar við ljóð íslenskra skálda í hádeginu á morgun.
MYND ÚR EINKASAFNI

# Ljóð sem höfða til tónskáldsins

Jazz í hádeginu er ný viðburðaröð í Gerðubergi. Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari er listrænn stjórnandi dagskrárinnar.

„Ég hef verið að semja dálítið gott safn af verkum við ljóð íslenskra skálda og hluti af þeim verður fluttur á þessum tónleikum á morgun,“ segir Leifur Gunnarsson, listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Jazz í hádeginu. „Ég byrjaði að semja lög við þessi ljóð þegar ég var í námi úti í Danmörku og hef núna í þrjú ár hægt og rólega verið að bæta í safnið.“

Ljóðin eru eftir Huldu, Stein Steinar, Jóhannes úr Kötlum, Þorstein Erlingsson, Tómas Guðmundsson og Örn Árnason. Það er Ingrid Örk Kjartansdóttir sem syngur en Leifur spilar sjálfur á kontrabassa og Kjartan Valdemarsson leikur á píanó. „Það er svo sem engin stefna í því hvernig ég hef valið ljóðin,“ segir Leifur. „Ljóðskáldin eru frá mismunandi tímum og mjög ólík innbyrðis, þetta eru bara ljóð sem hafa höfðað til mín.“

Leifur segir tónleikana sniðna að hádegishléum fólks og því séu þeir ekki nema um það bil fjörutíu mínútur að lengd. „Við erum bæði að búa til rými fyrir fólk að ná þessu í hádeginu og kúpla sig frá hversdagsamstrinu og eins er hugsunin sú að þessi tónleikalengd hæfi öllum, fólk geti jafnvel mætt með börnin sín, þótt efnisskráin sé ekki sérsniðin með börn í huga. Á sunnudögum hefjum við leikinn klukkutíma seinna, það er oft erfiðara að koma sér af stað á sunnudögum.“

Þessir fyrstu tónleikarnir í röðinni Jazz í hádeginu verða á morgun klukkan 12.15 og síðan endurteknir á sunnudaginn klukkan 13.15.

Þriðju tónleikarnir í tónleikaröðinni Jazz í hádeginu verða fluttir 14. og 16. nóvember næstkomandi. Þá mun Sigurður Flosason saxófónleikari flytja sína uppáhaldsstandarda með aðstoð Leifs Gunnarssonar, Agnars Más Magnússonar píanóleikara og Einars Scheving trommuleikara. - fsb



**LEIKHÓPURINN** Verkið er unnið í spunavinnu innan leikhópsins út frá ákveðnu efni sem í þessu tilfelli er mold.
MYND: JÓHANNA ÞORKELSDÓTTIR

# Lífið er oft skemmtilegt drullumall

Leikhúsið 10 fingur frumsýnir á laugardag barnasýninguna Lífið í Tjarnarbíói. Að baki sýningunni stendur sama teymi og setti upp verðlaunasýninguna Skrímslið litla systir mín sem hlaut Grímuverðlaun sem besta barnasýningin 2012

„Undirtitill sýningarinnar er drullumall enda er lífið oft skemmtilegt drullumall og gaman að leika sér í moldinni og drullunni,“ segir Helga Arnalds brúðuleikhúskona sem hannar myndræna hlið verksins Lífið sem 10 fingur setur upp. „Við erum með dálítið táknrænar myndir og sýningin er öll myndræn, textinn er sáralítill. Börnin sem hafa komið á æfingar hafa margvísleg svör við spurningunni um það hvað verkið fjalli um. Sum segja það fjalla um framtíðina, önnur um fortíðina og enn önnur um nútíðina. Það les hver myndirnar sem verkið birtir á sinn hátt. En við lögðum upp með það að sýningin fjallaði um sköpunarkraftinn, vináttu og hringrás lífsins.“

Sýningin er unnin á sama hátt og Skrímslið litla systir mín með óvenjulegri aðferð þar sem sagan í verkinu fær að kvikna út úr efniviðnum sem notaður er í sýningunni. Leikhópurinn vann spunavinnu í um þrjá mánuði við sköpun verksins. „Þetta var spuni hópsins með ákveðið efni. Í Skrímslið litla systir mín unnum við með pappír en hér erum við að vinna með mold. Við byrjuðum á að leika okkur með moldina og búa til myndir úr henni,“ segir Helga. „Síðan röðuðum við þeim myndum saman og út úr því fengum við söguþráð. Þetta er ekki hefðbundið leikhús þar sem unnið er eftir handriti heldur er þetta meira eins og myndlist og ég myndi kalla þetta myndleikhús, sem er auðvitað dálítið nálægt brúðuleikhúsi. Hlutir lifna við á sviðinu en við erum ekki með neinar eiginlegar brúður.“

Það er Charlotte Böving sem leikstýrir Lífinu og auk hennar og Helgu samanstendur leikhópurinn, sem allur er skrifaður fyrir verkinu, af þeim Sólveigu Guðmundsdóttur og Sveini Ólafi Gunnarssyni. Tónlist semur Margrét Kristín Blöndal og lýsingu hannar Björn Bergsteinn Guðmundsson. Frumsýningin verður í Tjarnarbíói á laugardaginn klukkan 14 og önnur sýning strax á sunnudag á sama tíma. fridrikab@frettabladid.is

Saumagleði í Pfaff
Frábær tilboð á völdum saumavélum
NÝTT KORTATÍMABIL
PFAFF

Husqvarna Opal 650
Verð áður: 109.90 kr.
Tilboð 94.900 kr.

Tilboð 49.900 kr.
Husqvarna Emerald 118: 64.900 kr.

Tilboð 49.900 kr.
Brother M1034D: 64.900 kr.
Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
PFAFF | 85 | ÁRA
PFAFF - Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 414 0400 - www.pfaff.is




Brandenburg

## Í Eldborg Hörpu 20. desember kl. 21:00

Á tónleikunum flytja Pálmi, Ragnheiður og góðir gestir fjölmargar þekktar jólaperlur og koma tónleikagestum í sannkallað hátíðarskap. Nafn tónleikanna vísar í lagið góðkunna af plötu Pálma, Friðarjól, sem er í hugum margra órjúfanlegur þáttur í jólaundirbúningnum. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga ógleymanlega stund í Eldborg með þessum ástsælu flytjendum.

**MIÐASALAN HEFST Í DAG KL. 12:00**
**á harpa.is, midi.is eða í síma 528 5050**

**Aðrir flytjendur:**

12 manna strengjasveit, ásamt hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. Sönghópur Fríkirkjunnar við Tjörnina, Gunnar Gunnarsson stýrir og leikur á Hammond orgel. Sigurður Helgi, Ragnheiður og Ninna Rún, börn Pálma.

DÆGURFLUGAN HARPA

# KLEINUHRINGIR AÐ AMERÍSKUM SIÐ




## KLEINUHRINGJABAR
í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og á Eiðistorgi.

Minna úrval í öðrum verslunum.

## KLEINUHRINGJA HAMBORGARI
4 kleinuhringir og 2 x 120 g hamborgarar

Bættu við cheddar ostasneið, beikoni og eggi og amerískara getur það ekki verið!






EGGÓ VÖFFLUR TILBÚNAR Í BRAUÐRISTINA.

Gildir til 26. október á meðan birgðir endast.



**Ben & Jerry´s**
Góðir vinir í raun

LOKSINS TAB!




**TAB**
Loksins aftur á Íslandi




**1399** stk
Verð áður 1.599.-

**M&M**
1 kg pokar




**Jones Soda**
Green apple og Cream soda




**Taco**
Krydd, salsa og fleira




**Pringles**
You Don´t just eat´em




**Cool Whip**
Súkkulaði, Resese´s




**HERSHEY´S**
Súkkulaði, Resese´s

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

24 Hagkaup

NAUTAAT

# NAUTAAT
# Á AMERÍSKUM DÖGUM



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

5599 kr/kg
Verð áður 6.999.-

## TORNADOS
Steik úr lund






4998 kr/kg
Verð áður 5.999.-

## NAUTALUND
Íslensk



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

3199 kr/kg
Verð áður 3.999.-

## RIBEYE
Úr framhrygg



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

3199 kr/kg
Verð áður 3.199.-

## ENTRECOTE
úr spjaldhrygg



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

1119 kr/kg
Verð áður 1.599.-

## BRISKET
þarf langan eldunartíma

NÝTT




BEINT FRÁ USA

General mills morgunkorn í úrvali




BEINT FRÁ USA

Rótarbjór
Gerist ekki ameríska




BEINT FRÁ USA

BBQ bræður
Budweiser, Jack Daniels og Jim Beam




BEINT FRÁ USA

Twizzlers
Rauður jarðaberja lakkrís




BEINT FRÁ USA

Laffy Taffy
Fullur poki af góðgæti




BEINT FRÁ USA

Starbuck kaffi
Love Starbuck!




BEINT FRÁ USA

New York
Bagel crisps

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Ungir tónlistarmenn hita upp fyrir Airwaves

## Sveitirnar Hide Your Kids, Vio og Himbrimi munu allar troða upp á skemmtistaðnum Húrra í kvöld.

„Við erum mjög stemmdir fyrir þessu,“ segir Páll Cecil Sævarsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Vio en hún kemur fram á tónleikum rokksveitarinnar Hide Your Kids á Húrra í kvöld. Einnig mun rafpoppsveitin Himbrimi troða upp. „Það er mikil spenna í mönnum fyrir þessu,“ segir Páll en Vio mun spila í gegn plötu sína Dive In, sem verður gefin út fyrir jól. Vio bar sigur af hólmi í Músíktilraunum í ár og hefur lagið You lost it setið á topplistum útvarpsstöðvanna síðan þá.

Himbrimi er „hljómsveit sem hefur komið eins og hressandi vatnsgusa í þurri eyðimerkurgöngu inn í íslenska tónlistarbransann“ en Hide Your Kids hefur komið víða við á sínum líftíma, meðal annars hitað upp fyrir Of Monsters and Men. Lagið þeirra Mia situr nú sem fastast á Pepsi Max-listanum.

Allar þessar hljómsveitir munu spila á Iceland Airwaves í ár og því er tilvalið að koma og hita upp fyrir þá veislu.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.00 og kostar aðeins 500 krónur inn.

- þij

➜ Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.00 og kostar aðeins 500 krónur inn.



**HLJÓMSVEITIN VIO** Treður upp á Húrra kvöld









# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER 2014**

### Tónleikar

**20.00** Útgáfutónleikar og -hóf fyrir nýju plötu Ragnheiðar Gröndal, Svefnljóð, á Café Flora í Laugardalnum í kvöld.

**21.00** Bergmál spilar post-rokk fyrir stúdentana í Stúdentakjallaranum í kvöld.

**21.00** Hljómsveitirnar Hide Your Kids, Vio og Himbrimi troða upp á Húrra í kvöld. 1.500 krónur inn.

**21.00** Árstíðir troða upp á Café Rosenberg í kvöld.

**21.00** Kippi Kanínus spilar í Mengi í kvöld en hann er þekktur fyrir raftónlist sína. Á eftir honum kemur Tom Manoury fram. 2.000 krónur inn og mælt er með að menn komi með eigin veigar.

**22.00** Loftið kynnir í samstarfi við Heineken BÍT kvöld kl. 22.00 alla fimmtudaga. Ljósvaki og Krystal Carma koma fram. BÍT er vikulegt kvöld alla fimmtudaga á Loftinu í samstarfi við Heineken. Að kvöldunum kemur fjöldi þekktra tónlistarmanna þar sem áherslan er á Fönk, Soul, Jazz, Latin, Calypso, Afrobeat og Reggae tóna í ýmsum formum.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**17.00** Áheyrnarprufur fyrir leikrit NMK verða haldnar í dag í MK. Þetta árið er verið að setja upp leikritið Fame sem einkennist af leik, söng og dansi, þess vegna er leitað af leikurum, söngvurum og dönsurum.

**19.30** Aðalæfingin á Karitas eftir Kristínu Marju Baldursdóttur fer fram á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu í kvöld. 2.000 krónur inn.

### Íþróttir

**16.00** Evrópumeistaramótið í hópfimleikum 2014 verður haldið í Reykjavík 15. - 18. október, þar sem 42 lið frá 14 þjóðlöndum koma saman í Laugardalnum og keppa um hina eftirsóttu Evrópumeistaratitla. Í dag verða undanúrslit fullorðinna.

### Umræður

**09.50** Mannauðsdagur Flóru, félagi mannauðsstjóra á Íslandi, var fyrst haldinn árið 2011 og hefur vaxið og dafnað með hverju árinu. Mannauðsdagurinn er vettvangur fyrir þá sem láta sig nútímalega stjórnun mannauðs varða. Fyrirkomulagið í ár verður, líkt og áður, blanda af fræðilegri og hagnýtri umræðu um mannauðsmál. Yfirskrift mannauðsdagsins 2014 er Stjórnun mannauðs í uppsveiflu. Almennt miðaverð er 26.000 kr. en félagsmenn í Flóru fá einn miða á 18.000 krónur.

**20.00** Listamannsspjall við Ásdísi Sif Gunnarsdóttur í Hafnarhúsinu í kvöld. Ásdís Sif vinnur með gjörninga í vídeóverkum sínum sem fara fram með mismunandi hætti á ólíkum stöðum í tíma og rúmi. Um er að ræða stóra vídeóinnsetningu sem byggist m.a. á eldra verki hennar frá sýningunni Pakkhúsi postulanna (2006). Léttar veitingar í boði.

**20.00** Til að efla líf í félagsheimili rithöfunda, Gunnarshúsi, og til að lyfta jólabókavertíðinni á ögn hærra plan verður nú blásið til kvöldraðarinnar Höfundakvöld í Gunnarshúsi. Á hverju fimmtudagskvöldi fram að jólum mæta tveir höfundar og spjalla um nýjar eða væntanlegar bækur sínar. Höfundakvöldunum verður ýtt úr hlaði í kvöld en þá munu þau Guðrún Eva Mínervudóttir og Ármann Jakobsson fjalla um glæný verk sín. Spyrjandi verður Arndís Þórarinsdóttir.

### Uppákomur

**19.00** David Wolfe, súperstjarna í heimi grænkera, mun deila fróðleik um súperfæði og heilsulífsstíl á Grand Hóteli í kvöld. Með honum verða Þorbjörg Hafsteinsdóttir, menntaður næringarþerapisti, Ólafur Stefánsson handboltagoðsögn Sólveig Eiríksdóttir í Gló og Grænum kosti og Tolli Morthens sem leiðir núvitundarhugleiðslu.

### Pub Quiz

**20.00** Fyrsta kvikmyndakviss vetrarins í Bíó Paradís verður haldið í kvöld þar sem þemað verður almennt. Höfundar spurninga og spyrlar eru Davíð Roach Gunnarsson og Helgi Valur Ásgeirsson. Efstu þrjú liðin fá bjór og bíómiða í verðlaun auk þess sem veitt verða verðlaun fyrir besta liðsnafnið og fyrir rétt svar við svokallaðri bjórspurningu. Svo verður að sjálfsögðu tilboð á ísköldum Pilsner Urquell og smá kynning í byrjun kvöldsins þannig að enginn fer þyrstur heim auk þess sem brakandi ferskt bíópopp verður á boðstólnum í sjoppunni.

**20.00** Fyrsta pub-quiz Menningarfélagsins verður haldið á Loft hosteli í kvöld. Það eru menningarkettirnir Kristín Svava Tómasdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir sem stjórna kvöldinu og því er til mikils að hlakka. Sigurlið kvöldsins fer heim með raunhæf en jafnframt ánægjuleg verðlaun. Tilboð á barnum fyrir þátttakendur.

### Málþing

**12.00** Í dag fer fram málstofan Lætur ekkert stöðva sig, um hetjurnar, krúttin og fleiri birtingarmyndir fatlaðs fólk í ríkjandi fjölmiðlaorðræðu. Þar munu Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir fjalla um sýninguna Lætur ekkert stöðva sig í ljósi ableisma og valdastöðu ólíkra hópa samfélagsins. Málstofan á vegum Tabú í samráði við ráð um málefni fatlaðs fólks. Viðburðurinn fer fram á Háskólatorgi í stofu 104 og er öllum opin. Táknmálstúlkun verður á staðnum.

### Ljósmyndasýningar

**12.00** Ljósmyndarinn Beth Yarnelle Edwards frá San Francisco sýnir ljósmyndir sem hún tók yfir einn sumarmánuð á Íslandi. Sýningin heitir Iceland og er í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

### Tónlist

**21.00** DJ SimSimma þeytir skífum á Frederiksen Ale House í kvöld.

**21.00** DJ Herr Gott spilar á Boston í kvöld.

**21.00** DJ Danni Deluxxe sem gert hefur skoppurum hátt undir höfði spilar skopparatónlist á Prikinu í kvöld, húsi skoppara.

**21.00** TechSoul spilar vel valin lög á Bravó í kvöld.

**21.00** Lagaffe Tales þeytir skífunum á Kaffibarnum í kvöld.

**21.00** DJ Art of Listening spilar á Brikk í kvöld.

**21.00** Trúbadorarnir Hjálmar og Dagur spila á English Pub í kvöld.

**21.00** DJ Harry Knuckles spilar stórundarlega og skemmtilega tónlist á Paloma Bar í kvöld.

### Fyrirlestrar

**12.00** Opinn fundur um Norður-Kóreu í dag í Lögbergi 101. Geir Helgesen, forstöðumaður Norrænu Asíumálastofnunarinnar, mun fjalla um kynni sín af samfélagi N-Kóreu og lýsa reynslu sinni af samskiptum við fulltrúa ríkisins. Hann mun fjalla um hvaða leiðir væru skynsamlegastar til að nálgast og skilja landið ef markmiðið er að auka samskiptin við það og gera það að virkum hluta af alþjóðsamfélaginu.

### Myndlist

**10.00** Vasulka Chamber eða Vasulkastofa verður formlega opnuð sem ný deild í Listsafni Íslands. Sýnir vídeóverk eftir frumkvöðlana Steinu og Woody Vasulka. Í tilefni af 130 ára afmæli safnsins er allri þjóðinni boðinn ókeypis aðgangur í safnið dagana 16. til 19. október.

**11.00** Þriðja sólósýningin í i8 Galleríi eftir einn af stofnendum síðminimalisma, Lawrence Weiner, er opnuð í dag.

**17.00** Í dag mun listamaðurinn og hönnuðurinn Sigga Rún opna sýningu sína Flögr í Eiðisskeri í Bókasafni Seltjarnarness þar sem hún teflir saman munum úr Náttúrugripasafni Seltjarnarness við eigin verk. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis. Eiðisskeri er sýningarsalur Seltirninga og er staðsettur inn af Bókasafni Seltjarnarness á Eiðistorgi.

### Samkoma

**20.00** Rangæingar í Reykjavík athugið! Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld kl. 20.00.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# FARTÖLVUR

## TOSHIBA

### OFURHRÖÐ MEÐ SSD

**Ein bestu kaupin hjá okkur. Samspil Intel i3 örgjörvans og 128GB SSD disksins skilar ótrúlegum vinnsluhraða og langri rafhlöðuendingu. Nýr Intel HD4400 skjákjarni fyrir grafíkina og Scullcandy vottaðir hátalarar með alvöru hljóm. HDMI tengi sem styður 4K UHD upplausn.**



**109.990**

TOS-L50B1T2



### ÓTRÚLEGT VERÐ !

Verðið gerist ekki betra á 15,6" fartölvu hjá okkur. Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur. HDMI og USB 3.0 tengi. Takmarkað magn

**49.990**

TOSHIBA TOS-C50DA147

### QUAD CORE A8 ÖRGJÖRVI

Lækkað verð vegna magnkaupa. Sérstaklega lágt verð fyrir þessa glæsilegu Acer Aspire fartölvu með fjögurra kjarna A8 örgjörva með geggjuðum Quad Core Radeon R5 skjákjarna. 8GB vinnsluminni og stór 1TB harður diskur fyrir gögnin.



acer ACE-NXMLDED015

**99.990**

### FJÖGURRA KJARNA



Glæsileg Acer Aspire fartölva með Quad Core örgjörva, AMD Radeon 8280 skjákorti og 500GB hörðum diski.

acer ACE-NXM81ED105

**59.990**



### GLÆSILEG INTEL i5

Kraftmikil fartölva með 2.7GHz Turbo Intel i5 örgjörva og Intel HD4400 skjákjarna og möttum 15,6" HD LED skjá.

ASUS ASU-F550LAVX0440H

**109.990**

### FULLHD IPS OG i7

15,6"

Ein bestu kaupin með öllu því besta. Intel i7 örgjörvi, FullHD IPS skjár og Radeon R7 skjákort. 8GB vinnsluminni og 1TB harður diskur.



**159.990**

FULLT VERÐ 179.990

TOSHIBA TOS-S50B12Z

tl.is




ALLT ÚRVALIÐ Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**45 ára Dominic West leikari**

**Þekktastur fyrir:** The Wire.

## BÍÓFRÉTTIR

### Fær góða dóma



Benedikt Cumberbatch hefur fengið góða dóma fyrir leik sinn í The Imitation Game sem vísindamaðurinn Alan Turing, einn af upphafsmönnum tölvunarfræði, sem leysti dulmál þýska hersins í seinni heimsstyrjöldinni. Turing var samkynhneigður á þeim tíma sem það var ólöglegt í Bretlandi.

### Leikur illmennið



Einn af uppáhalds „vondu körlum“ Hollywood, Javier Bardem, hefur verið orðaður við hlutverk illmennisins í Pirates of the Caribbean 5. Johnny Depp mun snúa aftur sem Jack Sparrow. Myndin á að koma út sumarið 2017. Joachim Ronning og Espen Sandberg, sem vöktu lukku með Kon-Tiki, munu leikstýra. .

## FRUMSÝNINGAR



**Kassatröllin Fjölskyldumynd**

**Aðalhlutverk:** Ben Kingsley, Jared Harris & Nick Frost.

IMDb 7,2/10



**Fuera Carta Grínmynd**

**Aðalhlutverk:** Javier Cámara, Lola Dueñas, Fernando Tejero.

IMDb 6,3/10

# Frankenstein hrellir

Bíó Paradís sýnir afar sérstaka uppfærslu eftir Danni Boyle á hryllingssögunni Frankenstein.

Danny Boyle, einn frægasti leikstjóri Breta, hefur fært sig upp á skaftið á seinustu árum og byrjað að vinna í leikhúsi. Bíó Paradís sýnir í kvöld upptökur af uppfærslu National Theatre Live London á hinni ódauðlegu hryllingssögu Frankenstein frá árinu 2011 í leikstjórn Boyle.

Boyle, sem er þekktur fyrir myndir eins og Trainspotting og 28 Days Later, tekur höndum saman á ný með stórleikaranum Johnny Lee Miller sem gerði garðinn frægan í Trainspotting á sínum tíma. Nú leikur hann vísindamanninn Frankenstein í þessari frumlegu uppfærslu á sögu Mary Shelley. Benedikt Cumberbatch leikur skrímsli Frankensteins en þess má geta að bæði Benedict og Lee Miller hafa gert það gott undanfarið við að leika spæjarann Sherlock Holmes.

➜ Skáldsagan Frankenstein kom fyrst út í London árið 1818. Þá var Mary Shelley aðeins tvítug.

Í fyrri útgáfunni sem er sýnd í kvöld og um helgina fer Benedikt Cumberbatch með hlutverk skrímslisins og Lee Miller hlutverk Frankensteins. Í seinni útgáfunni sem sýnd er 25., 30. október og 2. nóvember munu þeir hins vegar skipta um hlutverk. Cumberbatch tekur þá að sér hlutverk Frankensteins og Miller mun leika óskapnaðinn.

Frankenstein er ein umtalaðasta uppfærsla af Frankenstein allra tíma enda er hún í leikstjórn eins frumlegasta leikstjóra okkar daga.

thorduringi@frettabladid.is



**ÓFRESKJAN** Frankenstein er ein frægasta hryllingssaga allra tíma.



**LEIKUR Í WILD** Leikkonan Reese Witherspoon í hlutverki sínu í myndinni Wild.

# Orðuð við Óskarinn

Reese Witherspoon segir hlutverkið í Wild hafa verið það erfiðasta sem hún hafi tekist á við.

Leikkonan og Óskarsverðlaunahafinn Reese Witherspoon segir að hlutverk hennar í kvikmyndinni Wild hafi verið mesta áskorunin á ferli hennar hingað til.

Myndin fjallar um unga konu sem fer í 2.000 kílómetra gönguferð yfir Pacific Crest-gönguleiðina í Bandaríkjunum. „Þetta er það erfiðasta sem ég hef nokkurn tíma gert út af ýmsum ástæðum,“ sagði Witherspoon við fréttamenn BBC eftir Evrópufrumsýninguna á myndinni.

Witherspoon sagði upptökurnar hafa verið afar líkamlega og andlega erfiðar. „Kynlífsatriðin voru það erfiðasta fyrir mig. Ég hef aldrei þurft að gera neitt slíkt á ævinni minni. Ég þurfti að gera allt það sem þú sérð í myndinni sjálf, líka það sem mér leið óþægilega með, af því að myndin fjallar um tilfinningalega einlægni,“ segir Witherspoon, sem var einnig meðframleiðandi myndarinnar. Hún hefur verið orðuð við Óskarstilnefningu fyrir leik sinn en hún hlaut verðlaunin árið 2006 fyrir hlutverk June Carter Cash, eiginkonu Johnny Cash í Walk The Line.

Wild, sem byggð er á sjálfsævisögu Cheryl Strayed, Wild: From Lost to Found on the Pacific Crest Trail, fjallar um ungan rithöfund sem ákveður að ganga veginn Pacific Crest einn á báti til að komast yfir skilnað, dauða móður sinnar og margra ára heróínneyslu.

Witherspoon segir að það hafi hjálpað mikið að hin raunverulega Cheryl Strayed hafi verið viðstödd upptökurnar. „Á margan hátt var ég dálítið hrædd við að hún væri að fylgjast með og dæma mig. En það hjálpaði mér á endanum að komast inn í hlutverkið,“ segir hún. Strayed segir að samtölin sem hún átti við Witherspoon hafi ekki fjallað mikið um myndina sjálfa. „Við töluðum um líf okkar, æskuna og samböndin okkar, það að vera móðir – allt frá því hversdagslega yfir í hið háleita,“ segir hún. „Það var eitthvað talað um hvernig væri best að binda bakpokann en það var mikilvægara að við opnuðum okkur hvor fyrir annarri.“

➜ Witherspoon segir að bakpoki hennar hafi verið fylltur af þungu efni til að gera hreyfingar hennar raunverulegri.

Witherspoon segir að bakpoki hennar hafi verið verulega þungur og þar af leiðandi voru hreyfingar hennar raunverulegri.

Breski rithöfundurinn Nick Hornby, sem skrifaði handritið, segir að Wild sé ekki týpísk „chick flick“ eins og þær kallast. „Hún fjallar um sorg, heróínfíkn, lauslæti og það að vera mjög sterk/ur líkamlega og andlega,“ segir Hornby, sem skrifaði meðal annars bækurnar High Fidelity og Fever Pitch. „Þannig að hún er ekki eins og nokkur „chick flick“-mynd sem ég hef nokkurn tímann séð.“

thorduringi@frettabladid.is




GAGNLEGT

# ÞARFTU AÐ GERA VIÐ GAMLA ORGELIÐ?

H:N Markaðssamskipti / SÍA



## NÚ KOSTAR MINNA AÐ VITA MEIRA

1819 er ný upplýsingaveita sem veitir svör á hagkvæmari hátt en áður hefur þekkst. Hringdu núna – 1819 veitir alltaf svar.

1819

S: 1819 | 1819.IS

# „Rokkstjarna“ í heimi grænkera til Íslands

David Wolfe, gúrú leikarans Woody Harrelson og sérfræðingur í hráfæði, heldur fyrirlestur á Grand Hóteli.

David Wolfe, sem talinn er helsti sérfræðingur heims í hráfæði og svokölluðu ofurfæði, mun halda þriggja tíma fyrirlestur og sýnikennslu á Grand Hóteli í dag.

„Hann er ástfanginn af Íslandi og reynir að koma hingað árlega,“ segir Sólveig Eiríksdóttir í Gló og Grænum kosti. „Núna ætlar hann að vera með mjög skemmtilegan fyrirlestur en hann er svolítið á undan sinni samtíð.“

Sólveig mun einnig halda erindi um ofurfæði ásamt Ólafi Stefánssyni handboltamanni og Þorbjörgu Hafsteinsdóttur næringarþerapista.

Wolfe er einn stofnenda TheBestDayEver.com, heilsutímarits á vefnum, og er forstjóri The Fruit Tree Planting Foundation, samtaka sem hafa það markmið að gróðursetja 18 milljarða ávaxtatrjáa.

Að sögn Sólveigar mætti kalla Wolfe „rokkstjörnu“ í heimi grænkera. „Margar stjörnur leita til hans af því að hann er bæði mjög fróður og vel tengdur. Hann er meðal annars gúrú leikarans Woody Harrelson, sem er líka heilsunörd.“

Wolfe heldur ráðstefnu í Los Angeles árlega og hefur boðið Sólveigu að kenna þar. „Á síðustu uppákomu hans mættu tugþúsundir manna og það lá við að David kæmist aldrei út úr salnum, því aðdáendurnir ætluðu bókstaflega að éta hann upp til agna.“ **- þij**

> **Hann er ástfanginn af Íslandi og reynir að koma hingað árlega.**
> *Sólveig Eiríksdóttir*


**FLYTUR BOÐSKAP HINS ÓHEFÐBUNDNA** David er gúrú í hráfæðisheiminum.


**STEVEN HAWKING** Ljær rokksveitinni Pink Floyd rödd sína. NORDICPHOTOS/GETTY

## Syngur með Pink Floyd

Eðlisfræðingurinn Stephen Hawking mun ljá rokksveitinni goðsagnakenndu Pink Floyd rödd sína á næstu plötu hennar, The Endless River. Platan kemur út í nóvember og er fyrsta útgáfa sveitarinnar í tvo áratugi.

Á plötunni, sem er að mestu án söngs, verður lagið Talkin' Hawkin' þar sem Hawking mun beita sinni vélrænu röddu. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Hawking kemur fram með sveitinni en hann er sögumaður lagsins Keep Talkin' af plötunni The Division Bell sem kom út árið 1994.

Hawking er enginn nýgræðingur í vestrænum poppkúltúr og hefur meðal annars komið fram í sjónvarpsþáttunum The Simpsons, Big Bang Theory og Star Trek. **- þij**


**HRYLLINGSBÓKAORMAR** Nína Snorradóttir og Elín Ýr Arnardóttir eru meðal liðsmanna Kommóðu Kalígarís. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Keppast við hrollvekjulestur

Á þriðja hundrað liða hafa skráð sig í landskeppni í lestri sem hefst á miðnætti á morgun. Áhugafólk um hrollvekjur stofnaði lið í keppninni og undirbýr hryllingslestur næsta mánuðinn með hjartað í buxunum.

Kommóða Kalígarís, áhugafólk um hrollvekjur, hefur safnað saman sex manna liði til að taka þátt í lestrarkeppninni Allir lesa en hópurinn fer sístækkandi með degi hverjum.

Hrollvekjuáhugamenn hafa skráð sig í liðakeppni sem snýst um hversu miklum tíma er varið í lestur á meðan keppni stendur.

„Við erum með hóp á Facebook þar sem við spjöllum aðallega um kvikmyndir en núna ætlum við að breyta til og lesa,“ segir Nína Snorradóttir, einn liðsmanna. „Planið er að hittast einu sinni í viku meðan á keppninni stendur og spjalla um bækurnar en þess á milli mun hver og einn sitja í sínu horni og lesa eins og vindurinn.“

Nína segir áhugafélagið vera frábæran vettvang til að kynnast nýju fólki með sama áhugamál. „Þetta er alls konar fólk frá sextán ára til níræðs sem hefur áhuga á hrollvekjum. Enginn í mínu nánasta umhverfi hefur gaman af hryllingsmyndum þannig að það er æðislegt að fá að tala um þær og einhver nennir að hlusta á mann. Svo skapast áhugaverðar samræður á vefnum og við höfum líka talað um að hittast og horfa saman á myndir enda er ekki alltaf gott að vera einn að horfa á hryllingsmynd.“

Nína er komin með þéttan bókalista fyrir keppnina. Þar á meðal Drakúla, Frankenstein, The Shining og fleiri klassískar hrollvekjur. Hún ætlar þó ekki eingöngu að lesa um hrylling enda er það ekki skilyrði fyrir þátttöku í liðinu.

### ALLIR LESA – KEPPNI UM MESTAN LESTUR

**Alls kyns vinnustaðir, vinahópar, félög og fjölskyldur hafa skráð sig til leiks í liðakeppninni sem hefst á miðnætti á morgun.**

**Meðal þátttakenda:**

*Eignastýringarsvið Íslandsbanka*
*Kvenréttindafélag Íslands*
*Ungir fjárfestar*
*Fágun – félag áhugamanna um gerjun*
*Starfsmenn bókasafna og lánþegar mynda saman lið*
*Akureyrarstofa – sem hefur skorað á önnur sveitarfélög en sjá má samanburð eftir búsetu á síðu leiksins allirlesa.is*

En af hverju svona mikill áhugi á hrollvekjum? „Það er misjafnt eftir fólki. Sumir spá mikið í myndatöku, hljóð og brellur. Aðrir eru meira í klassísku myndunum. Ég persónulega vil bara fá hjartað til að pumpa og verða skíthrædd,“ segir Nína hlæjandi að lokum.

Allir lesa hefst á miðnætti á morgun og stendur til 16. nóvember sem er dagur íslenskrar tungu.

**erla@frettabladid.is**


**PHARRELL WILLIAMS** Popparinn á tónleikum. Hann spókaði sig um í París málaður um augun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Pharrell með „guyliner“

Tónlistarmaðurinn Pharrell Williams spókaði sig um í París, höfuðborg Frakklands, í fyrradag málaður um augun. Var Pharrell með augnblýant, eða „eyeliner“ eins og það heitir á ensku. Þegar karlmenn bera augnblýant er það hins vegar kallað „guyliner“.

Pharrell er sá tónlistarmaður sem hefur hvað mest áhrif í tónlistarheiminum og spurning hvort fleiri karlmenn taki hann sér til fyrirmyndar og setji á sig augnblýant. Söngvarinn var líka með augnblýant á mánudaginn þegar hann birti mynd af sér og rapparanum Jay-Z á Instagram eftir tónleika sína í París.

# Hefur slæma reynslu af körlum í bransanum

Poppsöngkonan Lady Gaga segir að margir karlmenn hafi reynt að nota hana í kynferðislegum tilgangi.

Lady Gaga segir að karlmenn hafi reynt að nota hana kynferðislega þegar hún var að byrja í tónlistarbransanum.

Hin 28 ára poppstjarna þurfti að ýta frá sér karlmönnum sem hún vann með þegar hún var að byrja í bransanum. Núna vill hún deila reynslu sinni með ungum söngkonum sem eru í sömu sporum og hún var í á sínum tíma.

„Ég hef mjög slæma reynslu af karlmönnum í hljóðverinu. Mér fannst mjög óþægilegt að vera í kringum þá. Mér leið ekki eins og ég væri þarna út af söngröddinni minni heldur meira vegna þess að þeir vildu notfæra sér mig,“ sagði hún í viðtali við The Times. „Þegar konur sem eru í þessum bransa lesa þessa grein vonast ég til að þær láti ekki fara illa með sig. Ég vona að ég geti verið dæmi um það að ef þú ert nógu hæfileikarík þá geturðu lagt hart að þér og látið drauma þína rætast.“

Gaga, sem er þessa dagana á tónleikaferðinni Artpop Ball, segir að poppbransinn sé fullur af „hákörlum“ og að maður megi ekki láta vaða yfir sig. „Ég er svona hreinskilin vegna þess að ég vil sýna gott fordæmi.“ **- fb**

> **Ég hef mjög slæma reynslu af karlmönnum í hljóðverinu. Mér fannst mjög óþægilegt að vera í kringum þá.**


**LADY GAGA** Poppdívan vill vera ungum söngkonum sem eru að stíga sín fyrstu skref gott fordæmi.

# DEBENHAMS




**KOMDU OG FINNDU ÞINN FULLKOMNA FARÐA FRÁ DIOR**
**Dior dagar í Debenhams dagana 16. – 22. október.**

Sérfræðingur frá Dior verður í Debenhams og kynnir nýjan farða Diorskin Star, nýjan varalit Dior Rouge Baume, nýtt One Essential serum og nýtt næturkrem í Capture Totale. Falleg gjöf fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir í Dior.*

*Gildir á meðan birgðir endast.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**TÖFF TASKA**
hin **íslenska** India Menuez mætti með skemmtilega beyglutösku.



**FLOTT Í HVÍTU**
Ofurfyrirsætan Lily Aldridge var glæsileg.



**AÐ SJÁLFSÖGÐU Í CHANEL**
Julia Restoin Roitfeld, dóttir fyrrverandi ritstjóra franska vogue.



**LEIKSTJÓRINN OG LEIKKONAN**
Þau voru hress, leikstjórinn Baz Luhrmann og fyrirsætan Gisele Bündchen.

# Íslendingur í veislu hjá Chanel

**Tískuhúsið Chanel hélt upp á frumsýningu nýrrar Chanel no 5 auglýsingar á mánudag, en það er frægasta ilmvatn tískuhússins. Leikstjóri er Baz Luhrmann og með aðalhlutverkið fer fyrirsætan Gisele Bündchen og fetar þar meðal annars í fótspor Marilyn Monroe. Fjölda þekktra andlita úr tískuheiminum var boðið til kvöldverðarins, en það má segja að hin íslenska India Menuez hafi stolið senunni með óvenjulegri tösku.**



**GLÆSILEG**
Fyrirsætan Caroline de Maigret var töff í bronslitum jakka.



**LITRÍKUR KJÓLL**
Poppy Delevingne, systir ofurfyrirsætunnar Cara Delevingne, mætti í síðum kjól.



**SÆTUR KJÓLL**
Ofurfyrirsætan Karlie Kloss brosti breitt.



**FJÓLUBLÁTT HÁR**
Söngkonan Lily Allen lét sig ekki vanta.



**KÓNGURINN SJÁLFUR**
Karl Lagerfeld var ekki að breyta út af vananum og mætti í svörtu og hvítu.

# KRINGLU KAST

FRÁ FIMMTUDEGI TIL MÁNUDAGS

## MID SEASON SALE

# 40-60% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Á KRINGLUKASTI

Fylgstu með okkur á Facebook

OPIÐ

| | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200






# Stofnandi Black Flag sakaður um níð

**Fyrrverandi eiginkona Gregs Ginn segir hann hafa misnotað dætur þeirra gróflega.**

Marina Ginn, fyrrverandi eiginkona Gregs Ginn eins stofnenda bandarísku pönksveitarinnar Black Flag, hefur ásakað hann um að misnota dætur þeirra.

Í október fór Marina með forræðismál fyrir dómstóla og krafðist fulls forræðis yfir dætrum þeirra, Isadoru, sem er 10 ára, og Karis, sem er sjö ára.

Í eiðfestri yfirlýsingu segir að Greg hafi verið „óútreiknanlegur og hrottalegur“ og að hann hafi „stefnt lífi og andlegri heilsu barnanna í hættu“. Í skjalinu segir að börnin hafi „kvartað undan því að hegðun hans yrði óútreiknanlegri með hverjum degi“ en þar segir að Greg hafi neitað að gefa þeim að borða og haft í hótunum við þær. Að hann misnoti áfengi og vímuefni í viðurvist þeirra og að þær hafi orðið vitni að áflogum og líkamlegu ofbeldi í húsinu sem þær búi í.

Í skjalinu segir að Greg hafi neytt dæturnar til að taka til á heimilinu langt fram á nótt, læst þær inni í herbergi tímunum saman og skvett vatni framan í þær. Þá segir að Greg hafi áreitt dætur sínar með því að blístra á þær, segja þeim að fara í megrun og segja við þær „þú ert heit“.



**GREG GINN** Gítarleikari og einn stofnenda Black Flag.

Black Flag var stofnuð árið 1976 og hefur verið kölluð „fyrsta harðkjarnasveit Bandaríkjanna“. - þij




**STYTTRA SNIÐ SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ** Dögg Mósesdóttir, stofnandi hátíðarinnar, lítur björtum augum á framtíð stuttmyndanna.

# Fleiri konur leikstýra í íslensku grasrótinni

**Kvikmyndahátíðin Northern Wave verður haldin í sjöunda sinn á Grundarfirði. Lögð verður áhersla á það helsta sem er að gerast í stuttmyndum úti í heimi.**

„Það er mjög góð stemning fyrir þessu,“ segir Dögg Mósesdóttir, stofnandi kvikmyndahátíðarinnar Northern Wave sem haldin verður í sjöunda sinn á Grundarfirði um næstu helgi.

„Við höfum vanalega verið með hátíðina á þyngsta vetrartímanum, þar sem er svo snjóþungt og hvasst að gestir hafa jafnvel séð dauða fugla á veginum. En í ár verður betra og léttara veður.“

Northern Wave er alþjóðleg stuttmynda- og tónlistarmyndbandahátíð sem leggur áherslu á kynslóð nýrra leikstjóra og nýjar raddir í kvikmyndagerð.

Dögg segir að svo virðist sem það hafi verið mikil fjölgun á kvenleikstjórum undanfarið. „Stuttmyndir hafa oft gefið vísbendingar um það sem koma skal í bransanum því þetta eru oft framtíðarleikstjórarnir. Við höfum tekið eftir mikilli fjölgun kvenleikstjóra í grasrótinni. Kvenraddirnar eru svolítið nýjar raddir í bransanum því þær hafa heyrst mjög lítið. Við tökum því fagnandi.“

Að sögn Daggar er lögð áhersla á að sýna rjómann af því sem er að gerast í stuttmyndum úti í heimi. „Við sýnum líka nýjar uppgötvanir sem okkur fannst frábærar en hafa kannski ekki verið mikið á hátíðum ennþá, ásamt íslenskum stuttmyndum sem eru alltaf vinsælastar á hátíðinni,“ segir Dögg. Keppt er um verðlaun fyrir bestu íslensku stuttmyndina, besta íslenska tónlistarmyndbandið og bestu alþjóðlegu stuttmyndina.“

> ➜ Kvenraddirnar eru svolítið nýjar raddir í bransanum því þær hafa heyrst mjög lítið.

„Ég held að vinsældir stuttmynda og tónlistarmyndbanda séu að aukast. Þegar við vorum að byrja héldu allir að tónlistarmyndbönd væru að deyja út. Þau hafa aftur á móti aldeilis sótt í sig veðrið. Ég held að það sama geti gerst með stuttmyndirnar. Við erum orðin svo YouTube-vædd að við erum farin að fíla miklu betur styttri snið. Ég held að stuttmyndaformið eigi framtíðina fyrir sér,“ segir Dögg.

Boðið er upp á fleiri viðburði á hátíðinni svo sem fiskréttakeppni og tónleika. thorduringi@frettabladid.is

## 09.10.2014 ➜ 15.10.2014




### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Meghan Trainor** | **All About That Bass** |
| 2 | ▲ | Kaleo | *All The Pretty Girls* |
| 3 | ▲ | Sam Smith | *I'm Not The Only One* |
| 4 | ▼ | Prins Póló | *París norðursins* |
| 5 | ▼ | Lilly Wood and The Prick | *Prayer in C* |
| 6 | ▶ | Tove Lo | *Habits (Stay High)* |
| 7 | ▶ | Nýdönsk | *Nýr maður* |
| 8 | ▲ | Milky Chance | *Stolen Dance* |
| 9 | ▲ | Calvin Harris | *Blame* |
| 10 | ▶ | The Script | *Superheroes* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Raggi Bjarna** | **80 ára** |
| 2 | ▶ | Hjálmar | *Skýjaborgin* |
| 3 | ▲ | Nýdönsk | *Diskó Berlín* |
| 4 | * | Ýmsir | *Jólin alls staðar* |
| 5 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 6 | ▲ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music Vol. 2* |
| 7 | ▼ | Sólstafir | *Ótta* |
| 8 | ▲ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 9 | ▲ | Ýmsir | *SG hljómplötur* |
| 10 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

EGF

# 20% afsláttur af **EGF húðvörum**

**EGF húðvörudagar** í Lyfjum og heilsu dagana **16.–19. október**






Kaupauki fylgir ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 5.900 kr eða meira*

**Takmarkað magn*

***www.lyfogheilsa.is***

Lyf & heilsa
***Við hlustum!***

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | KL 4.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| GONE GIRL LÚXUS | KL 4.45 - 8 | 16 |
| DRACULA | KL 5.45 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 8 - 10.45 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 - 8 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 | 12 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | KL 5.45 - 9 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 9 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| BOYHOOD | KL 5.40 - 9 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 6 | 14 |

LAUGARÁSBÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | 7, 10 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | 10:20 | 16 |
| SMÁHEIMAR | 5:40 | L |
| WALK AMONG TOMBSTONES | 5:30, 8 | 16 |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 - 10:10 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| ANNABELLE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 9 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 6:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| ANNABELLE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 | L |
| ANNABELLE | KL. 10:40 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 8 | L |
| GONE GIRL | KL. 8 | 16 |
| ANNABELLE | KL. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 10:20 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 10 | 16 |
| AFINN | KL. 8 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



**BILL MURRAY** Er einn ástsælasti leikari síðustu áratuga. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Vill tengjast sjálfum sér

Leikarinn og grínistinn ástsæli Bill Murray talaði um einkalíf sitt í viðtali við Howard Stern í síðustu viku.

„Mér finnst ég ekki vera einmana," svaraði Murray, spurður hvernig það væri að vera piparsveinn. „Það hefði verið ljúft að hafa einhvern til að geta farið með í giftinguna hans George Clooney, til dæmis." Murray segir að hann þurfi að vinna í ýmsu. „Eins og að þroskast, að tengjast sjálfum mér meira. Ég á ekki erfitt með að tengjast öðru fólki. Vandamál mitt er að tengjast sjálfum mér. Ef ég helga mig því ekki til fullnustu þá er betra að ég sé ekki í sambandi."

Aðspurður hvað sé svona erfitt við að tengjast sjálfum sér svarar Murray: „Það sem stoppar okkur öll er að við erum í rauninni ansi ljót ef við horfum nógu vel. Við erum ekki manneskjan sem við höldum að við séum, við erum ekki jafn frábær og við höldum. Það er smá sjokk, þetta er erfitt." - þij



**AMY POEHLER** Leikkonan skrifar um fíkniefnaneysluna í endurminningum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Amy Poehler elskaði kókaín

Leikkonan Amy Poehler skrifar um fíkniefnaneyslu sína í nýju endurminningunum sínum, Yes Please, sem koma út 28. október. „Ég prófaði kókaín sem ég elskaði strax en hataði á endanum," skrifar Amy.

„Kókaín er frábært ef maður vill hanga með fólki sem maður þekkir ekki vel og spila borðtennis alla nóttina," bætir hún við og segir að eiturlyfið sé hins vegar slæmt fyrir flest allt annað. Þá lýsir hún gamlárspartíi þar sem fíkniefni voru í boði. Teitið var ofboðslega skemmtilegt en næsti dagur var erfiður.

„Ég man líka eftir næsta degi þegar ég hélt að ég ætti enga vini og var svo döpur að mig langaði að sökkva ofan í teppið og búa þar að eilífu."

# Næs í rassinn

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Í vikunni borgaði ég manni fimmþúsundkall fyrir að troða fingri upp í rassgatið á mér. Þetta var reyndar ekki farsæll endir á tilraunakenndu stefnumóti heldur heimsókn til læknis. Hann fann ekkert óvenjulegt.

**KALDHÆÐNISLEGA** þá átti læknaheimsóknin sér stað skömmu eftir að hljómsveitin Hljómsveitt sendi frá sér myndband við lagið Næs í rassinn. Ég get reyndar ekki tekið undir að tilfinningin hafi verið næs — læknirinn hefði nú alveg getað boðið mér upp á drykk áður en hann lét til skarar skríða.

**VIÐBRÖGÐIN** við laginu Næs í rassinn voru hins vegar fyrirsjáanleg. Það er nefnilega svo auðvelt að hneykslast þegar unga fólkið grillar í liðinu. Það sannaðist heldur betur á dögunum þegar innslag úr sjónvarpsþættinum Áttunni var birt á Vísi. Þar kom í ljós að íslensk ungmenni þekkja pólitískt landslag Íslands illa.

**UNGMENNIN** voru meðal annars spurð að því hver væri forsætisráðherra Íslands. Flest töldu þau að Jóhanna Sigurðardóttir væri ennþá við völd en nafn Vigdísar Finnbogadóttur kom einnig upp. Þá héldu flestir að Jón Gnarr væri ennþá borgarstjóri Reykjavíkur en einn taldi reyndar að Ólafur Ragnar Grímsson væri borgarstjóri Íslands.

**ÞAÐ** er ekki unga fólkinu að kenna að þau viti ekki hver er forsætisráðherra. Þeim er einfaldlega drullusama vegna þess að þau hafa nákvæmlega ekkert um það að segja. Ungt fólk er skraut á framboðslistum stjórnmálaflokkanna og inni á Alþingi er meðalaldurinn í kringum 50. Yngstu þingmenn landsins eru valdalausir og tilheyra flokki sem setur höft ofar frelsi.

**FYRIRMYNDIRNAR** inni á þingi eru sem sagt ekki til staðar. Vinnan sem fer þar fram snýst líka að miklu leyti um að finna leiðir til að færa fjármuni af gjörgæslum sjúkrahúsa inn á bankareikninga eldri kynslóða svo að ríkissjóður verði pottþétt einhvers konar þrotabú þegar ný kynslóð tekur við stjórninni. Það er ekki í lagi þó þeim finnist næs að fá það í rassinn.



**LEO SANKOVIC** Leikur glæpamann í framhaldsmyndinni Borgríki 2: Blóð hraustra manna, sem verður frumsýnd á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Krakkarnir voru ekki hræddir við krimmann

**Leo Sankovic leikur í glæpamyndinni Borgríki 2 sem er á leiðinni í bíó. Á meðan á tökunum stóð vann hann á frístundaheimili innan um sex til níu ára krakka.**

„Ég er enginn leikari. Þeir völdu mig bara út af útlitinu," segir Leo Sankovic. Hann endurtekur hlutverk sitt sem glæpamaðurinn Stanko í spennumyndinni Borgíki 2: Blóð hraustra manna, sem verður frumsýnd á morgun.

Meðan á tökum stóð starfaði Leo á frístundaheimili í Reykjavík og var því innan um sex til níu ára krakka. Aðspurður segir hann krakkana ekkert hafa verið hrædda við sig, þrátt fyrir að hann hafi á sama tíma verið að leika blóðþyrstan krimma. „Ég er ekki eins og karakterinn í myndinni. Ég er bara venjulegur strákur. Ég og krakkarnir náðum vel saman og við spiluðum oft fótbolta. Þeir þekktu mig líka áður en myndin kom út," segir hann.

Leo er í aukahlutverki í Borgríki 2 en kemur meira við sögu núna en í fyrri myndinni sem kom út 2011. Hann segist hafa skemmt sér vel við tökurnar. „Það var líka gaman að vera í kringum þekkta leikara eins og Ingvar E. [Sigurðsson] sem gerðu mér auðvelt fyrir. Það var eitt atriði sem ég náði aldrei og þá kom Darri Ingólfsson til mín og sagði við mig eitt orð og ég fattaði strax hvað hann var að meina," segir Leo.

Hann fékk einnig góða hjálp frá frænda sínum, Zlatko Krikic, sem leikur krimmann Sergej í báðum Borgríkismyndunum. Leo hreppti einmitt hlutverkið í fyrri myndinni þegar hann var í kaffi á bifvélaverkstæði frænda síns. „Ég þekkti Óla [Ólaf Jóhannesson leikstjóra] smá og hann mætti á verkstæðið og sagði við Zlatko: „Ég vil fá hann út af útlitinu"," segir hann og hlær.

Leo er af serbnesku bergi brotinn en flutti frá gömlu Júgóslavíu árið 1991 þegar hann var ellefu ára. Fyrst til Kýpur en svo til Íslands árið 1998. „Stríðið var ekki almennilega byrjað þegar ég flutti frá Belgrad en það var smá spenna í gangi," segir hann. „Ég var alltaf í fótboltanum en sá samt hvernig krakkar vildu verða harðir krimmar. Serbar eru búnir að gera margar kvikmyndir um stríðið og ég hef horft á margar þeirra og gat notað þær sem innblástur þegar ég var að leika Stanko."

## Ætlar að þjálfa fótboltalið í Noregi

Faðir Leos er knattspyrnuþjálfarinn Zeljko Sankovic sem hefur þjálfað fjölmörg lið á Íslandi, þar á meðal Grindavík, ÍBV og Val. Leo ætlar sjálfur að verða þjálfari eins og pabbi og er þegar kominn með UEFA B-gráðu. Hann stefnir á UEFA A-gráðu eftir tvö ár og ætlar á næstunni að flytja til Noregs, þar sem móðir hans og fleiri úr fjölskyldu hans búa.

> Serbar eru búnir að gera margar kvikmyndir um stríðið og ég hef horft á margar þeirra og gat notað þær sem innblástur þegar ég var að leika Stanko.

freyr@frettabladid.is

# Bræður spila saman á Airwaves

Júníus Meyvant, sem sló í gegn í sumar, kemur nú fram ásamt bræðrum sínum tveimur.

„Bræður geta verið hreinskilnari hver við annan,“ segir tónlistarmaðurinn Unnar Gísli Sigurmundsson, betur þekktur sem Júníus Meyvant.

Hann kemur fram á Iceland Airwaves-hátíðinni ásamt tveimur bræðrum sínum, þeim Guðmundi Óskari og Ólafi Rúnari. Fjórði bróðirinn, Einar, verður ekki með í þetta sinn því hann er staddur í Vestmannaeyjum þar sem bræðurnir ólust upp.

Júníus sló í gegn í sumar með laginu Color Decay en Unnar segir tónlistina vera sér í blóð borna. „Það spila allir á hljóðfæri í fjölskyldunni. Mamma og pabbi eru líka tónlistarfólk þannig að það er enginn skilinn eftir.“ En mun hann einhvern tímann fá mömmu og pabba til að troða upp með sér? „Við gætum endurflutt eitthvað eftir Mamas & the Papas, eða The Manson Family,“ segir hann og hlær.

Að sögn Unnars munu æfingar með bræðrunum tveimur hefjast fyrir alvöru í vikunni. Í hljómsveitinni eru einnig þeir Kristófer Rodriguez Svönuson og Árni Magnússon. Guðmundur spilar á gítar og hljóðgervla en Ólafur spilar á píanó og hljóðgervla. Júníus Meyvant treður upp alls sex sinnum á Airwaves, fjórum sinnum með hljómsveitinni en tvisvar verður Unnar einn á báti, bæði „on“ og „off-venue“.

Unnar vinnur nú að fyrstu plötu sinni sem kemur út á næsta ári. „Þið munuð heyra einhver lög fyrir jól og í kringum Airwaves. Síðan kemur út plata í framhaldi af því,“ segir Unnar, sem er þegar búinn að semja allt efnið á plötunni.

thorduringi@frettabladid.is



**MEYVANTSBRÆÐUR** Unnar segir þá bræður vera hreinskilnari en gengur og gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SCOTT WALKER** Gafst alveg upp á miðjumoðinu.

## Semur kvikmyndatónlist

Scott Walker, sem gerði garðinn frægan á sjöunda áratugnum með bræðrum sínum í The Walker Brothers, mun gera tónlistina fyrir kvikmyndina The Childhood of a Leader.

Myndin er fyrsta verk leikarans Bracy Corbet sem leikstjóri. Robert Pattinson úr Twilight-myndunum leikur aðalhlutverkið en Tim Roth (Reservoir Dogs) og Bérénice Bejo (The Artist) munu einnig leika hlutverk.

Walker hefur búið til afar framsækna og óvenjulega jaðartónlist á undanförnum áratugum eftir að hann gafst upp á miðjumoði. Plata hans með drunu- og hávaðasveitinni Sunn O))), Soused, kemur út í næstu viku.

The Childhood of a Leader fjallar um ungan Bandaríkjamann sem býr í Frakklandi árið 1918 en faðir hans vinnur fyrir Bandaríkjastjórn við að koma Versalasamningnum í kring. Það sem maðurinn verður vitni að mótar skoðanir hans en myndin sýnir „fæðingu hræðilegs egós“.



**KE$HA** Söngkonan hefur kært upptökustjórann sinn og vill losna undan samningi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ke$ha kærir Dr. Luke

Söngkonan Ke$ha, 27 ára, er búin að kæra upptökustjórann sinn Dr. Luke, 41 árs, og vonast söngkonan til að losna undan samningi við hann.

Tímaritið Us Weekly hefur kæruna undir höndum en í henni heldur söngkonan því fram að Dr. Luke hafi beitt hana líkamlegu og andlegu ofbeldi síðan hún skrifaði undir samning hjá honum þegar hún var átján ára.

Ke$ha fór í meðferð gegn átröskun í janúar síðastliðnum og segir að Dr. Luke hafi oft neytt hana til að drekka áfengi eða nota fíkniefni svo hann gæti fengið sínu framgengt kynferðislega. Ke$ha segir að Dr. Luke hafi eitt sinn gefið henni pillur og að næsta dag hafi hún vaknað nakin í rúminu hans, „aum, veik og mundi ekki hvernig hún endaði þar“.

## Fékk fyrstu byssuna 6 ára

Leikarinn Brad Pitt segir í viðtali við Radio Times að hann hafi fengið fyrstu byssuna sína þegar hann var sex ára.

„Bróðir minn fékk byssu pabba míns og ég fékk byssu afa míns þegar ég var í leikskóla,“ segir Brad um hefðir í sinni fjölskyldu. Þegar hann var átta ára skaut hann í fyrsta sinn af byssu. „Það jákvæða er að faðir minn kenndi mér að bera mikla virðingu fyrir vopninu,“ segir Brad og bætir við að hann sé ekki öruggur á heimili sínu nema hann viti af byssu í húsinu.



## Ósigruðu liðunum fækkar um tvö



Önnur umferð Dominos-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld með fjórum leikjum, en umferðinni lýkur með fyrsta mánudagsleik vetrarins þegar Keflvíkingar taka á móti Stjörnunni.

Það er ljóst að ósigruðu liðunum í deildinni fækkar um tvö í kvöld því þá mætast Snæfell og Haukar í Stykkishólmi annars vegar og lið Tindastóls og Þórs úr Þorlákshöfn í Síkinu á Sauðárkróki hins vegar en öll þessi fjögur lið unnu leiki sína í fyrstu umferðinni. Hinir tveir leikir kvöldsins eru síðan á milli Grindavíkur og Skallagríms, sem bæði bíða eftir fyrsta sigri sínum í deildinni og á milli Reykjavíkurliðanna ÍR og KR.

KR-ingar þurftu ekki leikstjórnandann Pavel Ermolinskij til að vinna Njarðvíkinga sannfærandi í fyrsta leik og Vesturbæingar virka ógnarsterkir. Allir fjórir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15.

## Veislan hafin í Laugardalshöll

**FIMLEIKAR** Tíunda Evrópumótið í hópfimleikum hófst með pomp og prakt í Laugardalshöll í gærkvöldi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, settið mótið, en að ræðu hans lokinni fór fram flott setningarathöfn með glæsilegum dansatriðum.

Unglingaliðin riðu á vaðið í undankeppninni í gærkvöldi, en fullorðinsliðin hefja leik í kvöld eins og kemur fram í viðtalinu við tvöfalda Evrópumeistarann og fyrirliða kvennalandsliðsins, Sif Pálsdóttur, í greininni hér að neðan. - tom



**SAMHÆFING** Drengjalið Íslands með takta á gólfinu gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SIGUR Í AFMÆLISGJÖF** Hildur Sigurðardóttir átti afmæli í gær og leiddi sínar stelpur til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## DOMINOS KVENNA

**GRINDAVÍK – HAUKAR 59-71 (27-28)**

**Stig Grindavíkur:** Rachel Tecca 22 (11 frák.), María Ben Erlingsdóttir 10, Petrúnella Skúladóttir 9, Jeanne Lois Figeroa Sicat 8, Pálína Gunnlaugsdóttir 6, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 2, Ingibjörg Jakobsdóttir 2.

**Stig Hauka:** LeLe Hardy 22 (17 frák., 9 stolnir), Sylvía Rún Hálfdanardóttir 14 (9 frák.), Inga Rún Svansdóttir 9, Guðrún Ósk Ámundadóttir 7, Auður Íris Ólafsdóttir 5, Sólrún Inga Gísladóttir 5, María Lind Sigurðardóttir 4, Dýrfinna Arnardóttir 3, Dagbjört Samúelsdóttir 2.

**HAMAR – BREIÐABLIK 57-77 (35-36)**

**Stig Hamars:** Andrina Rendon 14 (10 frák.), Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 13, Þórunn Bjarnadóttir 10 (8 stoðs.), Katrín Eik Össurardóttir 7, Kristrún Rut Antonsdóttir 6, Heiða B. Valdimarsdóttir 4, Sóley Guðgeirsdóttir 3.

**Stig Breiðabliks:** Unnur Lára Ásgeirsdóttir 17 (15 frák.), Arielle Wideman 17 (13 frák., 11 stoðs.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 17 (11 frák., 6 stoðs.), Berglind Karen Ingvarsdóttir 9, Aníta Rún Árnadóttir 6, Kristbjörg Pálsdóttir 5, Ingunn Erla Kristjánsdóttir 4, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 2.

**SNÆFELL – VALUR 90-85 (51-43)**

**Stig Snæfells:** Kristen McCarthy 27 (8 frák., 6 stoðs., 6 stolnir), Hildur Sigurdardottir 19 (7 frák., 6 stoðs.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 15, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 9, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 9, Berglind Gunnarsdóttir 6, Alda Leif Jónsdóttir 3, María Björnsdóttir 2.

**Stig Vals:** Joanna Harden 31, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 14, Guðbjörg Sverrisdóttir 12, Margrét Ósk Einarsdóttir 8, Ragnheiður Benónísdóttir 7 (11 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 4, Sara Diljá Sigurðardóttir 3, Sóllilja Bjarnadóttir 3, Kristrún Sigurjónsdóttir 3.

**KEFLAVÍK – KR 99-61**

**Tölfræðin barst ekki áður en blaðið fór í prentun í gærkvöldi.**

**Stig liðanna:** Snæfell 6, Haukar 4, Keflavík 4, Grindavík 4, Valur 4, Breiðablik 2, KR 0, Hamar 0.

# Við njótum hverrar sekúndu

Íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum hefur keppni á Evrópumeistaramótinu í dag en mótið fer fram í Laugardalshöll. Kvennaliðið er tvöfaldur Evrópumeistari og fyrirliðinn, Sif Pálsdóttir, stefnir hátt með sitt lið.

**FIMLEIKAR** Augu margra munu beinast að kvennalandsliði Íslands í hópfimleikum í dag en það hefur þá keppni á Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum sem fer nú fram hér á landi í fyrsta sinn. Ísland varð Evrópumeistari árið 2010 og varði titilinn svo í Árósum fyrir tveimur árum. Liðið þykir því til alls líklegt nú þó svo að samkeppnin verði hörð.

„Það hefur allt gengið rosalega vel hjá okkur. Við fengum generalprufu í keppnissalnum í dag og var það mjög gaman,“ sagði fyrirliðinn, Sif Pálsdóttir, ein fremsta fimleikakona Íslands frá upphafi, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún hætti eftir keppnina í Árósum en ákvað að gefa aftur kost á sér í liðið nú.

„Ég hugsaði með mér að fyrst ég væri heil gæti ég ekki hugsað mér að sleppa því að keppa á heimavelli. Það er geggjuð tilfinning að fá að vera á heimavelli, þar sem maður þekkir alla í kringum íþróttina og áhorfendur á pöllunum eru íslenskir.“

### Samheldnin og liðsheildin mikil

Undanfarin tvö skipti hefur kvennalið Gerplu unnið sér inn landsliðsréttinn fyrir Evrópumeistaramótin en í þetta sinn voru úrtökuæfingar í upphafi árs og reynt að fá þær allra bestu saman af þeim bestu. Í liðinu eru keppendur frá Gerplu, Stjörnunni og Selfossi.

„Við byrjuðum að æfa saman í júní og ríkir mikil samheldni og liðsheild í hópnum. Þetta styrkti tvímælalaust liðið auk þess sem að ég gæti ekki hugsað mér betra þjálfarateymi.“

Sif segir þó að tilfinningin fyrir mótið nú sé svipuð og fyrir önnur Evrópumót sem hún hefur tekið þátt í. „Þjálfarateymið okkar er með góða uppskrift sem hefur virkað, þó svo að verkefnið sé nýtt hverju sinni. Við vinnum alltaf með ákveðna punkta og helst vil ég nefna liðsheildina og góðan anda í liðinu sem tvo af mikilvægustu þáttunum. En að sjálfsögðu



**ÞRIÐJA GULLIÐ Á LEIÐINNI?** Sif Pálsdóttir varð Evrópumeistari með kvennaliði Gerplu árin 2010 og 2012 en stefnir nú á titilinn með sameinuðu íslensku kvennalandsliði sem tekur þátt á EM sem fer fram í Laugardalshöllinni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skiptir líka miklu máli að gera flott stökk og góðar æfingar.“

Ása Inga Þorsteinsdóttir, yfirþjálfari íslensku liðanna, sagði í Fréttablaðinu í gær að ljóst væri að úrslitin muni fyrst og fremst ráðast á lendingum. Sif tekur undir það.

„Sérstaklega hjá þeim liðum sem eru með sömu stökk og sömu erfiðleikaeinkunn. Þá er þetta bara spurning um lendingarnar. En við þurfum líka að passa að skila af okkur góðum æfingum í dansinum.“

### Bjóðum upp á flott ný stökk

Hún segir að íslenska liðið muni byrja á að framkvæma erfið stökk í undankeppninni í dag og sjá hverju það skilar liðinu fyrir úrslitin á laugardaginn.

„Við erum alltaf að reyna að þrýsta erfiðleikastuðlinum hærra og hærra enda er íþróttin í stöðugri þróun. Við ætlum að bjóða upp á nokkur flott ný stökk og við sjáum hvernig til tekst,“ segir Sif sem segir mikinn undirbúning að baki.

„Við höfum tekið meira en 80 æfingar í þessu ferli og svo fáum við níu mínútur á sviðinu. Við munum passa okkur á því að njóta hverrar sekúndu.“

Undankeppni í yngri flokkum hófst í gær og undankeppni í eldri flokkum fer fram í dag. Úrslitin ráðast hjá yngri keppendunum á morgun og mótið nær svo hámarki á laugardag þegar úrslit ráðast í kvennaflokki, karlaflokki og flokki blandaðra kynja.

eirikur@frettabladid.is

> **Við höfum tekið meira en 80 æfingar og svo fáum við níu mínútur á sviðinu.**
>
> *Sif Pálsdóttir, fyrirliði íslenska kvennaliðsins*



**UTAN VALLAR** INGVI ÞÓR SÆMUNDSSON ingvithor@365.is

## STÆRSTA EN EKKI SÍÐASTA VARÐAN

**FÓTBOLTI** Þegar Lars Lagerbäck skrifaði undir samning við KSÍ í október 2011 byrjaði hann um leið að skrifa nýjan kafla í íslenska knattspyrnusögu.

Íslenska karlalandsliðið hefur yfirstigið margar hindranir og náð ótal áföngum síðan Svíinn yfirvegaði tók til starfa. Batamerkin sáust fljótlega og úrslitin fylgdu í kjölfarið.

Eftir þrjá leiki í síðustu undankeppni var Ísland búið að vinna jafn marga leiki og það vann í tveimur undankeppnum þar á undan. Ísland vann sigur á liði frá Austur-Evrópu á útivelli – ekki einn, heldur tvo. Ísland kom til baka og náði jafntefli eftir að hafa verið 4-1 undir gegn sterku liði Sviss á útivelli. Ísland fór taplaust í gegnum fjóra síðustu leiki undankeppninnar og komst í fyrsta sinn í umspil um sæti á stórmóti.

Draumurinn um sæti á HM í Brasilíu varð að engu í Zagreb þar sem Ísland tapaði fyrir frábæru liði Króata. Og svo virtist sem vonbrigðin sætu í leikmönnum liðsins í vináttulandsleikjunum í ár. Spilamennska íslenska liðsins í leikjunum gegn Svíþjóð, Wales, Austurríki og Eistlandi var flöt og það virtist þungt yfir liðinu.

En frammistaðan og úrslitin í þeim leikjum gleymdist þegar Ísland sýndi á sér sparihliðarnar gegn Tyrklandi í fyrsta leik undankeppni EM 2016. Niðurstaðan var 3-0 sigur og annar slíkur vannst í Ríga í Lettlandi á föstudagskvöldið.

Þessir leikir voru bara forsmekkurinn að því sem koma skyldi. Á mánudagskvöldið náði íslenska landsliðið sínum bestu úrslitum frá upphafi þegar það lagði Holland, bronsliðið frá síðasta HM, með tveimur mörkum gegn engu.

Það voru ekki einungis úrslitin sem voru frábær, heldur var spilamennskan fyrsta flokks. Varnarleikurinn var sterkur, sóknarleikurinn beittur, vinnusemin til fyrirmyndar, baráttan góð og skipulagið upp á tíu. Þegar þessir þættir eru til staðar geta góðir hlutir gerst.

Það verður erfitt fyrir íslenska landsliðið að toppa Hollandsleikinn sem verður væntanlega með tíð og tíma stærsta og glæsilegasta varðan um þetta lið. En þetta eru ekki síðustu merkisúrslitin sem íslenska landsliðið á eftir ná á næstu árum. Liðið er á góðum aldri og skipað leikmönnum sem höndla pressu, álag og væntingar sem munu eflaust aukast í kjölfar sigursins á Hollandi.

Leikmennirnir sem skipa landsliðið eru góðir og vita af því. Framundan eru erfið verkefni, en liðið fær mann til að trúa að það geti leyst þau. Það er af sem áður var.



**FÖGNUÐUR** Gylfi Þór og Aron Einar fagna marki þess fyrrnefnda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ


TOPPBÍLAR
TILBOÐSDAGAR
Toppverð
2.490.000 kr.
TOYOTA LC 120 gx. Árg. 2005.
Ekinn 240.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.190.000 kr. TILBOÐ 2.490.000 kr. Rnr.372036.
1.490.000 kr.
SUBARU Legacy Árg. 2007.
Ekinn 111.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000 kr. TILBOÐ 1.490.000 kr.
Rnr.380809.
4.290.000 kr.
NISSAN Qashqai+2 se. Árg. 2014.
Ekinn 33.000 km. dísel, 6 gírar.
Verð 4.690.000 kr. TILBOÐ 4.290.000 kr.
7 sæta. Rnr.380745.
4.490.000 kr.
AUDI Q7 quattro. Árg. 2007.
Ekinn 139.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr. TILBOÐ 4.490.000 kr.
Rnr.380441.
1.790.000 kr.
TOYOTA Prius. Árg. 2008.
Ekinn 69.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.990.000 kr. TILBOÐ 1.790.000 kr.
Rnr.372248.
1.249.000 kr.
NISSAN Note visia. Árg. 2009.
Ekinn 100.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.490.000 kr. TILBOÐ 1.249.000 kr.
Rnr.372210.
890.000 kr.
FORD Explorer ltd 4wd. Árg. 2003.
Ekinn 200.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.190.000 kr. TILBOÐ 890.000 kr.
Rnr.372189.
Toppverð
7.890.000 kr.
TOYOTA LC 200 vx. Árg. 2008.
Ekinn 105.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 8.490.000 kr. TILBOÐ 7.890.000 kr. Rnr.336925.
3.590.000 kr.
HONDA Accord. Árg. 2013.
Ekinn 23.000 km. bensín, 6 gírar.
Verð 3.990.000 kr. TILBOÐ 3.590.000 kr.
Rnr.372091.
3.690.000 kr.
TOYOTA LC120 gx. Árg. 2006.
Ekinn 156.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr. TILBOÐ 3.690.000 kr.
Rnr.336980.
949.000 kr.
TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árg. 2005.
Ekinn 172.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.290.000 kr. TILBOÐ 949.000 kr.
Rnr.372041.
4.490.000 kr.
AUDI A4 avant. Árg. 2012.
Ekinn 70.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr. TILBOÐ 4.490.000 kr.
19" og orginal felgur. Rnr.286508.
4.590.000 kr.
TOYOTA LC 120 gx. Árg. 2008.
Ekinn 139.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr. TILBOÐ 4.590.000 kr.
Rnr.336846.
990.000 kr.
TOYOTA Yaris active. Árg. 2007.
Ekinn 85.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.150.000 kr. TILBOÐ 990.000 kr.
Rnr.372178.
Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050
Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054
Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051
ergo
Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16
TOPPBÍLAR Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur




**3,0 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**ELVAR ÁSGEIRSSON**
**20 ÁRA LEIKSTJÓRNANDI**
**UPPALINN**
**18 MÖRK Í 6 LEIKJUM**

„Hann er að mínu viti framtíðarleikstjórnandi íslenska landsliðsins. Ég fullyrði það. Hans helsti galli er að hann þarf að geta skotið af gólfi. Skorar ótrúlega mikilvæg mörk, hann er bara tvítugur og tæpir tveir metrar. Hann þarf að laga varnarleikinn en er gríðarlega mikið efni og eitt mesta efni sem ég hef séð síðustu ár,“ segir Guðjón.




**4,0 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**ÖRN INGI BJARKASON**
**24 ÁRA LEIKSTJÓRNANDI**
**UPPALINN**
**16 MÖRK Í 4 LEIKJUM**

„Hann hefur ótrúlega hæfileika en hefur því miður verið alltof mikið meiddur á undangengnum árum því annars væri hann landsliðsmaður. Hann er lykilleikmaður Aftureldingar og stýrir leik þeirra,“ segir Guðjón.




**4,2 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**JÓHANN GUNNAR EINARSSON**
**29 ÁRA HÆGRI SKYTTA**
**NÝR LEIKMAÐUR**
**25 MÖRK Í 6 LEIKJUM**

„Leikmaður sem liðið vantaði. Hann gefur því jafnvægi og styrk þegar mest á reynir. Ég hefði viljað sjá hann í landsliðinu,“ segir Guðjón um Jóhann Gunnar Einarsson sem tók fram skóna á ný eftir ársfrí en hann varð þar á undan Íslandsmeistari með Fram vorið 2013.



**4,2 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**JÓHANN JÓHANNSSON**
**28 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**UPPALINN**
**21 MARK Í 5 LEIKJUM**

„Frábær leikmaður fyrir liðið. Góður skotmaður sem getur leyst inn á línu sem er kostur. Hann er einnig mjög sterkur í vörn,“ segir Guðjón Guðmundsson um hinn leikreynda leikmann Jóhann Jóhannsson.



**2,8 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**PÉTUR JÚNÍUSSON**
**22 ÁRA LÍNUMAÐUR**
**UPPALINN**
**14 MÖRK Í 5 LEIKJUM**

„Hann er tveggja metra risi og svona nýr Rússajeppi. Hann þarf hins vegar að bæta á sig einum tíu kílóum. Hann er án nokkurs vafa framtíðarlandsliðsmaður og er leikmaður sem gæti komist í fremstu röð í heiminum ef hann nennir að æfa. Í dag er hann svona eins og lítill Land-Rover,“ segir Guðjón.

# Efnilegasta handboltalið landsins

**Nýliðar Aftureldingar úr Mosfellsbæ hafa unnið sex fyrstu leiki sína í Olís-deildinni og eru með fjögurra stiga forskot í toppsæti deildarinnar. Fréttablaðið fékk Guðjón Guðmundsson til að segja okkur frá þessum strákum sem eru flestallir uppaldir í félaginu.**

**HANDBOLTI** Stjarnan, Valur, ÍBV, Fram, FH og ÍR. Öll eiga þau sameiginlegt að hafa tapað fyrir spútnikliði vetrarins í handboltanum. Afturelding úr Mosfellsbæ hefur komið eins og stormsveipur inn í Olís-deild karla eftir eins vetrar dvöl í 1. deildinni og Guðjón Guðmundsson, handboltaspekingur og íþróttafréttamaður á Stöð 2, er einn af þeim sem hafa hrifist af þessum stórefnilegu handboltamönnum sem eru nær allir uppaldir í Aftureldingu.

„Liðið eins og það er uppsett í dag gæti orðið Íslandsmeistari en mótið er bara svo hrikalega langt og liðið er ungt,“ segir Guðjón Guðmundsson sem hefur fylgst vel með íslenska handboltanum í meira en þrjá áratugi.

„Ég fullyrði það að þetta er betri efniviður en sá sem við sáum í FH þegar Aron (Pálmarsson) og Ólafur (Guðmundsson) voru að koma upp. Þetta er albesti efniviður sem Ísland hefur fengið síðan Valur átti Geir Sveinsson, Dag Sigurðsson og Ólaf Stefánsson. Þetta er til jafns við það og Víkingana þegar þeir voru upp á sitt besta á árunum 1980 til 1982. Við höfum ekki fengið svona hóp á Íslandi síðan,“ segir Guðjón. Víkingarnir unnu titilinn fjögur ár í röð frá 1980 til 1983 og Valsmenn unnu hann fjögur ár í röð frá 1993 til 1996.

„Þetta er efnilegasta lið landsins og innan tveggja til þriggja ára þá verður þetta lið meistari ef þeir halda vel á spöðunum og gætu þá unnið þetta eins lengi og þeir vilja,“ segir Guðjón en hér á síðunni má sjá palladóma hans um helstu leikmenn liðsins.

Aftureldingu tókst að halda öllum sínum efnilegustu leikmönnum þegar liðið féll vorið 2013.

„Ég hvet alla sem hafa áhuga á íþróttinni til að fylgjast með þessu því þessi uppbygging þarna er mögnuð sem og það að þeir skyldu hafa haldið öllum mannskapnum þegar þeir féllu. Þá voru allir að narta í þá, Valur, Haukar og FH. Þeir eru ótrúlega seigir, þessir guttar, og þeir héldu áfram og komu liðinu strax upp aftur,“ segir Guðjón en hann veit þó að þeir vinna ekki alla leiki í vetur.

„Þeir munu hlaupa á vegg einhvern tímann í vetur og þá reynir á hópinn, liðið og umfram allt þjálfarateymið,“ segir Guðjón.


GUÐJÓN GUÐMUNDSSON

Strákarnir í Aftureldingu fagna hverju marki og svo hverjum sigri eins og þeir hafi verið að tryggja sér titilinn. „Það er kostur. Það er gríðarlega góð stemning og það er góð ára í kringum liðið. Nú eru áhorfendurnir líka farnir að mæta og ég held að það verði uppselt í Mosfellsbæ í kvöld, 950 manns, sem er met í nýja húsinu,“ segir Guðjón. Afturelding tekur þá á móti Haukum að Varmá klukkan 19.30.

En hvað þarf að gerast til að Afturelding verði meistari í fyrsta sinn í sextán ár?

„Nenni þeir að æfa og leggja aukalega á sig þá munu þeir vera kandídatar í meistara í vetur en til þess að svo muni verða þá þurfa menn þarna að æfa aukalega, annaðhvort á morgnana eða í hádeginu,“ sagði Guðjón léttur.

ooj@frettabladid.is




**DAVÍÐ HLÍÐDAL SVANSSON**
**29 ÁRA MARKVÖRÐUR**
**UPPALINN**

„Besti markvörður deildarinnar en þó ekki nægilega góður til að vera í landsliðinu. Það sem hann hefur fram yfir marga aðra er að hann les leikinn vel og leggur mikla vinnu í andstæðingana. Hann labbar svolítið í hornin og er alveg ótrúlega góður á góðum degi en vantar stöðugleika,“ segir Guðjón.



**PÁLMAR PÉTURSSON**
**30 ÁRA MARKVÖRÐUR**
**NÝR LEIKMAÐUR**

„Hann er stemningsmaður dauðans. Það er synd með Pálmar því þegar ég sá hann fyrst 19 ára gamlan í Val þá var ég sannfærður um það að hann yrði landsliðsmarkvörður og kæmist í alþjóðlegan klassa. Ég held því miður að hann hafi verið of latur til þess að komast þangað. Í dag finnst mér hann vera einn af okkar bestu markvörðum. Hann er ótrúlega mikill stemningskarl og hefur hjálpað liðinu í þeim leikjum þegar Davíð hefur klikkað. Hann mun gera það í vetur.“



**2,8 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**GUNNAR MALMQUIST ÞÓRSSON**
**20 ÁRA VINSTRI HORNAMAÐUR**
**NÝR LEIKMAÐUR**
**17 MÖRK Í 6 LEIKJUM**

„Ég hef alltaf verið hrifinn af honum og hann er af þessu Malmquist-kyni að norðan. Hann er mikill baráttujaxl og frábær liðsmaður Hann er afburðahornamaður en þarf kannski að hafa aðeins meiri stjórn á sér í leikjum því hann fer svolítið fram úr sér. Hrikalega mikið talent.“




**1,8 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**BÖÐVAR PÁLL ÁSGEIRSSON**
**19 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**UPPALINN**
**11 MARK Í 6 LEIKJUM**

„Fyrir þremur árum sá ég í honum Mikkel Hansen. Hann hefur verið gríðarlega mikið meiddur. Þessi leikmaður á að vera kominn lengra en hann hefur ekki æft rétt og ekki verið meðhöndlaður rétt. Það er synd því íslenska landsliðið þarf svona leikmann. Það ræðst á næstu tveimur árum hvort hann nær í gegn en hann gæti orðið heimsklassa,“ segir Guðjón.



**EINAR ANDRI EINARSSON**
**ÞJÁLFARI**
**Á FYRSTA ÁRI MEÐ LIÐIÐ**

„Ég er hrifinn af Einari Andra. Hann er ungur þjálfari og það sem háði honum hjá FH var að hann þekkti alla leikmennina frá því að þeir voru sex til sjö ára. Nú er hann kominn í annað umhverfi og ég sé hann fyrir mér sem alvöruþjálfara í framtíðinni. Hann er búinn að vinna geysilega gott starf en mér finnst samt að líkamlegi þátturinn hjá þeim gæti verið betri.“

## ➜ Ekki gleyma þessum…



**BIRKIR BENEDIKTSSON**
**18 ÁRA HÆGRI SKYTTA**
**UPPALINN**
**1 MARK Í 6 LEIKJUM**

„Þetta er tveggja metra strákur sem ég held að geti alveg orðið hrikalega góður. Það eru líka fleiri á leiðinni upp úr yngri flokkum Aftureldingar,“ segir Guðjón.



**2,3 MÖRK AÐ MEÐALTALI**
**ÁRNI BRAGI EYJÓLFSSON**
**19 ÁRA HÆGRI HORNAMAÐUR**
**UPPALINN**
**14 MÖRK Í 6 LEIKJUM**

„Hann er einn af þeim betri af yngri kynslóðinni í hægra horninu. Hann vantar pínulitla hæð og þyrfti að vera betri í vörn en hann er mjög sterkur af teignum og góður hraðaupphlaupsmaður. Hann er gríðarlega mikið efni.“




## Gamli góði
20 BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð.
Rækjusalat og fínt brauð.



3.550 kr.

## Eðalbakki
20 BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi paprika, salatmix og kornbrauð.



3.550 kr.

## Lúxusbakki
20 BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



3.550 kr.

## Tortilla partýbakki
30 BITAR

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur og spínat. Fetaostur, rauðlaukur og spínat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat og lauksósa.




3.950 kr.

## Tortilla veislubakki
30 BITAR

Reykt skinka, egg og jöklasalat. Tikka masala kjúklingur og jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar og salatmix.



3.950 kr.

## Tortilla heilsubakki
30 BITAR

Heilhveititortilla, hummus, paprika og salatmix. Heilhveititortilla, reyktur lax, salatmix og rjómaostur. Tómattortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, og lauksósa.



3.950 kr.

## Pítubakki
24 BITAR

Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka, eggja- og íssalat.



3.550 kr.

## Ávaxtabakki
10 MANNS

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.690 kr.

## Kökubakki
24 BITAR

Eplakaka, súkkulaðikaka, gulrótarkaka.



3.190 kr.

**Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.**

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi? Viltu hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum upp á ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum og kökum og jafnvel ávöxtum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru **4** bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en **kl. 15:30** daginn fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI
Ferskt á hverjum degi



# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.10
### Heilsugengið

Önnur röðin af þessum vönduðu og fróðlegu íslensku þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.

## Í KVÖLD



### Fóstbræður

**STÖÐ 2 KL. 19.20** Fóstbræður eru mættir aftur til leiks. Drepfyndin þáttaröð með Sigurjóni Kjartanssyni, Jóni Gnarr, Helgu Brögu Jónsdóttur, Þorsteini Guðmundssyni og Gunnari Jónssyni. Leikstjóri er Ragnar Bragason.



### Undateable

**STÖÐ 2 KL. 19.45** Glæný gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástamálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.



### Masterchef

**STÖÐ 2 KL. 20.30** Skemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.

## FM 957 kl. 7.00
### Morgunþáttur FM957

Ósk Gunnars og Sverrir Bergmann vakna með þér á FM957.






## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Jamie's American Road Trip
**09.20** Bold and the Beautiful
**09.40** Doctors
**10.20** 60 mínútur
**11.05** Nashville
**11.50** Harry's Law
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mrs. Doubtfire
**15.00** The O.C
**15.40** iCarly
**16.05** Back in the Game
**16.25** The New Normal
**16.50** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Undateable
**20.10** Heilsugengið
**20.30** Masterchef USA
**21.15** NCIS
**22.00** The Blacklist Spennuþáttur með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna.
**22.45** Person of Interest
**23.30** Homeland
**00.20** Homeland
**01.10** The Knick
**01.55** The Killing
**02.40** NCIS.
**03.25** Louie
**03.50** Wall Street
**05.50** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**12.50** Írland - Gíbraltar
**14.30** Leiðin til Frakklands
**15.30** Fuchse Berlin - Kiel
**16.50** Þýsku mörkin
**17.20** Euro 2016 - Markaþáttur
**18.10** Ísland - Holland
**19.50** NBA - Michael Jordan
**20.40** Ronda Rousey
**21.25** Formúla 1 - Rússland
**23.45** Austurríki - Svartfjallaland

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.35** Aston Villa - Man. City
**13.15** Sunderland - Stoke
**15.00** Blackpool - Cardiff
**16.40** Swansea - Newcastle
**18.20** England - San Marínó
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Norður-Írland - Færeyjar
**22.10** Wales - Kýpur
**23.55** Leicester - Burnley

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasýn

## STÖÐ 3

**17.55** Top 20 Funniest
**19.00** Last Man Standing
**19.25** Guys With Kids
**19.50** Wilfred
**20.15** X-factor UK
**22.15** Originals
**23.00** Supernatural
**23.45** Grimm
**00.30** In The Flesh
**01.20** Last Man Standing
**01.40** Guys With Kids
**02.05** Wilfred
**02.30** X-factor UK
**04.30** Originals
**05.10** Supernatural
**05.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Skógardýrið Húgó **10.44** Skoppa og Skrítla **10.56** Tommi og Jenni **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías**13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Skógardýrið Húgó **14.44** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **14.56** Tommi og Jenni **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Hvellur **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Skógardýrið Húgó **18.44** Skoppa og Skrítla **18.56** Tommi og Jenni **19.00** Ævintýraeyja Ibba **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.30** Strákarnir
**18.55** Friends
**19.15** Little Britain
**19.45** Modern Family
**20.10** Two and a Half Men
**20.35** Go On
**21.00** The Mentalist
**21.40** E.R.
**22.25** Boss
**23.25** A Touch of Frost
**01.05** Go On
**01.30** The Mentalist
**02.10** E.R.
**02.55** Boss

## BÍÓSTÖÐIN

**12.50** Tenure
**14.20** Journey 2. The Mysterious Island
**15.55** Solitary Man
**17.25** Tenure
**18.55** Journey 2. The Mysterious Island
**20.30** Solitary Man
**22.00** A Few Good Men
**00.15** Brake
**01.50** Miss Conception
**03.30** A Few Good Men

## RÚV

**15.05** Ástareldur
**15.55** Evrópumótið í hópfimleikum
**17.35** Friðþjófur forvitni
**17.43** Vasaljós
**18.10** Táknmálsfréttir
**18.20** 18. öldin með Pétri Gunnarssyni
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Evrópumótið í hópfimleikum *(Forkeppni kvenna)* Bein útsending frá forkeppni í kvennaflokki á Evrópumótinu í hópfimleikum sem fram fer í Laugardalshöll.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Glæpahneigð barna
**23.10** Hraunið
**00.00** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.40** Pepsi MAX tónlist
**12.00** Árshátíðarsjónvarp Skólafélags MR
**14.45** The Voice
**16.15** The Biggest Loser
**17.00** The Biggest Loser
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Parks & Recreation
**20.15** Minute to Win It Ísland Minute To Win It Ísland hefur göngu sína á SkjáEinum! Í þáttunum keppist fólk við að leysa tíu þrautir en fær eingöngu eina mínútu til að leysa hverja þraut. Ingó Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó veðurguð, stýrir þáttunum af mikilli leikni og hvetur af krafti alla keppendur að klifra upp þrautastigann þar sem verðlaunin verða glæsilegri og veglegri með hverri sigraðri þraut.
**21.15** Growing Up Fisher
**21.40** Extan
**22.25** Scandal.
**23.10** The Tonight Show
**23.50** Unforgettable
**00.35** Remedy
**01.20** Scandal
**02.05** The Tonight Show
**02.50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.20** PGA Tour 2014
**11.20** Golfing World 2014
**12.10** European Tour 2014
**17.10** PGA Tour 2014 - Highlight
**18.05** Inside The PGA Tour 2014
**18.30** Golfing World 2014
**19.20** PGA Tour Latinoamerica
**19.45** Inside The PGA Tour 2014
**20.10** Golfing World 2014
**21.00** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



# Við styrkjum Bleiku slaufuna

## Viðskiptavinum Orkunnar býðst að styrkja **Bleiku slaufuna** með hverjum keyptum lítra.

Þú getur sótt um sérstakan **Orkulykil Bleiku slaufunnar** eða breytt núverandi lykli þínum þannig að þú styrkir **Bleiku slaufuna** með hverjum keyptum lítra af eldsneyti á Orkunni og Shell allt árið um kring.




**Sjá www.orkan.is/Bleika-slaufan**

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Nokkur þeirra sem styrkja Bleiku slaufuna allt árið um kring með Orkulyklinum.



## FIMMTUDAGSLAGIÐ



**„Venus Illegitima með Svartadauða og Old Snow með Oyama. Hlakka til að fara á tónleika á morgun með Svarta og plata Oyama er alveg að koma út.“**

Pétur Ben, tónlistarmaður

# Íslendingar í næturstrætó í London

Sesselía Ólafs svaraði auglýsingu á netinu og fékk hlutverk í Night Bus sem er ný mynd eftir Simon Baker.

Leikkonan Sesselía Ólafs leikur farþega í næturstrætó í Night Bus, nýjustu kvikmynd leikstjórans Simons Baker, sem frumsýnd var á London Film Festival síðastliðinn sunnudag.

Sjálf hefur Sesselía búið og starfað í London um sex ára skeið og oft tekið sér far með næturstrætó. „Ég leik farþega eins og allir hinir, enda fjallar myndin bara um farþega í strætisvagninum. Alls konar fólk, sumir eru friðsamir elskendur, aðrir vilja stofna til áfloga og allt þar á milli. Rétt eins og í veruleikanum.“

Sesselía svaraði auglýsingu á netsíðu fyrir leikara þar sem hlutverkunum var lýst og var ráðin. Hún segir ekkert aðalhlutverk í myndinni, og hún sé meðal hátt í fimmtíu leikara sem hver komi fram í um fjórar mínútur. „Kvikmyndin byggist á spuna, sem er frekar óvenjulegt. Baker leist vel á hugmyndir mínar en ég leik konu sem talar í farsíma við kærasta sinn á Íslandi,“ segir Sesselía og bætir við að myndin hafi fengið góða dóma.

> ➜ Baker leist vel á hugmyndir mínar en ég leik konu sem talar í farsíma við kærasta sinn á Íslandi.

Hún er ekki eini Íslendingurinn í næturstrætó Bakers. Þegar tökur voru hafnar kom í ljós að leikstjórann vantaði fleiri leikara og þá hóaði hún í kunningja sinn, Harald Ágústsson, sem mætti til leiks. **- vþj**



**FARPEGINN** Sesselía Ólafs í næturstrætó.








**VILL HJÁLPA KRISTI** Kolfinna bindur miklar vonir við heilunina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eftir röð áfalla fer Kristur til fjarheilara

Kolfinna Nikulásdóttir, rappari í Reykjavíkurdætrum, er eigandi kattarins Krists. Hann þjáist af áfallastreituröskun og er á leiðinni í meðferð hjá kattarheilara.

„Þetta er svolítið eins og píslarganga Krists, þessi veikindasaga hans,“ segir Kolfinna Nikulásdóttir, ein af Reykjavíkurdætrum, sem er eigandi kattarins Krists, en hann þjáist af áfallastreituröskun á háu stigi.

„Ég held að fyrsta áfallið hans hafi verið þegar hann fæddist, en það voru átta aðrir kettlingar í gotinu, sem er mjög mikið,“ segir Kolfinna og bætir við að hann hafi einnig verið lengi hjá móður sinni og þess vegna hafi það verið annað áfall fyrir hann þegar hann var tekinn frá henni. Síðan þá hefur sjúkrasaga Krists bara lengst.

„Hann hefur oft verið lagður inn á dýraspítala vegna líkamlegra og andlegra áfalla. Nú síðast var það vegna sára á hálsi sem hann fékk, en hann er smá vandræðaunglingur núna,“ segir Kolfinna.

Við þessi áföll segir hún að Kristur sé lengi að jafna sig og sé hræddur. Kolfinna segist hafa reynt allt til þess að hjálpa honum, en ekkert virkað. „Ég vildi leita í annað en þessar hefðbundnu vestrænu aðferðir, svo ég fann kattaheilara, hún heitir Natasha og býr í Danmörku og stundar svokallaða fjarheilun,“ segir Kolfinna.

„Ég er búin að panta tíma fyrir hann 30. október. Þá hef ég hann inni allan daginn og býð heim til mín andlega tengdu fólki til að vera með okkur. Kristur verður svo lagður í bæli og við sitjum hjá honum,“ segir Kolfinna. Á sama tíma verður heilarinn í Danmörku og sendir heilunarorkuna til hans. „Þetta á að græða öll hans andlegu sár, en það fer allt eftir því hvort líkami hans hafnar þessu eða ekki,“ segir hún. Kolfinna segist hafa heyrt margar góðar reynslusögur af meðferðinni, en hún segir að hún sé þekkt í Evrópu. „Við erum bara svo aftarlega í öllum svona málum hérna á Íslandi,“ segir Kolfinna.

> **Ég er búin að panta tíma fyrir hann 30. október. Þá hef ég hann inni allan daginn og býð heim til mín andlega tengdu fólki til að vera með okkur.**

Ef meðferðin ber einhvern árangur hyggst Kolfinna safna fyrir ferð fyrir sig og Krist til Danmerkur. „Natasha getur líka talað við dýrin og ef þetta gengur vel förum við til hennar. Þetta verður hans andlega ferðalag.“

adda@frettabladid.is






# Níu ára metnaðarfullir ritstjórar

Vinkonunum Dagnýju og Heiðu leiddist svo að þær ákváðu að gefa út tímarit.

Vinkonurnar Dagný Rós Hlynsdóttir og Heiða Rachel Wilkins eru níu ára metnaðarfullar stelpur í 4. bekk í Seljaskóla. Þær tóku sig til og gáfu út tímarit á dögunum, sem þær seldu í hverfinu til styrktar góðu málefni. Fyrsta tölublaðið sló svo í gegn að nú er annað tölublað á leiðinni.

„Við vorum bara úti í bílskúr heima hjá Heiðu, við máttum það alveg, og við fundum ekkert að gera. Svo stakk Heiða upp á að við myndum gera svona blað, alveg eins og mamma hennar hafði gert þegar hún var lítil,“ segir Dagný um það hvernig hugmyndin af blaðinu kviknaði.

Blaðið þeirra fékk nafnið Ský og verður um tíu blaðsíður. „Við vorum að reyna að finna nafn á blaðið og fengum svo hugmyndina af því að blað mömmu Heiðu hét Dropar. Við ætluðum fyrst að láta það heita Sól eða eitthvað þannig, en ákváðum svo Ský,“ segir Dagný.

Tímaritið þeirra er uppfullt af skemmtilegu efni eins og orðasúpum, krossgátum, bröndurum og myndum sem þær teikna og er hægt að lita.

„Svo sögðum við eigum við ekki að taka viðtal við einhvern, er ekki alltaf þannig í svona blöðum? Þannig að við tókum viðtal við bróður minn,“ segir hún.

Blaðið ætla þær að selja í hverfinu sínu á næstu dögum og rennur allur ágóði af sölunni til Rauða krossins, en þær velja nýtt góðgerðarmál til að styrkja í hverju blaði. Blaðið mun kosta 250 krónur. „Það kostaði 150 krónur áður en svo sögðu allir að það væri svo flott að það ætti að kosta meira. Þá safnast líka meiri peningur.“ **-asi**



**STOLTAR STELPUR** Þær Heiða Rachel Wilkins og Dagný Rós Hlynsdóttir með tímaritið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




KRINGLUKAST

# 20%-50% afsláttur

af völdum vörum í verslun okkar í kringlunni

ZO•ON
ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sannkölluð leikhúsfjölskylda

Líklega er fjölskylda þeirra Vals Freys Einarssonar leikara og **Ilmar Stefánsdóttur** leikmyndahönnuðar ein mesta leikhúsfjölskylda landsins um þessar mundir. Fjölskyldan starfar nánast öll í Borgarleikhúsinu; Valur leikur í Línu Langsokk, Ilmur er listrænn ráðunautur hússins auk þess sem þrjú börn þeirra vinna í leikhúsinu. Gríma dóttir þeirra leikur í Línu Langsokk, Grettir sonur þeirra í Billy Elliot og Ísak sonur þeirra starfar í forsal leikhússins. - vh



### Leikur Ástu Sóllilju

Fyrsti samlestur á Sjálfstæðu fólki – hetjusögu var í fyrradag. **Elma Stefanía Ágústsdóttir** mun leika Ástu Sóllilju í uppfærslunni. „Það er frábært að fá að túlka Ástu Sóllilju, manni þykir svo vænt um hana,“ segir Elma og að mjög mikil spenna ríki í leikhópnum og tilhlökkun. „Það er rosalega gaman að takast á við þessa stóru sögu, sem á ekki bara stóra bókmenntalega sögu heldur hefur verið svo stór hluti af íslensku þjóðinni í mörg ár.“ Atli Rafn Sigurðarson leikur Bjart og meðal annarra leikara eru Arnar Jónsson, Guðrún Gísladóttir, Baldur Trausti Hreinsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir. - ebg



## Mest lesið Vísir

1. Biðja fyrir eyddum fóstrum við Kvennadeild Landspítalans
2. Yfirgengileg túristamynd vekur athygli
3. „Ef þú borgar ekki sektina vona ég innilega að þú komir aldrei aftur til landsins“
4. Ísland fyrirheitna land múslima
5. „Bílbeltin björguðu lífi okkar“





